

# AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2025-2045

## Greinargerð

Sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana

**28.11.2025** Breytt eftir auglýsingu 16.03.2026 og 11.05.2026

NORÐURÞING



Skipulagsráðgjöf EFLA ehf.
Verkefnisstjóri: Hrafnhildur Brynjólfsdóttir
Aðrir ráðgjafar hjá EFLU: Ingibjörg Björt Sól Sveinsdóttir,
Sigmar Metúsalemsson, Guðrún Anna Lúðvíksdóttir,
Anna Bragadóttir, Ásgeir Jónsson
Ljósmyndir: Norðurþing
Skjalnúmer Efla: 102345-ASK-001-V13

**Norðurþing**
Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 adalskipulag@nordurthing.is

**Samþykktir**

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann 25. mars 2026

_________________________________________________________

Aðalskipulagið var staðfest af Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun þann ________

_________________________________________________________

_________________________________________________________

SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing var auglýst frá: 31. ágúst með athugasemdafresti til 28. september 2023.

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá: 9. desember 2024 til 9. febrúar 2025.

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá: 22. desember 2025 með athugasemdafresti til 09. febrúar 2026.

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: ______________

# EFNISYFIRLIT


1 INNGANGUR 6
1.1 Skipulagssvæðið 7
1.2 Skipulagsgögn 7
1.3 Skipulagsferli og samráð 9
2 FRAMTÍÐARSÝN – GOTT SAMFÉLAG 12
3 GOTT SAMFÉLAG 13
3.1 Íbúar 13
3.2 Byggðamynstur og íbúðir 14
3.3 Samfélag 17
3.4 Lýðheilsa 19
3.5 Frístundabyggð 22
3.6 Skipulagsrammi fyrir miðbæ Húsavíkur 23
4 KRÖFTUGT ATVINNULÍF 32
4.1 Atvinnulíf 32
4.2 Ferðaþjónusta 34
4.3 Landbúnaður og óbyggð svæði 36
4.4 Skógrækt og landgræðsla 38
5 GÓÐ GRUNNKERFI 41
5.1 Samgöngur 41
5.2 Veitur 44
6 UMHVERFI 48
6.1 Loftslag 48
6.2 Verndun 49
6.3 Náttúruvá 55
6.4 Orka 60
6.5 Jarðefni 63
6.6 Úrgangur 63
6.7 Landslag og náttúrufar 65
6.8 Vatn 66
6.9 Strönd, vötn, sjór og ár 67
7 LANDNOTKUN OG SKILMÁLAR 69
7.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði AF 70
7.2 Athafnasvæði AT 72
7.3 Efnistöku og efnislosunarsvæði E 75
7.4 Frístundabyggð F 78
7.5 Hafnarsvæði H 80
7.6 Iðnaðarsvæði I 82
7.7 Íbúðarbyggð ÍB 86
7.8 Íþróttasvæði ÍÞ 92
7.9 Kirkugarðar og grafreitir K 95
7.10 Landbúnaðarsvæði L 95
7.11 Miðsvæði M 99
7.12 Opin svæði OP 100
7.13 Óbyggð svæði ÓB 103
7.14 Samfélagsþjónusta S 104
7.15 Sérstök not haf- og vatnssvæða SN 106
7.16 Skógræktar og landgræðslusvæði SL 107
7.17 Strandsvæði ST 111
7.18 Vegir, götur, stígar VE. Flugvöllur FV. Jarðgöng GO 111
7.19 Verslun og þjónusta VÞ 116
7.20 Þéttbýlismörk 119
7.21 Veitur VH 119
7.22 Vötn, ár og sjór V 123
8 TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN 126
8.1 Friðlýst svæði FS 126
8.2 Hindranafletir flugvalla HF 127
8.3 Hverfisvernd HV 128
8.4 Minjavernd MV 134

**8.5 .......Náttúruvá NV** ____ **134**
**8.6 .......Varúðarsvæði VA** ____ **135**
**8.7 .......Vatnsból VB og vatnsvernd VG og VF** ____ **136**
**8.8 .......Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó VS** ____ **138**
**8.9 .......Önnur náttúruvernd ÖN** ____ **139**
**9 NIÐURSTAÐA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM** ____ **140**
**9.1 .......Forsendur** ____ **140**
**9.2 .......Nálgun og tengsl við aðrar áætlanir** ____ **140**
**9.3 .......Niðurstaða matsvinnu** ____ **140**
**10 BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU** ____ **144**
**11 VIÐAUKI – TAKMARKANIR VEGNA VINDORKU** ____ **146**

## TÖFLUSKRÁ

**TAFLA 1**. Fjöldi íbúa 1. janúar 2024. ____ 15
**TAFLA 2**. Mat á heildaráhrifum stefnu aðalskipulagsins á umhverfisþætti. ____ 141
**TAFLA 3**. Samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu aðalskipulags sem var tekin til mats. ____ 141

## MYNDASKRÁ

**MYND 1.** Norðurþing og aðliggjandi sveitarfélög. ____ 7
**MYND 2**. Sveitarfélagsuppdrættir eru þrír. ____ 8
**MYND 3.** Tímalína endurskoðunar aðalskipulags. ____ 10
**MYND 4.** Fjöldi íbúa 2010-2024 skv. Hagstofunni og íbúaspá til ársins 2045. ____ 13
**MYND 5**. Svæði í Norðurþingi ____ 14
**MYND 6.** Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðunar ____ 20
**MYND 7**. Skipulagsramminn á við miðbæ Húsavíkur. ____ 23
**MYND 8**. Byggingar á Húsavík. ____ 24
**MYND 9.** Svæði á Húsavík sem áhersluverkefni skulu ná yfir. ____ 30
**MYND 10**. Flokkun landbúnaðarlands í Norðurþingi. Grænu svæðin eru besta ræktunarlandið í flokki I og II, gulir og brúnir flákar eru lakara ræktunarland. Sjá greinargerð um flokkun landbúnaðarlands og stærri uppdrátt þar. ____ 36
**MYND 11.** Hugmyndafræði um 20 mínútna bæinn. ____ 42
**MYND 12**. Verndarsvæði í Norðurþingi. ____ 51
**MYND 13**. Vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, ásamt mikilvægum fuglasvæðum. ____ 52
**MYND 14**. Jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. ____ 52
**MYND 15**. Gróf kortlagning misgengja og sprungna í Norðurþingi, úr kortasjá Landmælinga Íslands (nú Náttúrufræðistofnun), sem sýnir upplýsingar af kortum Náttúrufræðistofnunar í mælikvarðanum 1:600.000. ____ 56
**MYND 16.** Gróf kortlagning fyrir sprungur á Kópaskeri ____ 56
**MYND 17.** Yfirlit yfir jarðfræðileg ferli á Húsavík sem sýnir Húsavíkurmisgengið, virk landmótunarferli, hrun og skriðusvæði og fleira. ____ 57
**MYND 18.** Möguleg útbreiðsla sjávarflóðs sem hefur 200 ára endurkomutíma (0,5% árslíkur) árið 2150 miðað við sviðsmynd SSP5-8.5LC (skýrsla VÍ 2025-012). ____ 58
**MYND 19**. Svæði þar sem eru takmarkanir á nýtingu vindorku. ____ 62

# 1 INNGANGUR

Norðurþing setur hér fram endurskoðað aðalskipulag sem nær yfir allt land innan sveitarfélagsins. Aðalskipulag er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu og er stefnan unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Horft er til þess að nýtt aðalskipulag verði til 20 ára og nefnist það Aðalskipulag Norðurþings 2025-2045.

Aðalskipulagi er skv. skipulagsreglugerð ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna íbúa og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum. Aðalskipulag skal marka stefnu til a.m.k. 12 ára.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Sveitarstjóri, skipulagsfulltrúi, skipulagsnefnd og skipulagsráðgjafar koma með beinum hætti að aðalskipulagsvinnunni en skipulagið skal unnið í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Sveitarstjórn og skipulagsnefnd afgreiða skipulagið formlega og nefndir og starfsfólk sveitarfélagsins koma að vinnunni eftir því sem við á.

Sveitarfélagið skipaði vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulagsins. Í honum eru Kristinn Jóhann Lund, Eysteinn Heiðar Kristjánsson og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir ásamt starfsmönnum skipulags- og framkvæmdasviðs þeim Gauki Hjartarsyni skipulagsfulltrúa, Ragnheiði Ingibjörgu Einarsdóttur og Sigurdísi Sveinbjörnsdóttur. Hjálmar Bogi Hafliðason kom inn í vinnuhópinn undir lok vinnunnar. Ráðgjafi við skipulagsvinnuna er EFLA.

Frá gildistöku Aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 hafa ýmsar forsendur breyst og nýjar áskoranir komið í ljós, t.a.m. landsskipulagsstefna, stefnumörkun í loftslagsmálum og ný skipulagsreglugerð, auk þess sem þegar hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á aðalskipulaginu sem fella þarf inn í nýtt heildstætt aðalskipulag. Það er því orðið mikilvægt að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins í heild sinni. Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum þann 18. ágúst 2022 að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Gert er ráð fyrir að vinnuferlið við heildarendurskoðun aðalskipulagsins spanni rúm tvö ár. Skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun þess var fyrsta formlega skrefið við endurskoðunina en hún var til kynningar sumarið 2023. Vinnslutillaga aðalskipulags var kynnt frá desember 2024 til febrúar 2025. Aðalskipulagstillaga var auglýst frá desember 2025 til febrúar 2026.



## 1.1 Skipulagssvæðið

Endurskoðað aðalskipulag nær yfir allt land innan sveitarfélagsins Norðurþings. Skipulagsmörk miða við sveitarfélagamörk á landi og 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð á sjó í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum og jarðalögum. Flatarmál sveitarfélagsins á landi er 3.732 $km^2$.




**MYND 1.** Norðurþing og aðliggjandi sveitarfélög.

Sveitarfélagamörk Norðurþings eru sýnd á uppdráttum skv. IS50v gögnum frá Náttúrufræðistofnun. Gögnin voru sótt á vef stofnunarinnar 26. júní 2025. Sveitarstjórn telur að sveitarfélagamörk séu ekki í öllum tilfellum rétt.

## 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Greinargerð með forsendum, stefnu og landnotkunarskilmálum.
- Umhverfismatsskýrsla.
- Skipulagsuppdráttur fyrir dreifbýli 1:65.000, þrír uppdrættir.
- Skipulagsuppdráttur fyrir þéttbýli á Húsavík 1:10.000.
- Skipulagsuppdráttur fyrir þéttbýli á Kópaskeri 1:10.000.
- Skipulagsuppdráttur fyrir þéttbýli á Raufarhöfn 1:10.000.

Vegna stærðar sveitarfélagsins þá er skipulagsuppdrætti fyrir dreifbýlið skipt í þrennt eins og sýnt er á mynd 2.

Skýringaruppdrættir í viðauka:

- Takmarkanir vegna vindorku.

Fylgirit aðalskipulagsins eru þessi:

- Greinargerð um flokkun vega í náttúru Íslands ásamt uppdrætti.
- Greinargerð um flokkun landbúnaðarlands ásamt uppdrætti.




**MYND 2**. Sveitarfélagsuppdrættir eru þrír.

Greinargerð hefst á inngangi þar sem sagt er frá skipulagssvæðinu, tilefni endurskoðunar aðalskipulagsins, samráði og tímalínu verkefnisins. Í öðrum kafla er framtíðarsýn Norðurþings og henni er fylgt eftir með fjórum köflum með umfjöllun um stefnu sveitarfélagsins í eftirfarandi málaflokkum:

- Gott samfélag
- Kröftugt atvinnulíf
- Góð grunnkerfi
- Umhverfi

Í kafla 7 eru almennir skilmálar fyrir hvern landnotkunarflokk og sértækir skilmálar fyrir hvern landnotkunarreit. Í kafla 8 er fjallað um takmarkanir á landnotkun. Í kafla 9 er greint frá niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum.

Nýtt aðalskipulag er stafrænt, unnið í landupplýsingakerfi í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um stafrænt aðalskipulag. Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna frá Náttúrufræðistofnun (IS50v), auk þess sem stuðst er við loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Almennt er landnotkun afmörkuð með flákum en þar sem ekki er öðru við komið er landnotkun á svæðum undir 3 ha sýnd með punkti í stað fláka.

Takmarkanir á landnotkun eru sýndar með strikum ofan á litafleti sem tákna stefnu um landnotkun. Upplýsingar um svæði undir náttúruvá, friðlýst svæði, minjavernd, vatnsvernd o.fl. geta breyst á skipulagstímanum án þess að aðalskipulagið sé uppfært, og því er rétt að leita ævinlega uppfærðra upplýsinga eftir því sem við á.

Á skipulagsuppdráttum er landnotkun og takmarkanir auðkenndar með bókstöfum fyrir hvern landnotkunarflokk og númerum eftir meðfylgjandi kerfi. Þannig er íbúðasvæði á Kópaskeri með auðkennið ÍB501 en lítil efnisnáma í dreifbýli með auðkennið E201. Númerin og skilmálar eru í köflum 7 og 8 í greinargerð, á skipulagsuppdrætti og í stafrænum gögnum.

| SVÆÐI | FLÁKAR | PUNKTAR |
|---|---|---|
| Dreifbýli | 1-199 | 201-399 |
| Húsavík | 401-449 | 450-499 |
| Kópasker | 501-549 | 550-599 |
| Raufarhöfn | 601-649 | 650-699 |

## 1.3 Skipulagsferli og samráð

Ferli endurskoðunar aðalskipulagsins hófst á því að skipulagslýsing var kynnt 30. ágúst til 28. september 2023. Kynningarfundir voru haldnir á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Skipulagslýsingin var kynnt á skipulagsgatt.is og þar var tekið við umsögnum og ábendingum sem hafðar voru til hliðsjónar við mótun vinnslutillögu skipulagsins. Er öllum þeim sem sendu inn umsagnir og ábendingar þakkað fyrir þeirra framlag.

Á meðan unnið var að skipulagslýsingunni var nefndum og ráðum Norðurþings boðið að eiga samtal um endurskoðunina og áður en skipulagslýsingin fór í kynningu hafði það samtal átt sér stað við skipulagsráð, fjölskylduráð, hafnarstjórn, hitaveitu Öxarfjarðar, Orkuveitu Húsavíkur og hverfisráð Öxarfjarðar og Raufarhafnar. Fleiri samtöl um áherslur við endurskoðunina hafa átt sér stað meðan unnið var að tillögunni m.a. við fulltrúa Vegagerðarinnar, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar/-Náttúruverndarstofnunar, Landsnets, Samút, Landsvirkjunar og Veðurstofunnar.

Meðfram kynningu skipulagslýsingar var settur í loftið verkefnavefur aðalskipulagsins á heimasíðu Norðurþings. Þar var kortavefsjá með vinnueintaki af skipulagsuppdrætti, kortlagningu á flokkun landbúnaðarlands og vegum í náttúru Íslands, sem unnið var í á vinnslutíma skipulagsins.

Vinnslutillaga skipulagsins var kynnt frá 9. desember 2024 til 9. febrúar 2025. Vinnslutillagan var kynnt á íbúafundum á Húsavík, Raufarhöfn og Kópaskeri auk þess sem hún var send til umsagnaraðila skv. lista sem er aftast í þessum kafla. Allir gátu komið með ábendingar eða athugasemdir við vinnslutillöguna.

Þann 11. september 2025, á fundi nr. 156 samþykkti sveitarstjórn að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Norðurþings 2025-2045, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, að undangenginni athugun Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun yfirfór skipulagstillögu fyrir auglýsingu. Fyrir liggur samantekt ábendinga ásamt viðbrögðum og svörum við þeim. Eftir atvikum voru gerðar umbætur á aðalskipulagstillögunni í samræmi við athugun stofnunarinnar. M.a. var hámarks framleiðslumagni bætt við skilmála um núverandi og fyrirhugað fiskeldi, og bætt var við í skilmála fyrir I6 og I8 að ef svæðin verði sett í orkunýtingarflokk í rammaáætlun þá taki sveitarstjórn ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi eða ákvörðun um frestun breytingar, auk minni lagfæringa á stafrænum gögnum. Þá var settur inn valkostur um hitaveitulögn frá Þeistareykjum til Bakka, og áfram til Húsavíkur, stækkun á iðnaðarsvæði við Haukamýri I405 og mörk hverfisverndarsvæða við árfarvegi, strönd og vötn yfirfarin í ljósi náttúrulegra breytinga þar.

Nýtt aðalskipulag er auglýst í lok árs 2025 og verður staðfest sumarið 2026.




**MYND 3.** Tímalína endurskoðunar aðalskipulags.

Á auglýsingatíma aðalskipulagstillögu gátu allir komið með ábendingar eða athugasemdir við skipulagstillöguna og að auki var tillagan send til umsagnaraðila. Að loknum auglýsingatíma var unnið úr umsögnum og ábendingum sem bárust við auglýsta skipulagstillögu og þau sem komu með umsagnir eða ábendingar fengu senda umsögn sveitarstjórnar um þær. Samantekt um helstu breytingar að lokinni auglýsingu eru í kafla 10.

Síðasta skrefið í endurskoðuninni er staðfesting tillögu eftir auglýsingu, þar sem endurskoðað aðalskipulag er samþykkt í sveitarstjórn og aðalskipulagið sent til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar sem staðfestir skipulagið með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## Umsagnaraðilar

Við endurskoðun aðalskipulagsins var haft samráð við eftirtalda aðila, ýmist með ósk um umsögn við skipulagslýsingu, vinnslutillögu eða tillögu til auglýsingar, eða með kynningar og samráðsfundum.

### Aðilar á landsvísu:

- Byggðastofnun
- Bændasamtök Íslands
- Ferðafélag Íslands
- Ferðafélagið Útivist
- Ferðamálastofa
- Fiskistofa
- Fjarskiptastofnun
- Forsætisráðuneytið
- Hafrannsóknastofnun
- Innviðaráðuneytið
- ISAVIA
- Land og skógur
- Landsnet
- Landsvirkjun
- Landvernd
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og Orkustofnun
- Rarik
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samgöngustofa
- Samtök atvinnulífsins

- Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu
- Samtök iðnaðarins
- Samtök orku- og veitufyrirtækja
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök útivistarfélaga - SAMÚT
- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
- Náttúruverndarstofnun
- Veðurstofan
- Vegagerðin
- Æðarræktarfélag Íslands

**Aðilar á svæðinu:**

- Aðliggjandi sveitarfélög:
    - Tjörneshreppur
    - Þingeyjarsveit
    - Múlaþing
    - Vopnafjarðarhreppur
    - Langanesbyggð
- Búnaðarsamband Norðurlands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra
- Markaðsstofa Norðurlands
- Minjavörður Norðurlands
- Náttúrustofa Norðausturlands
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
- Norðurhjari ferðaþjónustusamtök
- Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Svæðisskipulagsnefnd háhitasvæða í Þingeyjarsýslum

**Aðilar í sveitarfélaginu:**

- Almannavarnanefnd
- Björgunarsveitin Garðar
- Framhaldsskólinn á Húsavík
- Héraðssamband Þingeyinga
    - Íþróttafélagið Völsungur
    - Golfklúbbur Húsavíkur
    - Golfklúbburinn Gljúfri
    - Golfklúbburinn Lundur
    - Hestamannafélagið Feykir
    - Hestamannafélagið Grani
    - Skotfélag Húsavíkur
    - Skákfélagið Goðinn
- Lögreglan
- Nefndir sveitarfélagsins
- Skógræktarfélag Húsavíkur
- Ferðafélag Húsavíkur
- Slökkvilið Norðurþings

# 2 FRAMTÍÐARSÝN – GOTT SAMFÉLAG

Við stefnumörkun í aðalskipulaginu er unnið með eftirfarandi leiðarljós:

- Í Norðurþingi eru staðir með sterkt aðdráttarafl til búsetu, afþreyingar og ferðalaga. Þar er traust og góð afkoma, auðugt mannlíf og umhverfi sem veitir vellíðan og fyllir íbúa stolti.
- Í Norðurþingi er stuðlað að hagkvæmri þróun byggðar, m.a. með því að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða, jafnt í þéttbýli og dreifbýli og skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf.
- Öll starfsemi Norðurþings er byggð á sjónarmiðum um manngildi, lýðræði og sjálfbæra þróun. Það innifelur virðingu fyrir fólki og viðleitni til að skapa umhverfi og aðstæður þar sem hver einstaklingur fær að þroska sig og njóta sín. Það innifelur einnig virðingu fyrir náttúrunni og nýtingu auðlinda án þess að skerða hag kynslóða framtíðarinnar.

Byggt á þessari framtíðarsýn eru einkunnarorð Norðurþings: **Gott samfélag**.



# 3 GOTT SAMFÉLAG

## 3.1 Íbúar

### Forsendur

Í byrjun árs 2024 voru íbúar í Norðurþingi 3.081. Í húsnæðisáætlun Norðurþings 2024 er sett fram mannfjöldaspá fyrir sveitarfélagið til ársins 2033. Þar er gert ráð fyrir stöðugri fjölgun í sveitarfélaginu á næstu árum og sett fram lágspá sem gerir ráð fyrir um 0,6% fjölgun íbúa á ári, miðspá með um 1,4-1,6% fjölgun og háspá með fjölgun um 1,8-2,2%. Spá húsnæðisáætlunarinnar nær til ársins 2033 og er gert ráð fyrir að fjöldi íbúa þá verði á bilinu 3.490-4.570. Mynd 4 sýnir mannfjöldaþróun frá 2010-2024, spá til 2033 og framlengda spá til 2045 í samræmi við forsendur húsnæðisáætlunarinnar.

Í húsnæðisáætlun Norðurþings 2024 er gert ráð fyrir að uppbygging grænna iðngarða á Bakka, sem og annarrar atvinnustarfsemi, feli í sér að íbúafjöldi Húsavíkur geti vaxið ansi hratt á stuttum tíma vegna nýrra starfa á svæðinu. Á síðustu árum hafa ýmis fyrirtæki sýnt áhuga á uppbyggingu í Norðurþingi t.a.m. tengt fiskeldi á Kópaskeri, í Öxarfirði og í Kelduhverfi, sem styrkir þessa hluta sveitarfélagsins mikið. Við þetta má bæta að áfram má búast við vexti í ferðaþjónustu bæði í dreifbýli og þéttbýli og að fólk geti sinnt fjölbreyttum störfum án fastrar staðsetningar, sem getur aukið möguleika fólks til að búa í dreifbýli.

Nái áætluð fjölgun fram að ganga getur íbúafjöldi árið 2045 orðið skv. háspá um 4.570 íbúar, skv. miðspá um 4.130 íbúar og skv. lágspá um 3.490 íbúar.




**MYND 4.** Fjöldi íbúa 2010-2024 skv. Hagstofunni og íbúaspá til ársins 2045. Eftir 2033 er reiknað með fjölgun íbúa um 0,59% m.v. lágspá, 1,37% m.v. miðspá og 1,83% m.v. háspá.

### Stefna

Skipulag skapi góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma.

Fjölbreyttir búsetukostir verði í boði í sveitarfélaginu bæði í þéttbýli og dreifbýli, fyrir nýja og núverandi íbúa. Tryggt verði fjölbreytt framboð húsnæðiskosta sem henta mismunandi þjóðfélagshópum, fjölskyldumynstri og aldursskeiðum. Stuðlað skal að félagslegri blöndun íbúa og uppbyggingu leigumarkaðar.

Á hverjum tíma skal framboð lóða vera í samræmi við markmið um íbúðauppbyggingu eftir búsetuformum, sem sett eru fram í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.

*Útfærsla í aðalskipulagi:*

- Svæði fyrir nýja íbúðarbyggð eru afmörkuð í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins og í afmarkaðri íbúðarbyggð í dreifbýli. Stærð íbúðarbyggðar og heimildir fyrir íbúðir miða við að hægt sé að mæta fjölgun íbúa skv. húsnæðisáætlun.
- Til að framfylgja stefnu um uppbyggingu húsnæðis hyggst sveitarfélagið leita samvinnu við traust óhagnaðardrifin búsetu- og leigufélög um uppbyggingu til að auka framboð húsnæðis fyrir alla þjóðfélagshópa.

## 3.2 Byggðamynstur og íbúðir

### Forsendur

Norðurþing er landmikið sveitarfélag, byggðin er dreifð og fjarlægðir eru miklar. Sveitarfélagið varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga; Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Þéttbýliskjarnar í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Dreifbýlissvæðin eru í daglegu tali nefnd Reykjahverfi, Kelduhverfi, Öxarfjörður, Núpasveit, Slétta og Hólsfjöll (mynd 5).

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið mið af íbúaspá til að meta þörf fyrir íbúðarhúsnæði og uppbyggingu grunnþjónustu á skipulagstímanum. Gangi spá húsnæðisáætlunar eftir er þörf á 182-660 nýjum íbúðum á skipulagstímanum (tafla 1). Uppsöfnuð þörf fyrir íbúðir er heldur meiri skv. húsnæðisáætlun.

Undanfarin ár hefur megin íbúafjölgunin verið á Húsavík og er búist við að svo verði áfram. Skortur er á húsnæði, sérstaklega á Húsavík og Kópaskeri, og það hamlar öllum greinum þegar ekki er húsnæði fyrir fólk sem vill koma og vinna og dvelja.




**MYND 5**. Svæði í Norðurþingi (kort úr Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030).

Sveitarfélagið hefur hingað til annað þeirri eftirspurn eftir íbúðarlóðum sem hefur verið til staðar. Í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins hverju sinni eru sett markmið varðandi íbúðauppbyggingu eftir búsetuformum. Mest

hefur verið sótt í parhús/raðhús/tvíbýli en minnst eftirspurn er eftir einbýlishúsum. Í kjölfar húsnæðiskönnunar 2017 hefur það verið markmið sveitarfélagsins að útvega lóðir fyrir minni íbúðir, parhús/raðhús/fjölbýli (50-100 fm). Unnið hefur verið í samræmi við þessa stefnu síðustu árin.

Sveitarfélagið vill styðja við uppbyggingu íbúða á viðráðanlegu verði með óhagnaðardrifnum íbúðafélögum og hefur unnið að undirbúningi slíkra verkefna. Framboð á félagslegum íbúðum hefur verið í jafnvægi. Þörf er á fleiri íbúðum til leigu í sveitarfélaginu og áhugi er hjá sveitarfélaginu að fjölga þeim, t.d. í samvinnu við leigufélög.

Sama og ekkert íbúðarhúsnæði er laust í sveitarfélaginu í byrjun árs 2024 en í gildandi aðalskipulagi 2010-2030 er gert ráð fyrir íbúðarsvæðum á þéttbýlisstöðunum sem geta rúmað um 550 íbúðir á Húsavík, 90 á Raufarhöfn og 55 á Kópaskeri.

**TAFLA 1**. Fjöldi íbúa 1. janúar 2024. Áætluð fjölgun íbúa m.v. Húsnæðisáætlun 2024 og þörf fyrir nýjar íbúðir til ársins 2045 m.v. 2,25 íbúa í hverri íbúð.

| | Lágspá | | Miðspá | | Háspá | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÁR | | | | | | |
| 2024 | 3081 | | 3081 | | 3081 | |
| 2045 | 3491 | +182 | 4130 | +466 | 4568 | +660 |

Íbúðarbyggð í skipulagi á Húsavík, Raufarhöfn og Kópaskeri getur mætt þörf fyrir lóðir til uppbyggingar miðað við miðspá og rúmlega það. Á Kópaskeri er gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð norðan við núverandi þéttbýli. Á Raufarhöfn er gert ráð fyrir íbúðarbyggð sunnan við núverandi íbúðarbyggð, í nálægð við grunnskólann.

Á Húsavík er gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð á Skógargerðismel, við Grundargarð og í Reit, auk stækkunar hverfisins á Brekkunum upp Höfðann. Sveitarfélagið vill gera ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð á Húsavík til að vera viðbúið fjölgun íbúa þar umfram miðspá, eða eftir 2045. Er horft til stækkunar íbúðarbyggðar sunnan við byggðina í framhaldi af núverandi byggð, ásamt því að þar verði svæði fyrir verslun og þjónustu. Ferli aðalskipulagsbreytingar fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Aksturslág, suður af núverandi íbúðarbyggð hófst í maí 2024.

Þéttbýlismörk eru skilgreind fyrir þéttbýlisstaðina Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn og eru þau um leið vaxtarmörk byggðarinnar, þannig að gert er ráð fyrir að þéttbýlið sé innan þeirra.

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að íbúum í íbúðarbyggð í þéttbýli og dreifbýli geti fjölgað um u.þ.b. 2000-2200 íbúa með því að gera ráð fyrir rými fyrir um 950-1050 nýjar íbúðir. Mest er fjölgunin áætluð á Húsavík, en í öðrum hlutum sveitarfélagsins er reiknað með hægari fjölgun. Í dreifbýli er gert ráð fyrir fjölgun íbúða á örfáum svæðum fyrir íbúðarbyggð ásamt möguleika á stökum íbúðarhúsum á bújörðum án tengsla við búskap. Engar tölur eru áætlaðar fyrir síðast töldu uppbygginguna. Á Raufarhöfn og Kópaskeri eru svæði fyrir íbúðarbyggð til framtíðar að mestu eins og þau voru í fyrra aðalskipulagi.

Rými fyrir yfir 1000 íbúðir er talsvert umfram áætlaða þörf fyrir íbúðir á skipulagstíma aðalskipulagsins en miðað við miðspá um fólksfjölgun er þörf á 466 nýjum íbúðum á skipulagstímabilinu.

Sveitarfélagið horfir til þess að nýta svæði innan þéttbýlis vel og byggja á auðum svæðum í þegar byggðum hverfum, til að bæta nýtingu innviða, landrýmis og stuðla að félagslegri blöndun. Ekki á að fara í dýra uppbyggingu grunnkerfa fyrir nýja íbúðarbyggð þegar nægt framboð er af byggingarsvæðum innan hverfa þar sem uppbygging er hafin. Til að forgangsraða uppbyggingu á Húsavík þá verður næst byggt á Húsavíkurhöfða og á Reitnum við Ásgarðsveg.

Á þéttbýlisstöðunum er almennt lágreist byggð þar sem einbýlis-, rað- og parhús eru ráðandi húsagerðir, en á Húsavík eru þónokkur fjölbýlishús. Markmið um íbúðaruppbyggingu eftir búsetuformum er sett í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.

Norðurþing vill styðja við búsetu og samfélag í dreifbýli. Þar hefur skv. almennum skilmálum gildandi skipulags um landbúnaðarsvæði verið heimilt að reisa allt að 3 íbúðarhús á hverju lögbýli án tengsla við búskap og 3 frístundahús á hverri jörð, sem nýti eins og kostur er aðkomuleiðir og veitukerfi sem fyrir eru. Áfram er vilji til að halda í þessi viðmið en að auki sé mögulegt að byggja íbúðarhús nálægt bæjartorfum og innviðum á landbúnaðarsvæðum á láglendi, að undangenginni grenndarkynningu eða á grunni deiliskipulags. Alltaf þarf að líta til stefnu og almennra skilmála, m.a. um varðveislu landbúnaðarlands og náttúruríkra svæða. Að öðru leyti er uppbyggingu beint á þéttbýlisstaði í sveitarfélaginu og þá íbúðarbyggð sem er skilgreind í dreifbýli.

Íbúðarhverfið Hrísateigur er í Reykjahverfi og þar eru lausar lóðir til uppbyggingar. Í landi Þverár í Reykjahverfi var gert ráð fyrir 20 lóðum fyrir smábýli með eða án ræktunar en ekki varð af þeirri uppbyggingu á gildistíma eldra aðalskipulags. Þar er áfram stefnt að uppbyggingu og nú á 35-40 lóðum á skilgreindu landbúnaðarsvæði, auk minni íbúðarbyggðar í nágrenninu.

## Stefna

Húsavík er meginkjarni verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu. Þéttbýlismörk draga skýr skil á milli þéttbýlis og dreifbýlis og stuðla að sjálfbærri byggð innan marka þess og varðveislu náttúrusvæða og landbúnaðarlands utan marka. Innan þéttbýlis er aðlaðandi íbúðarbyggð með fjölbreyttum húsagerðum.

Nýta skal land innan þéttbýlis vel og stefna að þéttingu byggðar með byggingu á auðum svæðum í þegar byggðum hverfum sem bæta nýtingu innviða, landrýmis og stuðla að félagslegri blöndun. Horft skal til þess að uppbygging hvers hverfis sé langt komin áður en uppbygging nýs hverfis hefst.

Íbúðabyggð á Húsavík skal almennt vera lágreist 1-3 hæðir. Innan miðsvæðis, íbúðarbyggðar í Reit og á íbúðarbyggð næst Garðarsbraut geta íbúðarhús orðið hærri og þá mest 5 hæðir.

Næstu nýju hverfin sem farið verður í uppbyggingu á Húsavík verða á Húsavíkurhöfða og á Reitnum við Ásgarðsveg en samhliða er unnið að þéttingu innan núverandi byggðar. Skógagerðismelur getur farið í uppbyggingu á skipulagstímanum ef farið verður í undirbúning þar tengt jarðefnavinnslu. Ekki er stefnt að uppbyggingu á íbúðarbyggð við Aksturslág fyrr en Reitur, Húsavíkurhöfði og Hjarðarholt/Stórhóll eru langt komin í uppbyggingu. Við deiliskipulag íbúðarbyggðar skal tryggja framboð á fjölbreyttum húsagerðum og stærðum; einbýli, fjölbýli, raðhús og parhús.

Innan þéttbýlis er lögð áhersla á að sem flest heimili séu í göngufjarlægð frá miðbæ og skólasvæði og að uppbygging göngu og hjólaleiða, blöndun atvinnulífs og íbúðasvæða styrki þéttbýlið, þar með talið á miðsvæðum.

Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með eða án tengsla við landbúnað. Ákvarðanir um ráðstöfun lands til uppbyggingar taki mið af stefnu um varðveislu landbúnaðarlands, verndaðra svæða, líffræðilegs fjölbreytileika og minja.

Virðing fyrir landslagi krefst þess að skipulag taki tillit til útsýnis og sjónása til sjávar, fjalls og kennileita; að mót lands og sjávar verði sem náttúrulegust og byggingar í dreifbýli séu staðsettar þannig að landslag haldist sem upprunalegast.

Forðast skal að raska þeim menningararfi sem felst í menningarminjum og gömlu verðmætu búsetulandslagi. Leitast skal við að vernda gömul hús og gamlar götumyndir. Ný hús í eldri hverfum taki mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er, s.s. hvað varðar hæð húsa, formgerð og staðsetningu í götu.

*Útfærsla í aðalskipulagi:*

- Þéttbýlismörk eru afmörkuð utan um Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn og sýna um leið vaxtarmörk þéttbýlis.
- Í skilmálum fyrir núverandi byggð er gert ráð fyrir svigrúmi til þéttingar byggðar á óbyggðum lóðum innan byggðarinnar, á vannýttum svæðum og eftir atvikum með fjölgun íbúða í núverandi húsnæði.
- Skilmálar um íbúðabyggð miða við að nýta land vel, þétta byggð og að leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur, mannlíf, byggð og bæjarrými, verði haft til hliðsjónar við skipulag og uppbyggingu þéttbýlis.
- Settir eru skilmálar um að íbúðabyggð í dreifbýli og þéttbýli falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og taki mið af sérkennum landslags.
- Við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir skal taka tillit til hljóðvistar, lýsingar og myrkurgæða og fylgja reglugerðum og stöðlum þar að lútandi.
- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði er gert ráð fyrir 3 íbúðarhúsum án tengsla við búskap á lögbýli og 3 frístundahúsum á hverri jörð, en í sérskilmálum fyrir landbúnaðarsvæði L1 og L2 eru rýmri heimildir um byggingu íbúðarhúsa til að styðja við búsetu og samfélag í dreifbýli. Afmarkað er landbúnaðarland í landi Þverár í Reykjahverfi undir lóðir fyrir íbúðarhús með heimildum fyrir minniháttar atvinnustarfsemi tengdri landbúnaði. Afmörkuð eru landbúnaðarsvæði á Hólsfjöllum, þar sem eru bæjartorfur og ræktað land.
- Skilmálar eru settir við landnotkun fyrir mannvirkjagerð að við áætlanagerð skuli skoða fyrirliggjandi upplýsingar um skráðar menningarminjar og eyðibýli og meta áhrif skipulags og framkvæmda á þær minjar. Skráning menningarminja fari fram samhliða deiliskipulagsgerð.
- Tekið er frá byggingarland fyrir vöxt þéttbýla.

## 3.3 Samfélag

**Forsendur**

Spá um íbúafjölgun fylgja áskoranir í uppbyggingu á grunnþjónustu, sérstaklega á Húsavík. Ef íbúum þar fjölgar um 500 þá þarf að bæta í innviði og hafa pláss fyrir nýtt íbúðarhverfi með öllu sem því fylgir. Huga þarf að þjónustu, grunnskóla og leikskóla en fyrirséð er að þörf er fyrir nýjan leikskóla á Húsavík innan 5 ára. Gert er ráð fyrir nýjum leikskóla við hlið

framhaldsskólans. Á Húsavík hefur ungu fólki fjölgað í kjölfar vaxandi atvinnutækifæra og er aldursdreifingin á Húsavík að verða jafnari en annarsstaðar í sveitarfélaginu.

Þrír grunnskólar eru í sveitarfélaginu; Borgarhólsskóli á Húsavík, Öxarfjarðarskóli í Lundi og Grunnskóli Raufarhafnar. Í Öxarfjarðarskóla er grunnskóli og leikskóli. Grunnskóli Raufarhafnar er samrekinn grunn- og leikskóli en nemendur þar eru orðnir fáir. Samkvæmt upplýsingum í húsnæðisáætlun Norðurþings eru 379 nemendur í grunnskóla í Norðurþingi og þar er rými fyrir 400 nemendur.

Á Húsavík er Framhaldsskólinn á Húsavík og leikskólinn Grænuvellir. Tónlistarskóli er í Borgarhólsskóla og þjónustar allt sveitarfélagið. Starfsemi er á Húsavík og í Lundi.



Skólahald hefur lagst af á Kópaskeri og sameinast Öxarfjarðarskóla. Skólahúsnæðið hefur fengið nýtt hlutverk og eru möguleikar á fjölbreyttri nýtingu á því húsnæði. Þar er í dag Skjálftasetur með sýningu um jarðskjálftann 1976.

Sundlaugar eru á Húsavík, Lundi og á Raufarhöfn. Sundlaugin í Lundi er í slæmu ásigkomulagi og verið er að skoða framtíð hennar. Rætt hefur verið um að byggja nýja sundlaug í stað þeirrar gömlu eða byggja sundlaug á Kópaskeri. Á Kópaskeri er byggingarreitur fyrir sundlaug við íþróttahúsið.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) starfrækir sjúkrahús á Húsavík og heilsugæslu á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn.

Norðurþing á hlut í Dvalarheimili aldraðra sf. í Þingeyjasýslum. Stofnunin rekur dvalarheimilið Hvamm á Húsavík, og dagþjónustu að Stórumörk á Kópaskeri og Vík á Raufarhöfn. Unnið er að byggingu nýs hjúkrunarheimilis ofan við sjúkrahúsið á Húsavík og er þar gert ráð fyrir um 60 rýmum skv. húsnæðisáætlun. Þegar hjúkrunarheimilið verður fullbyggt þá þarf að finna önnur not fyrir húsnæði Hvamms þar sem íbúar þaðan munu flytjast á nýja hjúkrunarheimilið. Horft er til uppbyggingar lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara með íbúðum, þjónustu og menningarlífi. Í Hvammi er sjúkraþjálfun og endurhæfing og vaxtarmöguleikar tengdir þeirri starfsemi.

Skv. húsnæðisáætlun 2024 eru 30 einstaklingar í hjúkrunarrýmum og 4 eru á biðlista eftir plássi. Miðað við samþykkt áform um fjölgun á hjúkrunarrýmum í 60 þá verður þörf fyrir þau uppfyllt á skipulagstímabilinu.

Leigu- og eignaríbúðir fyrir 55 ára og eldri hafa verið um nokkurn tíma við Útgarð á Húsavík. Nýlega var byggt hús til viðbótar.

Sjö kirkjur eru í sveitarfélaginu; á Húsavík, Garði í Kelduhverfi, Skinnastað í Öxarfirði, Snartarstöðum við Kópasker, á Raufarhöfn og Víðirhóli á Hólsfjöllum. Við kirkjurnar eru greftrunarreitir og er þörf þeirra fyrir landrými til framtíðar yfirfarin, og þá sérstaklega á Húsavík og Raufarhöfn.

Þann 30. nóvember 2023 samþykkti sveitarstjórn Norðurþings þjónustustefnu fyrir sveitarfélagið. Þar er mótuð stefna um þá þjónustu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum. Stefnan er sett til fjögurra ára en verður endurskoðuð árlega samhliða fjárhagsáætlun. Tekið er mið af þjónustustefnunni við stefnumótun um samfélagsþjónustu.

## Stefna

Íbúar njóti nærþjónustu og góðrar heilbrigðis- og félagsþjónustu. Öryggi íbúa er tryggt með góðri löggæslu, sjúkraflutningum og brunavörnum.

Þjónusta sveitarfélagsins skal vera aðgengileg og taka mið af notendum hverju sinni. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum eða með fjarfundi.

Vitar og mannvirki til að bæta öryggi á siglingaleiðum eru heimil.

*Útfærsla í aðalskipulagi:*

- Afmarkaðir eru reitir fyrir samfélagsþjónustu og íþróttasvæði í þéttbýliskjörnum.
- Afmarkaðir eru reitir fyrir kirkjur og grafreiti í þéttbýli og dreifbýli, eftir því sem við á.
- Í skilmálum um svæði fyrir skóla eru skilmálar um að skólalóðir verði örugg og aðlaðandi leik- og útivistarsvæði og nýtist einnig utan skólatíma.
- Þjónustustefna sveitarfélagsins var yfirfarin og gætt að því að rými sé í skipulagi fyrir þá þjónustu sem veitt er eða stefnt að því að veita.
- Horft er til uppbyggingar lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara með íbúðum, þjónustu og menningarlífi í húsnæði Hvamms og taka skilmálar mið af því.
- Vitar eru skilgreindir sem svæði fyrir samfélagsþjónustu.

## 3.4 Lýðheilsa

### Forsendur

Norðurþing er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag (HSAM) þar sem heilsa og vellíðan allra íbúa er höfð í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Unnið er með áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðunar, s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi (sjá mynd 6) til að stuðla að vellíðan allra. Árangursrík innleiðing HSAM á þannig að fela í sér vinnu með öll 17 heimsmarkmiðin og styrkja allar þrjár grunnstoðir sjálfbærni. Regluleg hreyfing gegnir lykilhlutverki fyrir heilsu og vellíðan og sýnt hefur verið fram á að dvöl á grænum svæðum og náttúrulegu umhverfi minnkar streitu og hefur þannig jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks. Við endurskoðun aðalskipulagsins er stefna þess yfirfarin þannig að hún styðji sem best við markmið um heilsueflandi samfélag.




**MYND 6.** Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðunar, Dahlgren og Whitel (1991), aðlöguð útgáfa Embættis landlæknis 2019 (3.0).

Í og við þéttbýli hefur verið lögð áhersla á græn svæði til að njóta, dvelja í og ganga um. Leggja skal áherslu á góða aðstöðu til útivistar og hreyfingar á þessum svæðum með gönguleiðum, áningarstöðum og grænu umhverfi. Á Húsavík rann Búðará neðan Mararbrautar í stokki en rennur nú ofanjarðar í tilbúnum farvegi. Við Búðará að sunnan er fjara sem er vinsæl til útivistar og þar er dýrmætt aðgengi að náttúrulegri fjöru innan þéttbýlisins. Vilji er til þess að halda í þessa fjöru næst ánni en hún er í gildandi aðalskipulagi innan athafnasvæðis og áform um að setja þar landfyllingu. Í tillögu er því gert ráð fyrir að þarna sé skilgreint grænt svæði með áherslu á að halda í fjöruna, hafa ána á yfirboði og gæta að umhverfismótun ef þörf verður fyrir aðra samgöngutengingu yfir ána. Í fjöruna og upp af henni er kominn gróður sem setur svip á umhverfið.

Á Húsavík er áfram heimilt að vera með tómstundabúskap í Lækjargili og Traðargerði en jafnframt að starfsemin flytjist til Saltvíkur þegar ný aðstaða hefur verði byggð upp þar.

Skíðasvæði hefur verið byggt upp í og við Reyðarárhnjúk og þar er lyfta og gönguskíðabrautir.

Á Húsavík er aðal íþróttamiðstöð sveitarfélagsins með íþróttahöllina, íþróttasvæðið og sundlaugina sem burðarstólpa. Á Raufarhöfn, Kópaskeri og í Lundi eru íþróttavellir og íþróttahús og tækifæri til íþrótta innan- og utanhúss.

Gert er ráð fyrir að Golfvöllur Golfklúbbs Húsavíkur, Katlavöllur, geti stækkað í allt að 18 holu völl og fyrirhugað er að golfvöllur í Ásbyrgi verði færður upp á túnin í Ási. Á Kópskeri er möguleiki á 9 holu golfvelli við Klifatjörn. Á Raufarhöfn er gert ráð fyrir möguleikanum á litlum golfvelli.

Skotíþróttasvæði er á Vallmóum norðaustan Húsavíkur og á gamla flugvellinum á Kópaskeri.

## Stefna

Heilsa og vellíðan allra íbúa skal höfð í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum.

Stuðlað verði að heilsueflingu og bættu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu.

Skipulag hvetji til göngu, hjólreiða og annarra virkra ferðamáta og hreyfingar í daglegu lífi.

Áhersla er á að varðveita náttúruna sem útivistarsvæði.

Íbúar hafi aðgang að góðum svæðum fyrir margvíslega hreyfingu og útivist, góðum leiksvæðum stutt frá heimili, og góðri íþróttaaðstöðu úti og inni fyrir almenningsíþróttir og keppni. Leiksvæði og önnur útivistarsvæði fyrir almenning eru hluti af skipulagi íbúðarbyggðar.

Aðstæður til útivistar skulu vera fjölbreyttar innan sveitarfélagsins og möguleikar til að njóta tómstunda með besta móti sem styðja við samveru og lýðheilsu. Útivistarsvæði á jaðri þéttbýlisins verði tengd saman með göngu- og reiðleiðum og skógrækt. Eftir því sem þarf skal fjölga bekkjum og áningarstöðum við megin útivistarleiðir.

Möguleikar til að stunda æfingar í sem flestum algengum keppnis- og almenningsíþróttum verði í öllum þéttbýliskjörnum.

Hreystitæki og aðstaða til íþróttaiðkunar verði á völdum almenningsrýmum utandyra.

Unnið verði að því að mæta auknum áhuga á iðkun golfs í sveitarfélaginu.

### *Útfærsla í aðalskipulagi*

- Athygli er beint að umhverfi sem hvetur til aukinnar hreyfingar allt árið með framboði af fjölbreyttum útivistarsvæðum og opnum svæðum sem eru afmörkuð á uppdrætti, þar á meðal íþróttasvæði í þéttbýliskjörnum, skíðasvæði, golfvellir, svæði fyrir hestaíþróttir og skotæfingasvæði.
- Í skilmálum um opin svæði í og við þéttbýli er kveðið á um að koma skuli fyrir góðri aðstöðu til að styðja við útiveru og hreyfingu sumar sem vetur með bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingatækjum á völdum stöðum á opnum svæðum, t.d. þar sem skjól er gott eða njóta má útsýnis.
- Net megin útivistarleiða er á skipulagsuppdrætti.
- Nýtt grænt svæði er afmarkað við ós Búðarár með markmiðum um að halda í náttúrulegt umhverfi strandarinnar sunnan óssins og að áin renni á yfirborði til sjávar.
- Í stefnumótun um byggð er lögð áhersla á fjölbreytt framboð íbúða sem mætir þörfum samfélagsins og eru á öruggum stað m.t.t. náttúruvár, mengunarvalda og annarrar mögulegrar hættu.
- Skilgreind eru samgöngukerfi fyrir gangandi og hjólandi og aðgerðir sem miða að lágum umferðarhraða.
- Skilmálar eru settir fyrir vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði sem stuðla að heilnæmu umhverfi.



## 3.5 Frístundabyggð

**Forsendur**

Frá árinu 2010 hefur skráðum frístundahúsum í Norðurþingi fjölgað úr 117 í 132 árið 2023. Áhugavert er að sjá að skráðum frístundahúsum hefur fækkað nokkuð frá því þau voru flest 141 árið 2020. Tölfræði um frístundahús er fengin af vef Húsnæðis og mannvirkjastofnunar.

### Stefna

Frístundabyggð í Norðurþingi verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.

Frístundahús eru heimil á svæðum fyrir frístundabyggð, auk þess sem allt að 3 frístundahús eru heimil á landbúnaðarsvæðum á hverri jörð. Ef reisa á fleiri en 3 hús skal svæðið skilgreint sem frístundabyggð.

Við ákvarðanir um nýja frístundabyggð skal miða við að hún sé utan svæða sem eru mikilvæg vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða útivistargildis. Einnig skal líta til verndaðra svæða og hverfisverndaðra svæða sem hafa verið metin sem mikilvæg á heims- og landsvísu í sveitarfélaginu.

Umfang og útfærsla nýrra svæða fyrir frístundabyggð skal miða við að byggðin skeri ekki sjónlínur að/frá svæðum eða kennileitum með sérstakt gildi, raski ekki upplifun útivistarfólks og skerði ekki verðmætar náttúru- eða menningarminjar. Hafa skal samráð við veitufyrirtæki ef háspennulínur eða aðrar lagnir liggja um svæði. Huga skal að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð.

Leitast skal við að beina nýrri frístundabyggð annað en á sérstaklega verðmæt landbúnaðarsvæði.

*Útfærsla í skipulagi:*

- Svæði fyrir frístundabyggð eru afmörkuð á skipulagsuppdrætti og almennir skilmálar settir um svæðin. Engin ný svæði fyrir frístundabyggð eru afmörkuð við endurskoðun aðalskipulagsins.



## 3.6 Skipulagsrammi fyrir miðbæ Húsavíkur

Hér er sett fram stefna og skipulagsrammi fyrir miðbæ Húsavíkur. Byggt er á þeim ramma sem var í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 en stefnumörkunin uppfærð m.v. þá þróun sem átt hefur sér stað og sjónarmið um miðbæinn. Auk þess sem litið er til leiðbeininga um góða bæjarhönnun, t.a.m. nýlegar leiðbeiningar um sjálfbært skipulag í þéttbýli, útgefnar af Skipulagsstofnun og SSH. Skipulagsramminn tekur til svæðis sem afmarkast af skilgreindu miðsvæði í aðalskipulagi og hafnarsvæðinu þar fram undan, en kjarni miðbæjarins er á svæðinu frá Naustagili að Búðarárgili (mynd 7). Vísað er til skipulagsrammans í sérskilmálum fyrir landnotkunarreiti í aðalskipulaginu.



**MYND 7**. Skipulagsramminn á við miðbæ Húsavíkur.

**Leiðarljós**:

> Skipulag miðbæjarins á Húsavík er vandað og svarar núverandi og framtíðarþörfum atvinnustarfsemi, íbúa og gesta.
>
> Uppbygging og þróun á svæðinu er Norðurþingi til sóma og skerpir ímynd bæjarins í hugum íbúa og gesta.

Til að vinna að þessu leiðarljósi er skipulagsrammi fyrir miðbæinn settur fram í tveimur hlutum:

- Sett fram stefna fyrir miðbæinn sem skipulagi og uppbyggingu er ætlað að stuðla að. Stefnan veiti leiðsögn fyrir deiliskipulag fyrir svæðið og ákvarðanir um breytingar á miðbæjarsvæðinu.
- Skilgreina svæðisbundin áhersluverkefni sem unnið verði að á skipulagstímanum sem eru til þess falinn að styrkja miðbæ Húsavíkur og nágrenni hans.

Það er stefna sveitarfélagsins að unnið verði ítarlegt og framsækið skipulag fyrir miðsvæði Húsavíkur á fyrri hluta gildistíma aðalskipulagsins. Lögð verði áhersla á vaxandi miðbæ með blandaða landnotkun og vönduð almenningsrými. Við vinnslu skipulagsins verði haft opið og gott samráð við íbúa og aðra hagaðila.

## Landnotkun

Kjarni miðbæjar Húsavíkur er á hafnarsvæðinu upp af smábátahöfninni og svæðið þar fyrir ofan við Garðarsbraut. Á þessu svæði er öflug miðbæjar-starfsemi með kaffi- og veitingahúsum, verslunum, áhugaverðum söfnum og áfangastöðum. Umhverfis miðbæjarsvæðið eru helstu stofnanir bæjarins, sjúkrahúsið, skólarnir, íþróttahúsið og Safnahúsið og á jaðri svæðisins eru ráðhúsið, sýsluskrifstofan og hótel.

Íbúðir í kjarna miðbæjarins eru meðfram Garðars-braut, á Beinabakka (Höfðavegi) og á Stangarbakka (Mararbraut), auk íbúða fyrir 55 ára og eldri við Útgarð. Fjölgun íbúða á miðsvæðinu styrkir mið-bæinn.

Starfsemi á hafnarsvæðinu skiptist á þrjú megin svæði. Á norðanverðu hafnarsvæðinu er flutninga-starfsemi og geymslusvæði. Á miðsvæðinu blandast ferðaþjónusta og smábátaútgerð saman á skemmti-legan hátt og á sunnanverðu hafnarsvæðinu eru stærri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki.

Á Hafnarstéttinni (miðsvæðinu) er nú hvalasafn, kaffi- og veitingahús auk skrifstofa og snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn. Aðstaða fyrir smábátaútgerð er á Hafnar-stétt, þar sem rætur hennar liggja.

## Gatnakerfi

Þjóðvegur nr. 85 (Norðausturvegur), í gegnum Húsavík, er aðalgata bæjarins. Nafn aðalgötunnar breytist frá suðri til norðurs úr Stangarbakka, í Mararbraut, Garðarsbraut og loks Héðinsbraut. Gatan gegnir bæði hlutverki stofnbrautar í gegnum bæinn, tengibrautar og safnbrautar milli hverfa og er á köflum húsagata. Um hana fer því allur gegnumakstur og stór hluti innanbæjarumferðar.

Megin aðkomuleiðir í miðbæinn eru norðan Búðargils í suðri og Auðbrekku í norðri og skiptir máli að hafa þær aðlaðandi og skýrar við útfærslu í skipulagi.

Megin tengingar niður á hafnarsvæði eru um Naustagil í norðri og Árgil/Búðargil í suðri. Einnig er hægt að aka niður hjá sláturhúsi og eftir bráðabirgða-vegi í fjörunni undir Stangarbakka, en gert er ráð fyrir að sá vegur verði framtíðartenging um Suðurfjöru inn á hafnarsvæðið í stað vegarins um Árgil/Búðargil. Tengingin um Suðurfjöruveg er mikilvæg aðkoma að hafnarsvæðinu, ekki síst fyrir ferðafólk, og það þarf að leggja áherslu á að hún sé góð.

Gatnakerfi miðbæjarins er opið þannig að hægt er að velja ýmsar leiðir um bæinn sem dreifir umferðinni.

## Bæjarmynd

Mynd 8 sýnir byggingar á Húsavík og hverskonar götumyndir og rými einkenna byggðina. Hún sýnir líka stærð og form húsa sem gefur vísbendingar um þéttleika og yfirbragð byggðarinnar. Mynstrið í mið-bæ Húsavíkur er fremur fíngert ef frá eru taldar helstu stofnanir bæjarins og stærsta þjónustu- og atvinnu-húsnæðið. Eyður segja til um hvar kunna að vera möguleg byggingarsvæði.

Sérkenni bæjarmyndarinnar felast einnig í kennileit-um, þ.e. byggingum, mannvirkjum eða landslagsþátt-um sem augun beinast að og eru hluti af ímynd staðar. Á Húsavík er Húsavíkurfjall sennilega mikilvægasta náttúrulega kennileitið og Húsavíkurkirkja óumdeilan-lega mikilvægasta manngerða kennileitið. Nokkrar aðrar byggingar gegna líka hlutverki kennileita, annað hvort vegna staðsetningar sinnar eða útlits. Sjónlínur til kennileita er mikilvægt að tryggja.



**MYND 8**. Byggingar á Húsavík.

## Stefna

Útfærsla stefnu fyrir miðbæ Húsavíkur byggir á nokkrum meginmarkmiðum sem skipulaginu er ætlað að stuðla að, en þau eru:

- **Góður staðarandi**
- **Lifandi miðbær**
- **Gönguvænt svæði**
- **Ekta og rótfast umhverfi**
- **Horfum til framtíðar**

Leiðarljósið er að efla starfsemi og líf í miðbænum og að hann sé aðlaðandi fyrir íbúa og gesti.

Þegar endurskoðað aðalskipulag hefur öðlast gildi þarf að meta allar deiliskipulags- eða uppbyggingartillögur og lóða- og byggingarumsóknir í ljósi þeirrar stefnu sem hér eru sett fram, til þess að tryggja að tillögurnar stuðli að þeim.

### Góður staðarandi

Húsavík hefur sterka og aðlaðandi mynd þegar horft er frá höfninni. Þar eru áhrifaríkir og aðlaðandi staðir sem hafa tvennt til að bera; umhverfi þeirra er þannig að fólki líður vel og þeir eru sérstakir vegna menningar, landslags, byggingarlistar eða notkunar byggingarefna og lita.

#### Skapa skjólgóð og sólrík rými

Allar nýjar byggingar í bænum skulu taka mið af veðurfari og sólarátt. Byggingar geta skýlt gegn köldum vindum og svalir geta dregið úr vindhraða. Skýli, þök og glergöng má líka nota til að skýla gönguleiðum. Opin rými sem ætluð eru til útiveru þurfa að snúa til suðurs eða suðvesturs til að hámarka nýtingu á sólargangi. Huga þarf vel að skuggamyndun við staðsetningu og hæðarsetningu nýrra bygginga.

#### Vel afmörkuð rými

Eitt grundvallaratriðið í að skapa staði sem fólk upplifir á jákvæðan hátt er að mynda vel afmörkuð rými sem eru ekki of stór. Því er fyrst og fremst náð með því að staðsetja byggingar meðfram götum, þó svo tré og annar gróður geti einnig hjálpað til.

#### Auðvelt að rata

Útfæra skal göturými og stíga þannig að gestir og íbúar finni auðveldlega áhugaverða staði og leiðir á milli þeirra. Auðvelt sé að rata og komast leiðar sinnar.

#### Veita tækifæri til að eiga samskipti og halda samkomur

Vel útfærð göturými, torg og minni áningarstaðir, eru lykill að því að fólk hittist og eigi samskipti. Gert er ráð fyrir svæðum þar sem hægt er að

halda minni og stærri samkomur, lítil og stór bæjartorg, leiksvæði og minni andrými.

Góð bæjartorg einkennast nær alltaf af virkum götuhliðum og jarðhæðum, þar sem gefst tækifæri til að sækja samfélagsþjónustu, versla, njóta veitinga og samveru með öðrum. Þau ættu að vera sól- og skjólrík, hafa skýra umgjörð og hlutföll milli umhverfis og bygginga taki mið af upplifun notenda. Andrými eru smágerð almenningsrými, skjólgóð afdrep, sem bjóða upp á rólegt umhverfi innan þéttbýlis þar sem hægt er að sitja í ró og næði.

### Grænt umhverfi

Útivera og gróður hafa góð áhrif á andlega og líkamlega heilsu okkar. Stór tré og umfangsmikill gróður hafa óteljandi kosti fyrir bæjarrými þéttbýlis; fegra umhverfið, draga úr koltvísýringi, auka hlýju og styðja við líffræðilegan fjölbreytileika. Þau ættu því að vera áberandi í öllu bæjarrými, meðfram götum, í almenningsrýmum og inngörðum. Við áætlanagerð er gert ráð fyrir hönnun og framkvæmdum sem auka umfang gróðurs á miðbæjarsvæðinu.

Við deiliskipulagsgerð ættu skilmálar að fjalla um umfang gróðurs og trjáa innan einkalóða, bæjarlóða og meðfram göturýmum, ásamt því að tilgreina umfang og magn, til dæmis fjölda, fermetra eða hlutfall, bæði í greinargerð og á skipulagsuppdrætti.



## Lifandi miðbær

Á Húsavík er lifandi miðbær með fjölbreytta starfsemi sem hefur hag af nálægð hver við aðra og skapar líf. Fólk sækir þangað sem það á erindi og þangað sem það veit af tækifærum til félagsskapar. Mikilvægt er að umhverfið sé aðlaðandi fyrir gangandi vegfarendur.

### Þjappa saman verslun og þjónustu

Í miðbæ Húsavíkur eru óbyggð rými þar sem tækifæri eru til uppbyggingar sem gefa möguleika á að gera miðbæinn enn sterkari og meira aðlaðandi sem hjarta bæjarins. Leggja skal áherslu á að beina sérverslunum, þjónustu og slíkri starfsemi í miðbæinn.

### Blanda landnotkun

Leitast ætti við að blanda saman sem fjölbreyttastri starfsemi í miðbænum; verslun og þjónustu á jarðhæðum og skrifstofum og íbúðum á efri hæðum. Því fleira fólk sem býr og vinnur á svæðinu því betri skilyrði eru fyrir veitingahúsa- og kaffihúsarekstur.

### Tryggja góð tengsl

Góð tengsl á milli miðbæjar og annarra hverfa bæjarins eru nauðsynleg til að ýta undir að fólk fari um hann. Það krefst aðgengilegra og vandaðra stíga og gangstétta sem auðvelda fólki að ganga milli staða, annað hvort frá heimili sínu eða frá bílastæðum í grenndinni.

### Virkja framhliðar bygginga

Framhliðar bygginga kallast virkar þegar í þeim er „lifandi” starfsemi s.s. verslanir, veitingahús og önnur þjónusta sem fólk sækir og þar sem eru dyr og gluggar fyrirtækja og íbúða þannig að sjá megi fólk á ferli og

starfsemi í gangi. Virkar framhliðar ættu að vera alls staðar þar sem því verður viðkomið í miðbæ Húsavíkur.

### Styðja við hátíðir og viðburði

Í miðbænum skal gera ráð fyrir almenningsrýmum sem henta fyrir stærri og minni útiviðburði. Það styður við lifandi mannlíf og samveru. Hátíðarsvæði hafa verið við kirkjuna, á jólatréstorgi og á hafnarstéttinni. Götugögn, gönguleiðir og aðstaða á þessum svæðum skal styðja við þessi not.



## Gönguvænt svæði

Mikið er um gangandi vegfarendur í miðbænum á Húsavík, sérstaklega á sumrin þegar ferðafólk er áberandi. Grípa þarf þau tækifæri sem eru til að móta miðbæinn þannig að hann verði fyrirmyndar gönguvænt svæði með skýrum og öruggum gönguleiðum og stöðum til að dvelja á með tengingum við torg, græn svæði, leik- og útivistarsvæði.

### Stuðla að góðu aðgengi

Gott aðgengi fyrir gangandi er lykilatriði í mótun bæjarumhverfis. Þættir sem hafa áhrif á það eru t.d. breidd, gæði og samfelldar gangstéttar, breidd gatna, staðsetning gangbrauta og breidd gatnamóta, sem ættu að vera eins mjó og unnt er til að auðvelda fótgangandi að fara yfir þau.

### Aðlaðandi og öruggt göturými

Tryggja þarf vistvænum ferðamáta nægt pláss í göturýminu og sjá til þess að umhverfið sé öruggt og aðlaðandi. Nýta þarf tækifæri til að fegra göturými og endurnýja innviði miðbæjarins, til dæmis endurnýja gangstéttar, skipuleggja almenningsrými og bæta við gróðri. Við hönnun skal leggja áherslu á að fyrirbyggja hraðakstur og tryggja nægt pláss fyrir gróður og götugögn. Gönguleiðir séu skjólsælar, þökk sé trjám og byggingum.

### Bílastæði

Til að draga úr vægi bílsins í bæjarumhverfinu er æskilegt að dreifa bílastæðum og útfæra þau í samhengi við áætlun um landslagsmótun og gróðursetningu. Þannig sé gert ráð fyrir samsíða, hornréttum og skástæðum bílastæðum í götum jafnt sem á sérstökum minni bílastæðum. Æskilegt er að brjóta bílastæði upp með trjám og gróðri til að fegra ásýndina.

## Ekta og rótfast umhverfi

Húsavík nýtur góðs af fallegu landslagi og sérstakri náttúru og þar eru áhugaverð söfn og byggingar með sögulegt og byggingarlistrænt gildi, auk þess sem hafnarsvæðið hefur mikið aðdráttarafl. Til samans gerir þetta Húsavík að aðlaðandi stað til að heimsækja. Það er bæði ferðaþjónustunni og íbúum í hag að bærinn sé ekta og trúr uppruna sínum, menningu og landslagi. Til þess að takast á við þetta viðfangsefni þarf að meta alla nýja uppbyggingu út frá eftirfarandi viðmiðum.

### Virða núverandi byggð

Leitast skal við að vernda gömul hús og gamlar götumyndir. Í miðbænum eru mörg hús sem vegna sögu, yfirbragðs eða starfsemi eru mikilvæg í bæjarmyndinni. Má þar nefna Gamla Kaupfélagið, sem er reisuleg bygging sem hefur mikið gildi í bæjarmyndinni, Húsavíkurkirkju, sem er kennileiti og fulltrúi góðrar byggingarlistar, og hús söludeildarinnar Sölku. Þessum og öðrum mikilvægum húsum í miðbænum skal huga að við alla skipulagsgerð og þegar óskað er eftir breytingum á ytra byrði bygginga. Við endurbyggingu og nýbyggingu skal leitast við að ný hús í eldri hverfum taki mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er, s.s. hvað varðar hæð húsa, formgerð og staðsetningu í götu.

### Virðing fyrir landslagi

Samspil miðbæjar Húsavíkur og hafnarsvæðisins er einstakt og aðgengi að höfninni þar sem blandast saman útgerð og ferðaþjónusta er mikilvæg. Myndir frá bænum, frá höfninni og sjónum eru gestum minnisstæðar vegna tengsla á milli bygginga og landslagsins. Sérstaklega er það staðsetning kirkjunnar með Húsavíkurfjall í bakgrunni sem greypir sterka mynd í hugann. Til vesturs er útsýni yfir að Kinnarfjöllunum mikilfenglegt.

Virðing fyrir landslagi krefst þess að skipulag taki tillit til útsýnis og sjónása til sjávar, fjalls og kennileita, að mót lands og sjávar verði sem náttúrulegust og byggingar séu staðsettar þannig að landslag haldist sem upprunalegast.



## Horfum til framtíðar

Einn aðalkjarninn í hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er að við gerum ekkert í dag sem getur haft neikvæð áhrif á kynslóðir framtíðar. Jafnvel minniháttar framkvæmdir á Húsavík eru líklegar til að eiga sér 30-50 ára líf og það er því afar mikilvægt að þær stuðli að þeim meginmarkmiðum sem sett eru fram hér.

### Nýta tækifærin

Í dag eru nokkur óbyggð svæði eða lítið nýtt svæði sem búa yfir tækifærum til frekari mótunar byggðarinnar. Þétting byggðar ætti ávallt að vera unnin út frá þeim forsendum að styrkja það umhverfi sem fyrir er.

- Forgangsraða þéttingu á lóðir eða svæði sem eru þegar röskuð, til dæmis vannýttar atvinnu- og bílastæðalóðir eða svæði sem hafa ekkert útivistargildi.
- Forgangsraða þéttingu þar sem eru tækifæri til að fylla í göt í götumynd og styrkja byggðamynstur.
- Forðast ætti þéttingu á óröskuðu landi eða grænum svæðum, nema gripið sé til mótvægisaðgerða.
- Nýta tækifæri og fegra göturými og endurnýja innviði hverfis, til dæmis leggja nýja stíga, endurnýja leiksvæði, auka nærþjónustu og skipuleggja ný almenningsrými.

### Tryggja sveigjanleika

Skipulag og hönnun bygginga ætti að miða að því að sveigjanleiki sé til stækkunar eða breytinga til að mæta hugsanlegum breytingum á þörfum. Þegar ákveðin eru breytt not húsnæðis þarf að huga að því að nýta vel það sem þegar hefur verið byggt og forðast óþarfa niðurrif og nýbyggingu. Með þessu er byggingin aðlöguð að hringrásarhagkerfinu þar sem byggingarefni eru notuð aftur og aftur, sem bætir nýtingu auðlinda og kemur í veg fyrir sóun.

### Tryggja öryggi

Vinna umferðaröryggisáætlun fyrir miðbæjarsvæðið.



## Svæðisbundnar áherslur

Til að vinna að framfylgd stefnu fyrir miðbæinn eru sett fram eftirfarandi svæðisbundin áhersluverkefni sem vinna skal að í gegnum skipulagsáætlanir og framkvæmdaáætlanir Norðurþings. Áherslurnar eru settar fram fyrir 7 svæði á og við miðsvæði Húsavíkur (mynd 9). Afmörkun svæðanna er ekki nákvæm.

**1. Kjarni miðbæjar** Markmið:

- Að svæðið verði kjarni miðbæjarins með verslun og þjónustu.
- Að svæðið verði afmarkað til norðurs með nýrri byggingu.
- Að skrifstofur Norðurþings séu hluti af kjarnanum.
- Að gróður og aðrir landslagsþættir móti og fegri svæðið, þar með talið bílastæði.

**2. Plássið og sjávarbakkinn** Markmið:

- Að draga úr umferðarhraða eftir Garðarsbraut. Göturýmið frá Naustagili að Árgili fái hlutverk bæjargötu og njóti forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta með breyttum yfirborðsefnum, upphækkun götu/gatnamóta, breytingum í lit, áferð og hellulögn.
- Að skapa skýr hlið inn í miðbæinn.
- Að bæta útfærslu bílastæða og umhverfisfrágangs á suðvestur hluta Garðarsbrautar.
- Að viðhalda stöllun niður bakkann.




**MYND 9.** Svæði á Húsavík sem áhersluverkefni skulu ná yfir.

**3. Bakkinn og Hafnarstétt** Markmið:

- Að viðhalda stöllum í bakkanum og bæta tengsl á milli þeirra.
- Að skilgreina sjónása til kirkju sem skal varðveita.
- Að móta torg sunnan húsnæðis Hvalasafnsins.
- Að skilgreina áherslur við landslagsmótun og umhverfisfrágang.
- Að bæta öryggi gangandi vegfarenda.
- Að styrkja Hafnarstéttina sem rými sem nýta má til hátíðarhalda.

**4. Vallholtsvegur** Markmið:

- Að bæta götumyndina og tengsl við kjarna miðbæjarins.
- Að endurskipuleggja fyrirkomulag bílastæða.
- Að skapa tækifæri til landslagsmótunar.
- Að styðja við núverandi verslunarstarfsemi og þjónustu við Vallholtsveg.

**5. Stórigarður/Ketilsbraut** Markmið:

- Að bæta og styðja við umhverfi Húsavíkurkirkju þar með talið almenningsgarð og útisvæði við Kirkjuna sem nýtist m.a. við útisamkomur.
- Að gróður og aðrir landslagsþættir móti og fegri svæðið sem er mikilvæg göngutenging við miðbæinn.
- Að bæta fyrirkomulag bílastæða og götumyndina.
- Að gera ráð fyrir nýju kennileiti við eystri enda götunnar.

**6. Búðarvöllur** Markmið:

- Að tengja svæðið við kjarna miðbæjarins.
- Að fjarlægja veginn um Árgil/Búðargil og lengja skrúðgarðinn niður gilið.
- Að skoða kosti þess að opna aftur fyrir Búðarána þannig að hún renni náttúrulega til sjávar.
- Að styðja við verslunarstarfsemi með því að skilgreina lóðir fyrir nýja starfsemi og leggja til umhverfisbætur.
- Að horfa til þess að Garðarsbraut frá gatnamótunum Garðarsbraut/Miðgarður að Garðarsbraut/Mararbraut fái hlutverk bæjargötu og njóti forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta með breyttum yfirborðsefnum, upphækkun götu/gatnamóta, breytingum í lit, áferð og hellulögn.
- Að marka stefnu um gamla samkomuhúsið til langs tíma litið.
- Að styrkja Vegamótatorg/jólatréstorgið á austurhluta svæðisins í sessi sem almenningsrými og svæði til samveru.

**7. Ketilsbraut (Vallholtsvegur/Auðbrekka(Héðinsbraut)** Markmið:

- Að vinna að góðu gönguleiðaneti á svæðinu með góðum tengingum við miðbæ og nálæg þjónustusvæði.
- Að gróður og aðrir landslagsþættir móti og fegri svæðið, þar með talið bílastæði.
- Að endurskoða þörf fyrir bensínstöðvar á þessum reit og huga að uppbyggingu á reitnum fyrir verslun, þjónustu og íbúðir á efri hæðum.

# 4 KRÖFTUGT ATVINNULÍF

## 4.1 Atvinnulíf

**Forsendur**

Við endurskoðun aðalskipulags hefur afmörkun atvinnusvæða í dreifbýli og þéttbýli verið yfirfarin og breytingar gerðar á mörkum þeirra og skilmálum í samræmi við þróun, áform um uppbyggingu og breytingar á lögum og reglugerðum.

Uppbygging atvinnu hefur orðið víða í sveitarfélaginu og á síðustu árum hafa ýmis fyrirtæki sýnt áhuga á uppbygginu í Norðurþingi og má t.d. nefna að mikil uppbygging er á starfsemi fiskeldis á Kópaskeri, Öxarfirði og Kelduhverfi sem styrkir þessi svæði mikið. Störfum og afleiddum störfum hefur fjölgað. Frumvinnsla hefur eflst bæði í ferðaþjónustu og framleiðslu. Væntingar eru til þess að störfum fjölgi sem byggja á sérstöðu svæðisins; náttúru, vatnsauðlindum og hafnaraðstöðu.

Atvinnuuppbygging á Húsavík hefur haft í för með sér að íbúum þar hefur fjölgað og er stefnt að fjölgun starfa á svæðinu.

Í eldra aðalskipulagi var gengið út frá því að stóriðja yrði reist á Bakka við Húsavík og að það myndi leiða til vaxtar í iðngreinum og þjónustugreinum, einkum á Húsavík. Þess vegna var gert ráð fyrir ríflegu svæði fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi við stóriðjusvæðið á Bakka og rými fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði á Húsavík. Ekki hefur orðið af allri þeirri stóriðju sem áformuð var á Bakka, þar hefur risið kísilmálmverksmiðja en ekki álver. Sveitarstjórn vill stuðla að því að á Bakka verði grænn iðngarður sem byggir á hringrásarhugsun.

Á Húsavík verði byggt ofan á þann sterka grunn sjávarútvegs, ferðaþjónustu og annarrar atvinnuuppbyggingar og þjónustu sem þar er.

Raufarhöfn byggir á tveimur megin atvinnugreinum, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Á Kópaskeri er byggt á landbúnaði, sjávarútvegi og vaxandi fiskeldi. Á báðum þessum stöðum verði leitast við að efla ferðaþjónustu og þróa aðrar atvinnugreinar.

Í dreifbýli er áfram gert ráð fyrir þróun í ferðaþjónustu en einnig fiskeldi og starfsemi tengdri nýtingu jarðhita ásamt áframhaldandi landbúnaði.

Sjálfbær nýting landbúnaðarlands er eitt af markmiðum landsskipulagsstefnu. Þar segir að líta beri á land sem hentar vel til ræktunar sem auðlind og því verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Í eldra aðalskipulagi var sett stefna um að verðmæt landbúnaðarsvæði væru varðveitt sem slík og við endurskoðunina er stuðst við niðurstöðu á kortlagningu landbúnaðarlands til að útfæra þá stefnu.

Landeyðing er víða mikil í Norðurþingi og landgræðsla hefur verið stunduð í sveitarfélaginu frá árinu 1929. Land og skógur hefur umsjón með 12 landgræðslusvæðum. Skipulögð skógrækt er stunduð á nokkrum stöðum. Þrjú skógræktarfélög eru í sveitarfélaginu, Skógræktarfélag Húsavíkur, Skógræktarfélag Reykhverfinga og Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga. Í Norðurþingi eru þó nokkrar jarðir samningsbundnar Landi og skógi.

### Stefna

Í Norðurþingi er fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á öflugri athafnastarfsemi, sjávarútvegi, fjölbreyttri verslun og þjónustu, þingeyskri matvælaframleiðslu og framsækinni ferðaþjónustu sem byggir á virðingu fyrir

umhverfi og fólki. Landbúnaður er áfram ein af grunnstoðum atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Stuðlað er að fleiri og fjölbreyttum atvinnutækifærum með því að gefa svigrúm fyrir nýja starfsemi og nýsköpun í þéttbýli og dreifbýli.

Þéttleiki byggðar á atvinnusvæðum skal taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim.

Atvinnu- og þjónustusvæði eru aðgengileg og aðlaðandi og öll megin verslun og þjónusta er miðsvæðis.

Tryggt verði nægjanlegt framboð iðnaðar- og athafnasvæða í góðum tengslum við stofnvegi og hafnir og þar sem áhrif á íbúðarbyggð eru sem minnst.

Á Bakka verði til framtíðar grænn iðngarður sem byggir á hringrásarhugsun, með hugmyndafræði sem felst í samstarfsneti fyrirtækja sem í raun skiptast á orku og hráefnum, og breyta þannig auðlindum og úrgangi hvers konar í verðmæti. Uppbyggingu í iðnaði verði að hluta til beint á Bakka.

Stuðlað verði að frekari nýtingu vatns og jarðhita til fiskeldis, ylræktar eða annarrar nýtingar sem byggir á virðingu fyrir umhverfinu.

*Útfærsla í skipulagi*

- Afmörkuð eru atvinnusvæði í þéttbýli og dreifbýli fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi og sett stefna og skilmálar um margvíslega atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum.
- Sérskilmálar fyrir Bakka uppfærðir miðað við stefnu um uppbyggingu grænna iðngarða.
- Settir eru skilmálar fyrir atvinnusvæði að þéttleiki byggðar og yfirbragð atvinnusvæða skuli taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim.
- Afmörkuð eru iðnaðarsvæði fyrir vindorkuverin Hnotastein og Reyðarárgarð í samræmi við stefnu um nýtingu auðlinda til orkuframleiðslu (kafli 6.4).



## 4.2 Ferðaþjónusta

### Forsendur

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi í Norðurþingi. Áfangastaðaáætlun Norðurlands 2021 er sameiginleg viljayfirlýsing um hvernig stýra skuli áfangastöðum á svæðinu auk þess sem þar er sett fram framtíðarsýn ferðaþjónustunnar á Norðurlandi. Meðal lykilverkefna eru Norðurstrandaleið og Demantshringurinn og settur er fram forgangslisti verkefna sem vinna þarf að til að tryggja öfluga starfsemi ferðaþjónustunnar. Mikill vilji er til þess að dreifa ferðafólki og lengja ferðatímabilið til að jafna álag á ferðamannastaði og innviði og styrkja grundvöll ferðaþjónustu á svæðinu. Einn liður í þessu væri að tryggja opnun Dettifossvegar allt árið en vetrarþjónusta um hann er takmörkuð sem hefur neikvæð áhrif á áfangastaðinn Norðurþing að vetrarlagi.

Í áfangastaðaáætlun eru taldir upp nokkrir áhugaverðir ferðamannastaðir; Gatanöf, Veggurinn, Viti á Raufarhöfn, Naustárfoss og Hvalvík. Hluti þessara staða er settur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi og heimilt að gera þar áningarstaði.

Á Húsavík er boðið upp á mikið úrval afþreyingar, bæði náttúrulegrar og menningarlegrar, en Húsavík er einn af stóru áfangastöðunum í Norðurþingi. Höfnin með tækifærum í hvalaskoðun og kajakferðum er mikið aðdráttarafl, söfnin, sjóböðin, sundlaugin og úrval valkosta í mat og drykk gera staðinn að einstökum áfangastað. Fjölgun gesta felur bæði í sér tækifæri og áskoranir. Sveitarfélagið setti sér árið 2023 vinnureglur um umsagnir vegna rekstrarleyfa til sölu gistingar þar kemur m.a. fram að ekki verði veittar jákvæðar umsagnir fyrir nýjum rekstrarleyfum til sölu gistingar í íbúðarbyggð í þéttbýli.

Vatnajökulsþjóðgarður er mikilvægur áfangastaður í Norðurþingi. Við endurskoðun aðalskipulagsins var litið til gildandi stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn sem tók gildi 5. júlí 2022 og haft samráð við Vatnajökulsþjóðgarð. Af áhugaverðum viðkomustöðum utan Vatnajökulsþjóðgarðs má nefna Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, Rifstanga, Rauðanúp og Hraunhafnartanga á Melrakkasléttu, fossaröð og gljúfrin austan ár.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru nýr landnotkunarflokkur í aðalskipulagi Norðurþings skv. skipulagsreglugerð. Í skipulaginu eru afþreyingar og ferðamannasvæði afmörkuð fyrir fjallaskála, tjaldsvæði og áningarstaði þar sem gert er ráð fyrir  byggingum, t.d. snyrtingu og þjónustuhúsum. Þetta á t.d. við um áningarstaði innan Vatnajökulsþjóðgarðs, á Demantshringnum og Norðurstrandarleið.

Fjallaskálar eru skilgreindir sem afþreyingar og ferðamannasvæði, þeir eru einkum nýttir sem gangnamannaskálar.

Tjaldsvæði eru nokkur í sveitarfélaginu og gert ráð fyrir áframhaldandi starfsemi á þeim.

### Stefna

Ferðaþjónusta er einn af lykilatvinnuvegum sveitarfélagsins og einkennist af fagmennsku og virðingu fyrir umhverfi og fólki.

Byggja skal upp tækifæri til að efla ferðaþjónustu í dreifbýli og þéttbýli.

Ferðamenn eiga kost á góðri gistingu og þjónustu, fjölbreyttri afþreyingu og upplifun í tengslum við menningu, sögu, náttúru og útivist. Við upp-

byggingu ferðaþjónustu skal líta til umhverfissjónarmiða og að hún falli vel að annarri landnotkun.

Norðurþing vill bjóða upp á góða aðstöðu fyrir ferðafólk allt árið og vill vinna að því að ferðafólk dvelji lengur í sveitarfélaginu. Í Norðurþingi er boðið upp á afþreyingar- og ferðamannasvæði með góðri aðstöðu m.a. áningarstaði, tjaldsvæði og aðstöðu við fjölsótta ferðamannastaði.

Stærri tjaldsvæði skulu rekin á skilgreindum svæðum. Þar er heimilt að reisa þjónustuhús og smáhýsi og aðra þá aðstöðu sem gott tjaldsvæði krefst. Minni tjaldsvæði eru heimil á landbúnaðarsvæðum ef þjónusta er takmörkuð.

Uppbyggingu gistirýmis og veitingaþjónustu í dreifbýli skal beina á þau verslunar- og þjónustusvæði sem skilgreind eru á aðalskipulagi.

Stutt er við uppbyggingu Demantshringsins og Norðurstrandarleiðar með áningarstöðum á þeim leiðum. Sveitarfélagið lítur til Áfangastaðaáætlunar Norðurlands við stefnumótun sína og styður við þær hugmyndir sem þar eru settar fram. Bæta þarf vetrarþjónustu á Dettifossvegi til að styrkja Demantshringinn sem heilsárs ferðamannaleið.

Skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannastaði innan Vatnajökulsþjóðgarðs skulu vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Skipulag og ákvarðanir stuðli að sjálfbærri ferðaþjónustu, sem hámarkar ávinning íbúa og upplifun ferðamanna en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.

Vernda og byggja upp innviði í samræmi við áfangastaðaáætlun og áætlanir um friðlýsingar og náttúruvernd.

*Útfærsla í skipulagi:*

- Sett er stefna um áningarstaði þar sem er gert ráð fyrir uppbyggingu og þeir skilgreindir með landnotkunina afþreyingar- og ferðamannasvæði. Hluti þeirra er innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Settir eru skilmálar um fjallaskála og þeir skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- Tjaldsvæði eru á afþreyingar- og ferðamannasvæðum.
- Gisting og minni veitingaþjónusta er heimil á landbúnaðarsvæðum, sjá nánar stefnu og skilmála fyrir landbúnaðarsvæði. Viðameiri ferðaþjónusta í dreifbýli og þéttbýli er á verslunar- og þjónustusvæðum, eða miðsvæðum.



## 4.3 Landbúnaður og óbyggð svæði

### Forsendur

Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem víðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjalands og menningarlandslags. Standa skuli vörð um landbúnaðarland og önnur verðmæt landgæði. Skipulagsákvarðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar skuli byggjast á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðarflokkunar.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags var allt land sveitarfélagsins flokkað með tilliti til hæfni þess til ræktunar. Niðurstaða kortlagningarinnar er sett fram í skýrslunni *Norðurþing. Flokkun landbúnaðarlands 2025*. Niðurstaða flokkunar á landbúnaðarlandi leiðir í ljós að almennt er Norðurþing ekki ríkt af samfelldu mjög góðu eða góðu ræktunarlandi í flokki I og II (mynd 10).

Niðurstaða flokkunar landbúnaðarlands er nýtt til að marka stefnu um landbúnaðarsvæði og afmarka landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði í aðalskipulaginu. Við þá afmörkun var jafnframt horft til niðurstöðu flokkunar og kortlagningar landslagsgerða á landsvísu frá 2020, vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar, loftmynda, landamerkja, ábendinga við vinnslutillögu og grunnflokkun fyrir landbúnaðarland sem unnið er fyrir allt landið.




**MYND 10**. Flokkun landbúnaðarlands í Norðurþingi. Grænu svæðin eru besta ræktunarlandið í flokki I og II, gulir og brúnir flákar eru lakara ræktunarland. Sjá greinargerð um flokkun landbúnaðarlands og stærri uppdrátt þar.

Óbyggð svæði eru fjallendi, heiðar og hásléttur ofan skilgreindra landbúnaðarsvæða. Þessi svæði eru nýtt á hefðbundin hátt sem óræktað landbúnaðarland til beitar með þeim takmörkunum sem við þau eiga. Svæðin eru óbyggð en þar geta verið stöku fjallaskálar. Á óbyggðu svæði í upplandi Reykjahverfis, Húsavíkur og Kelduhverfis eru vatnsverndarsvæði og um þau liggja raflínur, vegir, reiðleiðir og slóðar. Hluti svæðisins er hverfisverndað. Á óbyggðu svæði Öxarfjarðarheiðar, Tunguheiðar, Búrfellsheiðar og Hólsfjalla eru slóðar og reiðleiðir en lítið um önnur mannvirki. Til tals hefur komið að um norðanvert svæðið fari ný loftlína milli Öxarfjarðar og Þórshafnar en Landsnet er að skoða valkosti um legu þeirrar línu. Línan myndi styrkja raforkuflutning til Þórshafnar, sem veruleg þörf er á.

Landeigendum er áfram tryggður hefðbundinn beitar- og nýtingarréttur á afrétti. Stefnt er að áframhaldandi landbótaaðgerðum á afrétti og er hluti þeirra skilgreind landgræðslusvæði. Hluti afrétta er óbyggð víðerni. Við mótun stefnu fyrir afrétti er leitast við að útfæra stefnu um uppbyggingu þannig að mannvirki og umferð um hálendið hafi sem minnst áhrif á víðerni og önnur náttúrugæði.

Óbyggðum svæðum er skipt í nokkra fláka og settir skilmálar fyrir hvern þeirra. Við stefnumörkun og afmörkun svæða var m.a. stuðst við niðurstöðu á flokkun landbúnaðarlands, loftmynd frá Loftmyndum, landamerki frá HMS, þjóðlendumörk, flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu og afmörkun verndarsvæða.

## Stefna

- Byggð í dreifbýli byggir á hefðbundnum landbúnaði auk annarrar atvinnustarfsemi sem styður við grundvöll búsetu og fellur vel að umhverfinu og annarri landnotkun í dreifbýli.
- Besta ræktunarlandið í Reykjahverfi, Kelduhverfi og Öxarfirði, land í flokki I, skal fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu.
- Leitast skal við að beina íbúðarbyggð, frístundabyggð, þjónustustarfsemi, skógrækt eða annarri starfsemi frá góðu samfelldu ræktarlandi.
- Ef taka á góð landbúnaðarsvæði undir annað en ræktun þarf að gera grein fyrir áhrifum á landbúnaðarframleiðslu eða hvar hægt er að rækta í staðinn, áður en ákvörðun um breytta landnotkun er tekin. Ef taka á gott landbúnaðarland undir önnur not þá þarf að rökstyðja slíka breytingu með tilliti til viðmiða í 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 um verndun landbúnaðarlands.
- Tryggð verði svæði sem hægt er að nýta til beitar.

### *Útfærsla í aðalskipulagi*

- Settir eru almennir skilmálar um að allar ákvarðanir um ráðstöfun landbúnaðarlands til uppbyggingar taki mið stefnu um varðveislu landbúnaðarlands, vernduð svæði, líffræðilegan fjölbreytileika og menningarminjar. Besta ræktunarlandið skal fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu og uppbyggingu beint á bæjartorfur.
- Stefna um að besta ræktunarlandið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu er útfærð með afmörkun landnotkunarreita L1 og settir viðeigandi skilmálar.
- Í skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði eru heimildir fyrir aðra atvinnustarfsemi.

- Í samræmi við stefnu um byggðamynstur eru skilmálar settir fyrir íbúðarhús í sérskilmálum landbúnaðarsvæða.

## 4.4 Skógrækt og landgræðsla

**Forsendur**

Landgræðsla og skógrækt gegna hlutverki í kolefnisbindingu eins og um er fjallað í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Landsskipulagsstefna beinir því til sveitarfélaga að marka í aðalskipulagi stefnu um skóga og skógrækt með það að markmiði að tryggja viðhald og útbreiðslu náttúruskóga, vernda líffræðilega fjölbreytni og auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Í kafla 2.3 í Landi og lífi, landgræðsluáætlun og landsáætlun um skógrækt kemur fram að þróuð og innleidd verði ný gæðaviðmið við val á landi til skógræktar. Í gæðaviðmiðunum skal sérstaklega gerð grein fyrir forsendum fyrir vali á landi til skógræktar m.t.t. náttúruverndar, minjaverndar og landslags.

Landeyðing er víða mikil í Norðurþingi og landgræðsla hefur verið stunduð í sveitarfélaginu lengi. Stærsta landgræðslusvæðið er á Hólsfjöllum í fyrrum Öxarfjarðarhreppi, um 90.000 hektarar að stærð. Þá eru stór svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs auk svæða í nágrenni Húsavíkur og við Leirhafnarfjöll. Ágangur sands er vandamál á aurum Jökulsár í Öxarfirði, þar sem eru nokkrar aðskildar landgræðslugirðingar. Landgræðslufélag Öxarfjarðarhrepps er starfandi og vinnur m.a. að stöðvun jarðvegsfoks og uppgræðslu á Öxarfjarðarheiði. Bændur og búnaðarfélög hafa einnig stundað uppgræðslu, oft í samstarfi við Land og skóg. Við afmörkun landgræðslusvæða var stuðst við kortlagningu frá Landi og skógi.

Skipulögð skógrækt er stunduð á nokkrum stöðum. A.m.k. þrjú skógræktarfélög eru í sveitarfélaginu; Skógræktarfélag Húsavíkur, Skógræktarfélag Reykhverfinga og Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga. Í kringum þéttbýlisstaðina Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn eru grænir treflar þar sem gróðursetning trjáa er heimil til að skapa góð útivistarsvæði. Í Norðurþingi eru þó nokkrar jarðir samningsbundnar Landi og skógi (áður Norðurlandsskógum) um landshlutabundið skógræktarverkefni. Þá er Kolviður með samning um svæði á Ærvíkurhöfða og Yggdrasill Carbon með samninga um svæði við Saltvík og Þverá í Reykjahverfi.

Áhugi er fyrir því hjá jarðeigendum að nýta hluta jarða sinna til skógræktar. Til viðbótar við hvata til að rækta landið og græða, þá er vonast til að það opnist möguleikar til að selja kolefnisbindingu nýskógræktar. Skógrækt á slíkum grunni er líkleg til að styðja við stefnu sveitarfélagsins um að efla búsetu í dreifbýli þar sem hún felur í sér atvinnusköpun í dreifbýli við gróðursetningu og mögulega nýtingu viðar síðar, auk umhirðu skóga á vaxtartíma þeirra.

Fyrir liggja samningar um skógrækt og landgræðslu við endurskoðun aðalskipulagsins og eru þau svæði sett inn á skipulagsuppdrátt út frá kortlagningu landgræðslu- og skógaræktarsvæða frá Landi og skógi. Nákvæmni þessara gagna er óviss.

Það er stefna sveitarfélagsins að ný skógræktarsvæði sem eru 50 ha eða stærri kalli á breytingu á aðalskipulagi en að minni svæði séu á landbúnaðarsvæðum, ef þau eru að öðru leyti í samræmi við stefnu um landbúnaðarland og almenna skilmála.

Ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á svæðum með vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar og

alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Í Norðurþingi eru náttúrulegir birkiskógar og er vilji til þess að viðhalda þeim og stuðla að útbreyðslu þeirra enda eru birkiskógar hluti af líffræðilegri fjölbreytni og eitt af lykilvistkerfum Íslands.

## Stefna

Skógrækt miði einkum að því að græða land, bæta landgæði, binda kolefni, mynda skjól og bæta útivistaraðstöðu.

Skógræktarsvæði sem eru 50 ha og stærri skulu afmörkuð á skipulagsuppdrætti. Ný svæði 50 ha og stærri kalla á breytingu á aðalskipulagi.

Stuðla skal að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting sé í samræmi við landgæði og ástand lands.

Skógrækt og landgræðsla skal taka mið af náttúrufari og einkennum landslags, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá.

Við skipulag skógræktar skal hugað að því að vernda landslag og ásýnd svæða sem hafa verndargildi. Skógrækt, önnur en ræktun skjólbelta, skal ekki heimiluð á svæðum sem falla undir flokk I í flokkun landbúnaðarlands. Leitast skal við að beina skógrækt, annarri en ræktun skjólbelta, annað en á svæði í flokki II í flokkun landbúnaðarlands og votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Leggja ber áherslu á gróðursetningu innlendra trjátegunda, birkis, reynis og víðis. Öll ræktun erlendra tegunda er óheimil á svæðum með vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 400 m hæðar yfir sjó.

Forðast skal að raska birkiskógi og unnið verði að endurheimt og útbreiðslu náttúrulegs birkiskógar þar sem unnt er. Við endurheimt verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði. Leitast verði við að nota íslenskt birki við skógrækt, a.m.k. við skógarjaðra.

Landgræðsla er m.a. heimil á landbúnaðarlandi og á óbyggðum svæðum. Skógrækt, önnur en nytjaskógrækt er einnig heimil á óbyggðum svæðum, ef skógræktarsvæðið er undir 50 ha.

Skipulag og plöntun miði að því að fella skóg að landlínum og ríkjandi formum í landslaginu. Þannig sé skógræktin teygð upp eftir lægðum og giljum en dregin niður fyrir ása og hryggi eða leitast við að skapa líkt mynstur og er í náttúrulegri gróðurþekju landsins. Forðast skal að planta í beinar línur þvert á hæðarlínur.

Landgræðsla miði að því að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu, sand- og vikurfok, fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll og byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf. Einnig til bindingar gróðurhúsalofttegunda.

Við uppgræðslu lands skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Áhersla verði aukin á notkun íslenskra gróðurtegunda við landgræðslu og lögð áhersla á að styrkja innlendan gróður og þar með endurheimt náttúrulegra vistkerfa. Gætt verði að því að ágengar tegundir kaffæri ekki íslenskan gróður. Sérstaklega þarf að gæta þess að framandi ágengar tegundir berist ekki inn í Vatnajökulsþjóðgarð og valdi skaða á fjölbreyttu gróðurfari hans. Norðurþing mun beita sér fyrir því að unnar verði landgræðslu-

áætlanir fyrir hvert svæði þar sem gerð verður grein fyrir markmiðum og áherslum landgræðslu á viðkomandi svæði.

Sveitarfélagið stefnir að því að móta leiðbeiningar tengdar leyfisveitingum vegna skógræktaráforma, þar á meðal um framkvæmdaheimildir.

*Útfærsla í skipulagi:*

- Afmörkuð eru skógræktar- og landgræðslusvæði á uppdrætti og settir skilmálar.
- Settir eru skilmálar um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum.



# 5 GÓÐ GRUNNKERFI

Til grunnkerfa teljast samgöngumannvirki og veitukerfi.

## 5.1 Samgöngur

**Forsendur**

Vegurinn yfir Hólaheiði og Vaðlaheiðargöng hafa bætt samgöngur mikið frá því aðalskipulagið var síðast endurskoðað. Vilji er til að stytta leiðina milli Húsavíkur og Akureyrar eins mikið og hægt er og eru vegabætur á þeirri leið mikilvægar. Einbreið brú yfir Skjálfandafljót er í Þingeyjarsveit og hefur umferð stærri ökutækja um hana verið takmörkuð. Þörf fyrir nýja brú þar er aðkallandi og jafnframt brýr á fleiri stöðum. Brú yfir Jökulsá á Fjöllum á að byggja á nýjum stað og brúin í Kelduhverfi er flöskuháls í flutningum.

Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 þá er Norðausturvegur norðan við Húsavík á áætlun á árunum 2022-2024. Sú framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag. Ný Samgönguáætlun 2024-2038 var til umfjöllunar á Alþingi en hefur ekki verið samþykkt.

Norðurþing vill vinna markvisst að umferðaröryggi og stefnir að því að vinna umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið á næstu árum.

Almenningssamgöngur eru frá Akureyri til Húsavíkur en engar almenningssamgöngur eru austur fyrir Húsavík.

Í áfangastaðaáætlun fyrir Norðurland er sett skýr stefna um uppbyggingu Demantshringsins og Norðurstrandaleiðar sem áfangastaða í Norðurþingi. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir áningarstöðum á afþreyingar- og ferðamannasvæðum á þessum leiðum. Í samræmi við stefnu um heilsárs ferðaþjónustu er brýnt að bæta vetrarþjónustu á Dettifossvegi.

Í áfangastaðastaðaáætlun er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu frá Þeistareykjavegi að Botnsvatni. Núverandi vegur er mjög slæmur og barn síns tíma og þörf er á öruggari og greiðari leið að Botnsvatni, sem er vel þekkt útivistarperla meðal heimafólks og ferðafólks.




Í samtölum við hafnarstjórn hefur komið fram að breytingar eru til skoðunar á afmörkun hafnarmannvirkja innan þéttbýlis á Húsavík. M.a. er unnið að heildstæðri hönnun hafnarsvæðisins og verið er að finna leiðir til að bæta viðleguöryggi. Við ákveðnar aðstæður verður mikill straumur inni í höfninni og þarf að bregðast við með breyttri hönnun varnargarða. Meiri umsvif á Húsavík kalla einnig á fleiri viðlegukanta og athafnarými á bryggjum. Á Kópaskeri er mikil sandsöfnun í höfninni og er til skoðunar að bregðast við því með breytingu á varnargörðum. Endurbætur eru fyrirhugaðar á Raufarhöfn og er áformað að trébryggja muni víkja fyrir flotbryggjum í smábátahöfninni. Við vinnu aðalskipulagsins var haft samráð við hafnarstjórn og liggur útfærsla þessara endurbóta ekki fyrir. Þó liggja fyrir drög fyrir Húsavíkurhöfn og því eru viðbætur settar inn á skipulagsuppdrátt til að mögulegt sé að framlengja Bökugarð til suðurs og Suðurgarð til suðvesturs. Eins er gert ráð fyrir Stangarbakkagarði sem er nýr grjótgarður og ætlað að minnka öldu og sog í höfninni.

Í sjálfbæru bæjarskipulagi er skipulag byggðar og samgangna samþætt með áherslu á vistvænar samgöngur, og að íbúar geti sinnt helstu daglegu þörfum í göngufæri frá heimili. Oft er þar miðað við 20 mínútna hverfið og að með því sé dregið úr þörf fyrir langar bílferðir og sem flestum gert kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi. Hlaupajól og rafhlaupa-hjól hafa einnig komið sterkt inn sem valkostur á síðustu árum. Þegar fleiri ganga eða hjóla dregur úr bílaumferð, hljóðvist og loftgæði batna og hverfi verða líflegri. Því þarf aðstaða að vera góð og nýtast bæði til samgangna, útivistar og hreyfingar.

Í aðalskipulaginu eru skilgreindar **megingönguleiðir** fyrir gangandi og hjólandi í þéttbýli, byggt að gönguleiðum í eldra aðalskipulagi. Þeim er ætlað að safna til sín fólki og tengja saman mannlíf bæjanna, helstu þjónustukjarna, skóla og hverfi. Aðskilja skal stofnstíga frá bílaumferð og einnig gangandi umferð frá hjólandi þar sem kostur er. Vilji er til þess að vinna sérstakt heildarskipulag fyrir stígakerfi þéttbýlisstaðanna á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn á fyrri hluta gildistíma aðalskipulagsins og framkvæmdaáætlun á grunni þess. Samhliða yrðu megin reiðleiðir til skoðunar. Víðs vegar í dreifbýli og á hálendi er að finna gönguleiðir, hluti þeirra er sýndur á skipulagsuppdrætti.




**MYND 11.** Hugmyndafræði um 20 mínútna bæinn.

**Reiðleiðir** liggja víða um sveitarfélagið og gegna bæði mikilvægu hlutverki fyrir heimamenn og ferðaþjónustu. Í aðalskipulaginu er sett stefna um meginreiðleiðir innan sveitarfélagsins og þær sýndar á uppdrætti. Markmiðið er að sýna stefnu um reiðveganet sem nýta má til að fara um héraðið en nákvæm lega leiðanna er ekki fastsett, svo sem hvoru megin vegar þær liggja þegar þær liggja með vegum.

Flugvellir eru  í Aðaldal, á Kópaskeri og Raufarhöfn. Reglubundið áætlun-arflug hefur verið til Húsavíkur en nokkur óvissa er um framtíð þess, og komið hafa tímabil þar sem því hefur verið hætt. Þessir flugvellir eru á gildandi aðalskipulagi og engin áform um breytingar. Flugbraut er á

Grímsstöðum sem er lendingarstaður án þjónustu. Allir lendingarstaðirnir hafa mikilvægt hlutverk vegna sjúkraflugs.

Sveitarfélagi ber að vinna tillögu að skrá um **vegi í náttúru Íslands** samhliða gerð aðalskipulags sbr. reglugerð 260/2018. Samkvæmt leiðbeiningum Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um Vegi í náttúru Íslands – gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum þá tekur vegaskráin til vega í náttúru Íslands, annarra en þjóðvega, bæði á hálendi og láglendi. Vegir skulu flokkaðir í flokka F0 - F3, eftir því hversu greiðfærir þeir eru. Vegirnir eru sýndir á skýringaruppdrætti í viðauka. Á kynningartíma skipulagslýsingar og vinnslutillögu óskaði sveitarfélagið sérstaklega eftir ábendingum um kortlagninguna, og bárust nokkrar ábendingar.

Við gerð tillögu að flokkun vega ber að hafa samráð við Umhverfisstofnun/Náttúruverndarstofnun, Vegagerðina, Land og skóg, Landmælingar Íslands/Náttúrufræðistofnun, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar. Auk þess var samráð við sveitarfélagið og íbúa. Samráð við þessa aðila var samþætt við samráð vegna vinnslu og kynningar á aðalskipulagstillögu.

## Stefna

- Að tryggja öruggar, þægilegar og vistvænar samgöngur fyrir alla með góðum innviðum fyrir gangandi og hjólandi og góðar almenningssamgöngur. Góðar megingönguleiðir í þéttbýli verði tryggðar, þær verði lýstar og haldið opnum að vetri til. Útivistarstígar tengja megingönguleiðir við útivistarsvæði við þéttbýli og mynda vef útivistarsvæða. Á fyrri hluta gildistíma aðalskipulagsins verði unnið heildarskipulag fyrir stígakerfi þéttbýlisstaðanna og framkvæmdaáætlun á grunni þess.
- Innviðir styðji við orkuskipti í samgöngum.
- Að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð fyrir efnahag, samfélag og umhverfi og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla.
- Unnið verði markvisst að meira umferðaröryggi í sveitarfélagi, m.a. með gerð umferðaröryggisáætlunar á fyrri hluta gildistíma aðalskipulagsins. Stuðlað verði að umferðaröryggi með því að takmarka umferðarhraða í þéttbýli við 30 km/klst sem víðast í íbúðargötum og í nágrenni skóla.
- Tryggð er hafnaraðstaða fyrir útgerð, landvinnslu, ferðaþjónustu, smábátasjómennsku og aðra starfsemi.
- Íbúum verði auðveldaður aðgangur að þjónustu á höfuðborgarsvæðinu með hagkvæmu innanlandsflugi.
- Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.

### *Útfærsla í skipulagi:*

Stofn- og tengivegir, megingönguleiðir, útivistargönguleiðir, reiðleiðir og flugvellir eru sýndir á skipulagsuppdráttum.

- Ný vegtenging frá Þeistareykjavegi að Botnsvatni er einnig ávörpuð í skilmálum fyrir hverfisverndarsvæði við Botnsvatn og skógræktarsvæði við Botnsvatn. Tengibraut um jarðgöng undir Húsavíkurhöfða er framlengd til norðurs þannig að hún tengist Norðausturvegi sem er í samræmi við gildandi deiliskipulag Bakka.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarsvæði og svæði þar sem eru skólar í þéttbýli er lögð áhersla á að takmarka umferðarhraða við 30 km/klst.
- Afmörkuð eru hafnarsvæði á landi og sjó. Stangarbakkagarði á Húsavík er bætt á skipulag og gert ráð fyrir lengingu á Bökugarði og Suðurgarði. Bætt er inn á uppdrátt lendingarstað á Grímsstöðum sem hefur verið þar lengi, en var ekki á uppdrætti.

## 5.2 Veitur

**Forsendur**

**Rafmagn**

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir meginflutningskerfi Landsnets auk megintenginga Rarik milli byggðalaga; jarðstreng frá Bakka að Húsavík, jarðstreng frá Kópaskeri til Raufarhafnar og jarðstreng frá Kópaskeri að Þórshöfn.

Stefnan er í samræmi við Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032. Í samtali við Landsnet kom fram að stefnt er að nýju tengivirki í Öxarfirði og nýrri 132 kV línu þaðan og yfir á Þórshöfn. Ákvörðun um legu línunnar og staðsetningu tengivirkisins liggur ekki fyrir en fyrstu hugmyndir gera ráð fyrir að loftlína liggi í nálægð við veginn yfir Öxarfjarðarheiði en engin ákvörðun hefur verið tekin og samráð getur haft áhrif á endanlega ákvörðun. Takmarkanir í kerfinu leyfa ekki jarðstreng á línuleiðinni. Línan er í langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku skv. kerfisáætlun og er hluti af forgangsverkefnum til að stórauka flutningsgetu á raforku til Þórshafnar og nágrennis sem lagt er til að Landsnet taki að sér, skv. skýrslu starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi. Uppbygging á Bakka getur kallað á tvöföldun línu þangað, en sú lína er nú þegar á skipulagi.

Á vef Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar hefur verið sagt frá nýlegri breytingu á skipulagsreglugerð í samræmi við breytingu á skipulagslögum nr. 35/2023 þar sem fjallað er um undirbúning og gerð raflínuskipulags og störf raflínunefndar. Í skipulagslögum er það nýmæli að gerð verði sérstök skipulagsáætlun, þ.e. tekin ein sameiginleg skipulagsákvörðun, fyrir raflínur sem tilheyra flutningskerfi raforku. Þá verður aðeins veitt eitt framkvæmdaleyfi fyrir línu í stað framkvæmdaleyfis frá hverju sveitarfélagi sem lína liggur um. Raflínuskipulag mun ná til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og mun marka stefnu fyrir tiltekna framkvæmd í flutningskerfi raforku sem byggist á samþykktri kerfisáætlun. Ábyrgð á gerð og afgreiðslu raflínuskipulags er í höndum raflínunefndar.

Raflínuskipulag er rétthærra en svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag fyrir þá framkvæmd sem það tekur til. Eftir að búið er að samþykkja raflínuskipulag ber hverri sveitarstjórn að sjá til þess að framkvæmdin sé tekin upp í aðalskipulagi sveitarfélags við næstu endurskoðun þess, þó eigi síðar en fjórum árum frá samþykkt raflínuskipulagsins. Aðlögun skipulagsáætlana sveitarfélaga að ákvæðum raflínuskipulags þarf ekki að vera lokið áður en raflínunefnd gefur út framkvæmdaleyfi. Breytingar á lögum sem kveða á um þetta tóku gildi 1. september 2023 og breyting á skipulagsreglugerð tók gildi í júní 2024. Sveitarfélög veita umsagnir um tillögur að raflínuskipulagi.

Aðalskipulagið gerir tillögu að tveimur vindorkugörðum, Reyðarárgarði og Hnotasteini. Landsnet hefur bent á að ef áform eru um vindorkuver á

svæðinu þá þarf að skoða hvort meginflutningskerfið bjóði upp á flutning á raforku þeim tengdum.

**Heitt vatn**

Orkuveita Húsavíkur þjónar Húsavík og nágrenni og Aðaldal í Þingeyjarsveit. Heita vatnið kemur frá Hveravöllum um megin aðveituæð. Verið er að bora eftir heitu vatni suðaustan og austan við Húsavík. Hitaveitan er ágætlega stödd með heitt vatn í dag og næstu u.þ.b. 10 ár, miðað við íbúaþróun eins og hún hefur verið. Ef mikil eftirspurn verður eftir heitu vatni, vegna íbúafjölgunar eða eftirspurnar frá atvinnulífinu, þá þarf meira heitt vatn. Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs þjónar svæðinu Skinnastaður í suðri til Kópaskers í norðri að frátöldum þeim bæjum sem eru of langt frá til að afhending sé tæknilega og kostnaðarlega möguleg. Engin hitaveita er á Raufarhöfn og ekki hefur fundist heitt vatn í nægilega miklu magni til að nýta það, þó nýting sé ekki útilokuð til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að stækka megi núverandi stofnæð Hitaveitu Öxarfjarðar frá Skógalóni til Kópaskers eða leggja nýja lögn meðfram henni. Gert er ráð fyrir möguleika á nýrri heitavatnslögn frá Þeistareykjum að Húsavík, sbr. svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Þessi lagnaleið hefur verið lengi inni á aðalskipulagi sem möguleg veitulögn til framtíðar. Nú er einnig til skoðunar möguleikinn á að leggja lögn frá Þeistareykjum til iðnaðarsvæðisins á Bakka og að þaðan verði möguleg tenging inn á hitaveitukerfi Húsavíkur. Þessi leið er sett inn á skipulagsuppdrátt með þó þeim fyrirvara að engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort eða hvenær yrði af gerð hitaveitulagnar frá Þeistareykjum, að Bakka enda um stóra fjárfestingu að ræða og undirbúningur skammt á veg kominn.

**Kalt vatn og vatnsverndarsvæði**

Vatnsból og vatnsverndarsvæði eru sýnd í aðalskipulagi. Vatnsverndarsvæðum er skipt upp í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði í samræmi við reglugerð nr. 533/2001.

Aðalvatnsból Húsavíkur er rétt austan við bæinn. Annað vatnsból er sunnan við bæinn sem er ekkert nýtt í dag, en horft er til þess til framtíðar.

Tengt uppbyggingu á Bakka voru lagðar lagnir þangað frá Bakkárlindum og Reyðarárlindum sem eru austan við Bakka. Ætlunin var að nýta vatnið sem slökkvivatn en nú stendur til að nýta þessar lindir fyrir neysluvatn. Vatnaskil hafa skoðað neysluvatnsmál fyrir Orkuveitu Húsavíkur og sett fram í minnisblaði sem dagsett er í desember 2018. Þar er m.a. uppdráttur sem sýnir vatnsból fyrir Bakkárlindir og Reyðarárlindir og afmörkun vatnsverndarsvæða fyrir þau og vatnsból Húsavíkur. Á skipulagsuppdrætti er afmörkun vatnsverndarsvæða breytt til samræmis við minnisblað Vatnaskila, enda var beitt vatnafarslíkani til að ákvarða aðrennslissvæði vatnsbólanna.

Vatnsverndarsvæði eru fyrir vatnsból Húsavíkur, Kópaskers og Raufarhafnar í tengslum við vatnsveitur sem eru reknar af sveitarfélaginu.

Í Kelduhverfi eru skilgreind brunnsvæði og í tengslum við þau nokkuð umsvifamikil grannsvæði og fjarsvæði. Þessi svæði voru flest í Aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007. Grann- og fjarsvæðin virðast hafa verið afmörkuð mjög rúmt og er hér gerð tillaga að því að þau falli niður. Brunnsvæðunum er hins vegar haldið inni en óvissa er um hversu stór grann- og fjarsvæði þarf að afmarka vegna þessara brunnsvæða og liggja ekki fyrir rannsóknir til að styðjast við þar. Samkvæmt reglugerð um neysluvatn skal

heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

**Fráveita**

Í landsskipulagsstefnu er mælt fyrir um að við skipulagsgerð verði tryggt að fráveita anni þörfum íbúa og atvinnulífs þannig að viðmið um gæði viðtaka séu uppfyllt. Blágrænar ofanvatnslausnir skulu nýttar eins og kostur er til að lágmarka álag á fráveitu og vatnshlot með það að markmiði að viðhalda náttúrulegri hringrás vatns.

Engin hreinsun fráveitu er í þéttbýli í sveitarfélaginu en tryggja þarf að tekin séu frá svæði í skipulagi fyrir viðeigandi hreinsun. Fyrir liggur samþykkt um fráveitumál í sveitarfélaginu Norðurþingi frá 2018 sem gerir m.a. grein fyrir skyldum sveitarfélagsins um fráveitumál og fráveituframkvæmdir og réttindum og skyldum eigenda og notenda fráveitna. Í þéttbýli skulu öll hús tengd sameiginlegri fráveitu. Í dreifbýli þar sem ekki er hægt að tengja inn á sameiginlega fráveitu getur heilbrigðisnefnd veitt leyfi til að setja niður rotþró eða önnur hreinsivirki.

Áætlanir gera ráð fyrir skólphreinsistöð á hafnarsvæðinu í Húsavík, á lóð nr. 6 við Norðurgarð. Ein stór útrás er við Bökugarð/Bakkaveg, regnvatnsútrásir eru í höfnina og útrás sunnarlega í bænum við Þorvaldsstaðaá. Gert er ráð fyrir hreinstöð fyrir Bakkasvæðið norðan Húsavíkur.

Á Kópaskeri er ein útrás norðan við bryggjuna og vinna þarf að lausn til hreinsunar. Gert er ráð fyrir hreinsistöð á hafnarsvæðinu. Á Raufarhöfn eru margar útrásir en verið er að fækka þeim með því að sameina þær. Stefnt er að því að halda áfram að fækka útrásum og til framtíðar er gert ráð fyrir hreinsistöð á hafnarsvæðinu.

**Fjarskipti**

Góð fjarskipti eru lykilþáttur í nútíma samfélagi. Lagður hefur verið ljósleiðari um sveitarfélagið og hefur meirihluti íbúðarbyggðar verið tengdur. Stór hluti sumarhúsabyggðar á einnig kost á tengingu inn á ljósleiðarakerfið eða um farsímanetið. 4G kerfið er útbreitt um sveitarfélagið auk þess sem 5G kerfið er í uppbyggingu um land allt. Nauðsynlegt er út frá öryggissjónarmiðum að tryggt fjarskiptasamband sé um allt sveitarfélagið, til að tryggja að hægt sé að ná til allra íbúa og ferðamanna, komi til óvæntra atvika.

Mannvirki fyrir fjarskipti eru almennt fyrirferðarlítil og ekki afmörkuð sérstaklega í skipulagi heldur mörkuð almenn stefna um að mannvirkjagerð fyrir fjarskiptakerfi mæti þörfum samfélagsins. Með fyrirferðarlitlum mannvirkjum er átt við fjarskiptamöstur allt að 35 m há með aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Staðsetningu stærri mastra, mastrasvæða og fjarskiptamannvirkja skal ákveða í aðalskipulagi en slík mannvirki eru ekki í Norðurþingi.

Fyrir ljósleiðara og fjarskiptanet er erfitt að greina milli stofn- og dreifikerfis. Lagning strengjanna veldur auk þess almennt ekki verulegri röskun á yfirborði. Um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara gildir það sama og þegar lagðar eru lagnir annarra dreifikerfa og eru ekki taldar stofnlagnir. Ákvæði eru í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland og óbyggð svæði sem heimila fjarskiptamöstur og aðstöðuhús upp að ákveðnum viðmiðum. Stærri svæði fyrir fjarskiptamöstur ætti að afmarka í skipulagi sem iðnaðarsvæði, en engin slík svæði eru í Norðurþingi.

## Stefna

Uppbygging veitukerfa sé í samræmi við þarfir samfélagsins. Ákvarðanir um landnotkun taki m.a. tillit til hagkvæmni og tæknilegra forsendna í uppbyggingu þjónustukerfa.

Veitukerfi eru vel nýtt og áhrif þeirra á umhverfið eru lágmörkuð. Með samþættingu ólíkra veitumannvirkja (t.d. vega og lína eða vega og lagna) verði leitast við að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir.

Lögð verði rík áhersla á vandaða hönnun og frágang allra veitumannvirkja og að tekið sé mið af landslagi, náttúrufari og hagsmunum annarra atvinnugreina, m.a. hefðbundins landbúnaðar á svæðinu.

Aðgangur að raforku er greiður og afhendingaröryggi er gott.

Gæði neysluvatns eru tryggð og staðinn er vörður um vatnsauðlindir sem nýta má í framtíðinni. Landnotkun og mannvirkjagerð sé hagað þannig að vatnsból skaðist ekki.

Fráveitur uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglugerðum. Stefnt skal að því að ofanvatni, svo sem regnvatni af þökum, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis, eftir aðstæðum og því sem unnt er, til að minnka álag á fráveitu og vatnshlot, og viðhalda gæðum vatnshlota.

Þjónusta fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins. Ljósleiðarakerfi eða annað hraðvirkt gagnaflutningakerfi sé í þéttbýli og dreifbýli og gott gsm samband í þéttbýli, dreifbýli, frístundasvæðum, ferðamannastöðum og á ferðaleiðum, ásamt heiðum og hálendi.

### *Útfærsla í skipulagi:*

Stofnkerfi rafveitu og hitaveitu eru sýnd á uppdrætti.

Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði og frístundabyggð er sett heimild til þess að nýta megi grunnvatn fyrir íbúðarhús og/eða nokkur frístundahús, án þess að vatnsból og vatnsverndarsvæði séu sérstaklega afmörkuð í aðalskipulagi, að því tilskyldu að nýtingin og mannvirki henni tengd séu minniháttar, hún stangist ekki á við stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, og neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag séu óveruleg. Gera þarf grein fyrir nýtingunni í deiliskipulagi. Ef nýting grunnvatns er tengd atvinnustarfsemi þá eru afmörkuð vatnsból og vatnsverndarsvæði umhverfis þau á aðalskipulagsuppdrætti og um þau svæði settir skilmálar. Víða vantar upplýsingar um vatnsból, staðsetningu þeirra og nýtingu.

Iðnaðarsvæði eru afmörkuð fyrir tengivirki og stærri veitumannvirki.

Stofnútrásir fráveitu eru á uppdrætti fyrir Húsavík og Kópasker. Á Raufarhöfn eru margar minni útrásir og er þeirra getið í sérskilmálum fyrir hafnarsvæðið. Stefnt er að því að fækka þeim. Skilmálar fyrir hafnarsvæðið á Húsavík gera ráð fyrir hreinsistöð fráveitu við Norðurgarð 6 og skilmálar fyrir hafnarsvæðið við Hafnarstéttina gera ráð fyrir regnvatnsútrásum þar. Skilmálar fyrir hafnarsvæðið á Kópaskeri gera ráð fyrir hreinstöð fráveitu þar til framtíðar. Á Raufarhöfn er gert ráð fyrir hreinsistöð á hafnarsvæðinu eða út undan íbúðarbyggðinni við Framnes.

Ákvæði eru í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarland og óbyggð svæði um fjarskiptamöstur og aðstöðuhús upp að ákveðinni stærð.

# 6 UMHVERFI

## 6.1 Loftslag

**Forsendur**

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Ísland hefur sett sér skýr markmið í loftslagsmálum með Parísarsamningnum, stefnu um kolefnishlutleysi 2040 og í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum þar sem sett er fram safn aðgerða sem ráðist hefur verið í til að ná settum markmiðum.

Í landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaganna að við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. Skipulag taki mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og bestu fáanlegu leiðbeiningum um loftslagsmiðað skipulag. Gert verði ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem styðja við orkuskipti í samgöngum. Við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um vernd og endurheimt votlendis og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun. Stefnan miði að því að varðveita kolefni í votlendi og vernda líffræðilega fjölbreytni.

Norðurþing samþykkti umhverfis- og loftslagsstefnu í janúar 2025. Leiðarljós sveitarfélagsins í umhverfis- og loftslagsmálum er að vinna að meiri sjálfbærni, ganga með ábyrgum hætti um auðlindir og umhverfi, draga úr losun og bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Allar ákvarðanir séu teknar m.t.t. umhverfis og loftslags. Þannig verði Norðurþing aðlaðandi búsetukostur og áfangastaður með heilbrigðu atvinnulífi.

Sveitarfélagið tekur þátt í verkefninu um græn skref SSNE. Verkefnið miðar að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sveitarfélaganna, að draga úr losun og að innleiða þekkingu á loftslagsbókhaldi og aðgerðaáætlunum. Aðgerðir eru m.a. að koma á góðu flokkunarkerfi fyrir úrgang, minnka magn úrgangs, hringrásarhagkerfið og virkur ferðamáti.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er fjallað um möguleg áhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir til að draga úr losun, auka bindingu og aðlögun að loftslagsbreytingum. Þetta getur t.a.m. haft áhrif á stefnumótun um skógrækt, endurheimt votlendis og uppgræðslu. Þá getur vel gróið land bundið kolefni með náttúrulegri þróun eða sjálfbærri beit.

Ýmsar breytingar vegna hlýnunar eru vel merkjanlegar í íslenskri náttúru. Má þar nefna breytingar á rennsli jökuláa, sjávarstöðubreytingar og aukin úrkomuákefð sem geta haft áhrif á innviði, atvinnuvegi og samfélag.

Í umfjöllun um náttúruvá í kafla 6.3 er fjallað um áhrif loftslagsbreytinga á náttúruvá. Þar er greint hvaða áskorana er að vænta til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga sem varðað geta ákvarðanir um landnotkun, þar með talið áhrif loftslagsbreytinga vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, t.d. snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta.

### Stefna

Stuðla skal að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

Lágmarka skal orkunotkun eins og kostur er.

Leitast skal við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, s.s. með möguleika á umhverfisvænum samgöngum, flokkun og endurvinnslu úrgangs ásamt grænum innkaupum. Einnig má draga úr losun gróðurhúsaloft-tegunda með endurheimt votlendis, jarðvegsvernd og landgræðslu.

Gott aðgengi skal vera að hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki. Við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir, verði eftir því sem við á, gert ráð fyrir innviðum fyrir hleðslustöðvar fyrir bíla og hjól.

*Útfærsla í skipulagi:*

Víða í skipulaginu er að finna stefnu sem stuðlar að minni losun gróðurhúsalofttegunda ásamt meiri bindingu.

Mörkuð er stefna um hringrásarhagkerfið og m.a. gert ráð fyrir grænum iðngarði á Bakka.

Göngu- og hjólaleiðum ásamt virkum ferðamáta er gert hærra undir höfði.

Stefna er um að draga skuli úr myndun úrgangs og minnka urðun. Úrgangur verði eftir því sem hægt er endurnýttur.

Stefna um skógrækt stuðlar að bindingu kolefnis ásamt stefnu um vernd votlendis og endurheimt þess, eftir því sem við á.

## 6.2 Verndun

#### Forsendur

Norðurþing er ríkt af sérstæðum náttúruminjum, menningarminjum, landslagi og lífríki. Við endurskoðunina hefur stefna sveitarfélagsins um verndun svæða á grunni sérstöðu þeirra á heims-, lands- eða svæðisvísu verið yfirfarin. Við þá stefnumótun var annars vegar litið til fyrirliggjandi upplýsinga um líffræðilega fjölbreytni, landslag, menningarminjar og víðerni og hins vegar til stefnu stjórnvalda og alþjóðlegra skuldbindinga um náttúruverndarmál.

Friðun svæða og stjórntæki náttúruverndar eru á forræði ríkisins og fara að náttúruverndarlögum. Afmörkun verndarsvæða og skilmálar um þau geta breyst þó að aðalskipulag breytist ekki og þarf því alltaf að leita eftir nýjustu upplýsingum um stöðu náttúruverndar við ákvarðanir um landnotkun. Undantekningar frá þessu eru fólkvangar, sem eru verndarsvæði að frumkvæði sveitarstjórna og hverfisverndarsvæði sem eru skipulagsákvörðun sveitarstjórnar. Saman ná svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd yfir talsverðan hluta Norðurþings. Verndarsvæði eru sýnd á mynd 12.

#### Náttúruvernd

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði annars vegar vera friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá.

**Friðlýst svæði**

Friðlýst svæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti en afmörkun þeirra getur breyst þó aðalskipulag breytist ekki. Friðlýst svæði eru Verndarsvæði Mývatns og Laxár (Ramsar svæði), Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og Vatnajökulsþjóðgarður. Lög um verndun Mývatns og Laxár ná einnig til vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár, en vatnsverndarsvæðið er sýnt á skipulagsuppdrætti, eins og önnur vatnsvernd.

**B-hluti náttúruminjaskrár**

Náttúrufræðistofnun hefur gert tillögu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár, en það eru svæði sem áformað er að friðlýsa. Í Norðurþingi eru nokkur svæði hluti af þessari tillögu og má sjá þau á mynd 12, og hér í kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu til tillögu Náttúrufræðistofnunar.

**C-hluti náttúruminjaskrár**

Nokkur svæði innan Norðurþings eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Skráin var unnin árið 1996 á grunni þágildandi náttúruverndarlaga nr. 47/1971 en Náttúrufræðistofnun vinnur að endurskoðun á verndargildi svæða á náttúruminjaskrá.

**Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja**

Í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Náttúrufræðistofnun heldur skrá yfir þau náttúrufyrirbæri sem þar eru talin upp, að birkiskógum undanskildum sem eru á höndum Lands og skógar. Svæðin eru sýnd á myndum 13 og 14 en einnig má sjá þau í kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

**Mikilvæg fuglasvæði**

Náttúrufræðistofnun hefur afmarkað mikilvæg fuglasvæði. Skilgreind hafa verið svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fyrir þá 81 tegund fugla sem eru varpfuglar eða reglulegir gestir hér á landi. Mat á því hvaða svæði falla í þennan flokk byggist á viðmiðum Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna, BirdLife International. Það veltur fyrst og fremst á stofnmati, þ.e. hversu margir fuglar nýta svæðin hér á landi og hversu hátt það hlutfall er af heildarstofni. Fyrir sumar tegundir eru hvort tveggja byggt á ítarlegum fyrirliggjandi gögnum en fyrir margar tegundir byggir matið á takmörkuðum og oft áratugagömlum gögnum.

**Friðlýst svæði gegn orkuvinnslu**

Undanfarin ár hafa svæði verið friðlýst gegn orkuvinnslu í samræmi við verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar). Innan Norðurþings er Gjástykki friðlýst gegn orkuvinnslu en Jökulsá á Fjöllum var vernduð gegn orkuvinnslu, en með dómi hæstaréttar nr. 36/2023 féll friðlýsingin úr gildi.

### Víðerni

Opinber afmörkun víðerna liggur ekki fyrir en í lögum um náttúruvernd segir að slík kortlagning eigi að liggja fyrir 1. júní 2023. Þess er vænst að sú kortlagning líti dagsins ljós áður en endurskoðun aðalskipulags Norðurþings lýkur, en eitt af framfylgdarverkefnum nýrrar landsskipulags-stefnu er að lokið verði við kortlagningu víðerna á tímabilinu 2024-2025. Í aðalskipulaginu eru víðerni birt á skýringaruppdrætti sem sýna takmark-anir vegna vindorku og er þar miðað við kortlagningu sem unnin var í tengslum við vinnu við fjórða áfanga rammaáætlunar.




**MYND 12**. Verndarsvæði í Norðurþingi.




**MYND 13**. Vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, ásamt mikilvægum fuglasvæðum.




**MYND 14**. Jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

### Hverfisvernd

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 var unnin greining á svæðum í Norðurþingi sem hafa sérstöðu á svæðisvísu, landsvísu og heimsvísu út frá vistfræðilegu, jarðsögulegu, menningarlegu eða sjónrænu gildi þeirra. Verðmætustu svæðin voru lögð undir hverfisvernd. Þá voru þau svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegrar fjölbreytni og eru jafnframt talin hafa svæðistengd verðmæti sett undir hverfisvernd.

Við endurskoðun aðalskipulags var hverfisvernd yfirfarin og við þá yfirferð var litið til náttúruminjaskrár, tillagna Náttúrufræðistofnunar fyrir svæði á B-hluta náttúruminjaskrár, fyrirliggjandi kortlagningar á víðernum, tillagna Náttúruverndarstofnunar að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og umsagna við skipulagslýsingu. Að auki var haft samráð við Náttúrustofu Norðurlands eystra og landeiganda jarðarinnar Rifs á Melrakkasléttu. Ákveðið var að gera eftirfarandi breytingar á hverfisverndarsvæðum:

- Röndin á Kópaskeri er hverfisvernduð á grunni sérstöðu á landsvísu. Sjávarbakkar með jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins. Er í C hluta náttúruminjaskrár.
- Hverfisverndað svæði við Bakka stækkað á grunni sérstöðu á svæðisvísu; fjörur, grunnsævi og sker. Er í tillögu Náttúrufræðistofnunar að svæði á B-hluta náttúruminjaskrár.
- Hverfisvernd er sett á jörðina Rif á grunni sérstöðu á heimsvísu og mikilvægis svæðisins fyrir rannsóknir á vistfræði, dýralífi og fleiri umhverfisbreytum.

### Minjavernd

Um minjar og tengsl við skipulag og undirbúning framkvæmda er fjallað í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að fara fram áður en leyfi er gefið fyrir hinum ýmsu framkvæmdum s.s. skógrækt, efnistöku, endurheimt votlendis, veitulögnum eða áður en byggingarleyfi er gefið út, auk deiliskipulagsgerðar. Minjastofnun hefur gefið út *Stefnu 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingaarfi* sem líta þarf til og hefur auk þess gefið út tillögu að menningarstefnu sem er nefnd *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi*.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Upplýsingar um minjar eru m.a. aðgengilegar á vef Minjastofnunar.

Skráning friðaðra minja, sem eru hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, verður gerð í tengslum við deiliskipulag og leyfisveitingar til framkvæmda. Minjastofnun veitir upplýsingar um hvar minjar eru skráðar. Sumar fornleifar hafa verið sérstaklega friðlýstar og njóta því frekari verndar. Friðaðar fornleifar njóta 15 m friðhelgunar-

svæðis en friðlýstar fornleifar njóta 100 m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum. Öll hús og mannvirki sem reist eru 1923 eða fyrr eru friðuð og eigendur húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en eru byggð 1940 eða fyrr er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta, flytja eða rífa þau. Húsaskrá skal vinna í tengslum við deiliskipulagsgerð en upplýsingar um friðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá.

Óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands og allar breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast Minjastofnun sérstaklega. Friðlýstar fornminjar og friðlýstar byggingar við gildistöku aðalskipulagsins eru sýndar á aðalskipulagsuppdrætti.

Norðurþing hefur gert samkomulag við Minjastofnun Íslands (dags. 4. feb. 2026) um skráningu fornleifa í sveitarfélaginu. Samkomulagið snýr að skráningu menningarminja á þéttbýlisstöðum og fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum á vegum sveitarfélagsins á skipulagstíma nýs aðalskipulags.

Sveitarfélagið skuldbindur sig til að ganga frá skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja eftir því sem við á áður en vinna við deiliskipulag svæða fer af stað.

Skráning minja á þéttbýlissvæðunum verður unnin eins fljótt og hægt er og alltaf áður en gengið er frá deiliskipulagi svæða.

**Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó**

Vatnasvið Mývatns og Laxár er skilgreint sem vatnsvernd á strandsvæðum, með það að markmiði að forðast nokkuð það sem gæti raskað vernd vatnsins og árinnar samkvæmt ákvæðum laga um verndun svæðisins.

## Stefna

- Vernda skal sérstæða náttúru og náttúruminjar, bæði í samræmi við lög um náttúruvernd og að frumkvæði sveitarstjórnar. Forgangsröðun svæða til friðunar og friðun þeirra er unnin í samstarfi við Náttúruverndarstofnun.
- Í samræmi við 61. grein laga um náttúruvernd skal forðast að raska eftirtöldum vistkerfum og jarðminjum.
    - Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
    - Stöðuvötn og tjarnir, 1000 $m^2$ að stærð eða stærri.
    - Mýrar og flóar, 2 ha að stærð eða stærri.
    - Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar
    - Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur.
    - Sjávarfitjar og leirur.
- Taka skal tillit til menningarminja, umhverfis- og náttúruverndar við skipulag og þróun svæða.
- Virðing er borin fyrir þeim menningararfi sem felst í fornleifum, búsetulandslagi og byggingum. Skrá skal menningarminjar í tengslum við deiliskipulagsgerð.

- Forðast skal að raska ósnortnum víðernum í Norðurþingi með því að reisa þar mannvirki. Draga skal úr umhverfisáhrifum mannvirkja þannig að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.
- Við allar ákvarðanir um landnotkun skal horfa til áhrifa á mikilvæg fuglasvæði.

*Útfærsla í skipulagi:*

Verndarsvæði eru afmörkuð á skipulagsuppdrætti ásamt friðlýstum minjum.

Á ýmsum svæðum er sett stefna um landnotkun sem felur í sér vernd, sjá einkum almenna skilmála fyrir landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði.

## 6.3 Náttúruvá

**Forsendur**

Við skipulag og mannvirkjagerð í Norðurþingi þarf að taka tillit til mögulegrar náttúruvár.

**Jarðskjálftar, sprunguvá og eldvirkni**

Norðurþing er innan norður gosbeltisins sem liggur yfir miðju Íslands frá suðvestri til norðausturs. Tjörnesbrotabeltið tengir norður gosbeltið við Kolbeinseyjarhrygg. Á Tjörnesbrotabeltinu er meginhreyfingin og þar með meginjarðskjálftarnir á tveimur samhliða beltum; annað liggur frá Öxarfirði í stefnu rétt norður af Grímsey og hitt liggur frá Reykjaheiði um Húsavík og Flatey fyrir mynni Eyjafjarðar en sveigir til norðurs út af Tröllaskaga. Sprungur einkenna gliðnunarsvæði á Norðurlandi og liggur m.a. þekkt jarðskjálftasprunga norðan við Húsavík. Á þessu svæði verða svokallaðir Norðurlandsskjálftar sem eiga upptök sín á hafsbotni úti fyrir Norðurlandi. Miklar rannsóknir á jarðskjálftum á svæðinu hafa átt sér stað og er mikilvægt að hagnýta niðurstöður þeirra með aðgerðum sem draga úr tjóni á fólki og samfélagslegum innviðum vegna þeirra stóru jarðskjálfta sem geta orðið á svæðinu. Veðurstofan undirbýr endurmat á jarðskjálftavá fyrir svæðið en þekktar sprungur og misgengi liggja um sveitarfélagið og eru sýndar á mynd 15. Á myndinni er sýnt skjáskot úr kortasjá Landmælinga Íslands/Náttúrufræðistofnun með grófri kortlagningu sprungna og misgengja:

- NI J600v Berg Jarðfræðikort; Misgengi og sprungur
- NI J600v höggun Jarðfræðikort: Misgengi og sprungur.




**MYND 15**. Gróf kortlagning misgengja og sprungna í Norðurþingi, úr kortasjá Landmælinga Íslands (nú Náttúrufræðistofnun), sem sýnir upplýsingar af kortum Náttúrufræðistofnunar í mælikvarðanum 1:600.000.



**MYND 16.** Gróf kortlagning fyrir sprungur á Kópaskeri skv. sprungukorti Haraldar Péturssonar frá 1976.

Á mynd 16 eru sýndar þekktar sprungur á Kópaskeri. Sprungurnar eru á sprungukorti Haraldar Péturssonar og voru sýndar í greinargerð Aðalskipulags Norðurþings 2010-2022. Mikilvægt er við allar framkvæmdir og mannvirkjagerð að hafa sprungurnar í huga.




**MYND 17.** Yfirlit yfir jarðfræðileg ferli á Húsavík sem sýnir Húsavíkurmisgengið, virk landmótunarferli, hrun og skriðusvæði og fleira.

Á mynd 17 eru sýndar þekktar sprungur við Húsavík (grænt), svæði þar sem hefur verið grjóthrun meðfram aðalmisgenginu (rautt) og svæði þar sem hafa verið skriður (brúnt). Kortið birtist í Jökli, 68 tölublaði árið 2018 í grein eftir Peter Waltl og fleiri. Lega meginsprungnanna við Húsavík á þessu korti er ekki fyllilega í samræmi við afmarkað sprungusvæði á aðalskipulagsuppdrætti 2010-2022. Sá hluti sprungunnar sem kvíslast til norðurs hefur verið bætt inn á aðalskipulagsuppdrátt í endurskoðuðu skipulagi og afmarkað svæði undir náttúruvá í kring um hana.

Virkar megineldstöðvar eru sunnan við sveitarfélagið og þó að ekki séu miklar líkur á eldgosi innan sveitarfélagsins, sem þó hefur gerst eftir að síðasta jökulskeiði lauk, þá geta öskufall, hraunflæði og jafnvel jökulhlaup haft áhrif. Innan Norðurþings eru sprungusveimar virkra eldstöðvakerfa (frá vestri til austurs: Þeistareykir, Krafla, Fremrinámar, Askja) og innan þeirra hefur gosið á nútíma auk þess sem miklar sprunguhreyfingar áttu sér stað í umbrotum Kröfluelda.

Öskufalls getur gætt í Norðurþingi vegna eldgosa og féll aska þar t.d. frá gosi í Holuhrauni og Grímsvötnum.

## Flóð

Í Norðurþingi eru svæði þar sem hætta er vegna vatnsflóða og snjóflóða.

Flóð geta orðið í Jökulsá á Fjöllum vegna eldvirkni og hefur Veðurstofan unnið að hættumati vegna þeirra. Þá geta krapastíflur í Jökulsá á Fjöllum valdið flóðum á söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Á því svæði eru borholur fyrir heitt vatn fyrir Kópasker og dælustöð fyrir fiskeldi í Öxarfirði. Land og skógur hefur verið með framkvæmdir við Bakkahlaup í Jökulsá á Fjöllum til að áin brjóti sér ekki leið inn í Skjálftavatn, sem gæti leitt til þess að farvegur árinnar breyttist. Mikilvægt er að halda ánni í farvegi sínum til að koma í veg fyrir landbrot.

Í skýrslu Veðurstofunnar „Hermun jökulhlaupa í Jökulsá á Fjöllum: Tæknilegar niðurstöður hættumats“, skýrsla nr. 2024-007, er fjallað um jökulhlaup í Jökulsá á Fjöllum og kynningu hættumats með kortum og útreikningum. Fjórar sviðsmyndir voru settar upp til þess að meta áhrif hlaupa við mismunandi hámarksrennsli undan jökli, frá dæmigerðum hlaupum til hamfarahlaupa; 3.000, 10.000, 30.000 og 100.000 $m^3$/s. Kort sem sýna hámarksútbreiðslu, framrásarlínur og tjónmætti fyrir hverja sviðsmynd eru birt í viðauka skýrslunnar. Tiltölulega lítil hætta myndi stafa af minnsta hlaupinu af þessum fjórum sem reiknuð eru. Í hinum sviðsmyndunum má hins vegar greina hátt tjónmætti vegna mikils hlaupvatns og hás hámarksrennslis. Sviðsmyndir 3 og 4 geta einungis orðið vegna eldsumbrota undir jökli og myndu alltaf hafa einhvern fyrirvara. Sviðsmynd 4 er mjög ólíkleg en þó ekki útilokuð. Minnsta hlaupið nær brúnni nærri Grímsstöðum á rúmum sólarhring eftir upphaf við jökuljaðar.

Tjónmætti líkanreiknaðra jökulhlaupa er sýnt á kortum sem fylgja skýrslunni. Jökulhlaup frá Jökulsá á Fjöllum geta valdið stórtjóni á eignum og innviðum og á svæðinu þar sem tjónmætti er metið er búseta og vinsælir ferðamannastaðir. Útlínur flóðs miðað við sviðsmynd 4 er sýnd á skipulagsuppdrætti.

Sjávarflóð hafa orðið á Húsavík þar sem sjór hefur gengið á land í höfninni, en á öðrum stöðum í Norðurþingi hefur ekki verið veruleg hætta á sjávarflóðum í byggð. Land liggur víða lágt á Melrakkasléttu, söndunum í Kelduhverfi, við Lón og upp með ósi Snartarstaðarlækjar. Veðurstofan hefur gróflega kortlagt mögulega útbreiðslu sjávarflóða miðað við núverandi aðstæður og vegna breytinga á sjávarstöðu árið 2100 og 2150 fyrir þéttbýli í Norðurþingi (skýrsla VÍ 2025-012 Mat á sjávarstöðuhækkun og útbreiðslu óveðursflóða. Norðausturland). Á öllum þéttbýlisstöðum þarf að horfa til sjávarflóða vegna sjávarstöðuhækkana til framtíðar á hafnarsvæðum. Sjávarflóð til framtíðar gætu haft áhrif á byggð á iðnaðarsvæðinu við ós Snartarstaðarlækjar og reiknuð útbreiðsla sjávarflóða á Raufarhöfn til framtíðar gefur vísbendingar um að þar þurfi að huga að sjóvörnum og lágmarks land- og gólfhæð við hönnun bygginga og deiliskipulagsgerð.




**MYND 18.** Möguleg útbreiðsla sjávarflóðs sem hefur 200 ára endurkomutíma (0,5% árslíkur) árið 2150 miðað við sviðsmynd SSP5-8.5LC (skýrsla VÍ 2025-012).

Undanfarna rúma tvo áratugi hefur Veðurstofa Íslands unnið að áhættumati vegna ofanflóða og liggja nú fyrir skýrslur fyrir nánast alla þéttbýlisstaði landsins þar sem hætta er á ofanflóðum. Slík hætta er ekki fyrir hendi í þéttbýlisstöðum í Norðurþingi. Þörf er á að leggja sömu áherslu á áhættumat vegna skriðufalla. Ekki er vitað um snjóflóðahættu nálægt byggð en á útivistarsvæðum getur þurft að gæta varúðar. Þannig falla snjóflóð títt úr Húsavíkurfjalli við Botnsvatn.

**Áhrif loftslagsbreytinga**

Loftslagsbreytingar hafa fjölþætt áhrif á skipulagsgerð og er ágætlega um það fjallað í hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Loftslagsbreytingar hafa áhrif á afrennsli jökla og má búast við aukinni úrkomu og bráðnun jökla. Mælingar sýna breytingar á vatnafari þannig að afrennsli að vetri eykst en á móti dregur úr vorflóðum. Sjávarstaða hækkar og taka þarf tillit til þess í skipulagi. Loftslagsbreytingar hafa áhrif á veður með aukinni ákefð úrkomu, þurrkum, flóðum og skriðuföllum, og aukinni tíðni stórviðra. Gróður- og skógareldar geta orðið tíðari, og mannvirki geta þess vegna verið í hættu, ekki síst í frístundabyggð.

Loftslagsbreytingar geta haft áhrif á byggð og má nýta græna innviði til að milda og takast á við þau áhrif, t.a.m. með kolefnisbindingu, viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni, heilnæmara og grænna umhverfi og bættu yfirbragði borga og bæja.

## Stefna

Við ákvarðanir um mannvirkjagerð skal taka tillit til þekktrar náttúruvár, svo sem vegna jarðskjálftavár, sprunguvár, gróðurelda, flóðahættu, þekktra sprungna og misgengja og nýjustu þekkingar á hættu sem kann að stafa af loftslagsbreytingum. Engar byggingar séu skipulagðar yfir sprungur.

Við skipulagsgerð skal efla viðnámsþrótt samfélagsins í Norðurþingi. Ef breyta á landnotkun og heimila mannvirkjagerð skal leita upplýsinga um náttúruvá. Við mat á hættu skal m.a. taka tillit til áhrifa loftslagsbreytinga sem geta magnað upp hættu.

Við deiliskipulag sjávarsvæða skal taka tillit til mögulegrar hækkunar sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga. Varnir vegna ágangs sjávar, þar sem talin er þörf á að verja mannvirki eins og vegi, er heimilt að reisa á grundvelli framkvæmdaleyfis og tilheyrandi gagna.

Við skipulag landnotkunar skal leita leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, s.s. með fyrirkomulagi samgangna, aukinni skógrækt og landgræðslu, verndun og endurheimt votlendis og góðum skilyrðum til flokkunar og endurvinnslu úrgangs til að bæta meðhöndlun úrgangs. Áhersla skal lögð á loftslagsvæna mannvirkjagerð.

*Áhrif á skipulag:*

Afmarkað er svæði undir náttúruvá fyrir sprungubelti norðan þéttbýlisins í Húsavík. Hætta af annarri náttúruvá en jarðskjálftum er ekki talin veruleg en snjóflóð hafa þó fallið úr Húsavíkurfjalli og tjón hafa orðið á hafnarsvæðinu vegna ofviðris og sjávargangs. Ekki er talin þörf á sérstökum vörnum eða takmörkunum á landnotkun vegna þessa.

Afmarkað er svæði undir náttúruvá fyrir þar sem tjónmætti vegna hamfaraflóðs í Jökulsá á Fjöllum er metið geysimikið, með mikilli hættu fyrir alla. Miðað er við sviðsmynd 4 sem er alvarlegasta sviðsmyndin og

gögn frá Veðurstofu Íslands úr skýrslunni „Hermun jökulhlaupa í Jökulsá á Fjöllum: Tæknilegar niðurstöður hættumats", skýrsla nr. 2024-007,

Settir eru skilmálar um að við ákvarðanir um byggð þurfi að taka tillit til náttúruvár. Þar með talið gæta að hönnun og útfærslu mannvirkja með hliðsjón af hækkun sjávarmáls, flóðahættu og viðeigandi varnarmannvirkjum eða takmörkunum á svæðum til uppbyggingar vegna flóða og skriðufalla.

Settir eru skilmálar um að í frístundabyggð þurfi að vera aðgengi að öruggum svæðum vegna gróðurelda og aðgengi að slökkvivatni.

Við deiliskipulagsgerð á Kópaskeri skal taka mið af sprungukorti af þéttbýlinu, sbr. t.d. kort Haraldar S. Péturssonar frá október 1976. Æskilegt væri, ef nýrra kort er til, að fá ábendingar um það og þá yrði skoðaður möguleikinn á að færa sprungurnar inn á þéttbýlisuppdrátt. Sprungurnar eru sýndar á mynd 16.

Í skilmála um landbúnaðarsvæði, óbyggð svæði, skógræktar- og landgræðslusvæði er sett stefna um að við ákvarðanir í skipulagi skuli nýta kolefnisbindingu til að milda áhrif loftslagsbreytinga og að við allar ákvarðanir um landnýtingu skuli gæta að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni.

## 6.4 Orka

### Forsendur

### Nýting fallvatna

Sveitarfélagið vill kanna möguleika á virkjun fallvatna með sjálfbæra nýtingu til atvinnusköpunar í huga. Komi fram tillögur að rannsóknum og/eða nýtingu fallvatna þarf að gera grein fyrir áhrifum rannsóknanna/nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi við stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, áður en ákvörðun um að setja framkvæmdina í aðalskipulag verður tekin, sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana. Framkvæmdirnar valdi lágmarks álagi á náttúruna. Í öllum tilvikum skal fara með ákvörðunina sem breytingu á aðalskipulagi og afmarka iðnaðarsvæði þar sem orkuvinnsla er fyrirhuguð.

Virkjun fallvatna fellur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Enginn vatnsorkukostur er í nýtingarflokki rammaáætlunar innan Norðurþings.

Áhugi er á því að landeigendur geti virkjað vatnsafl í smáum stíl á jörðum sínum.

### Jarðhiti

Stefnt er að frekari könnun á jarðhita og jarðgasi með sjálfbæra nýtingu til atvinnusköpunar í huga, s.s. til orkuframleiðslu, ræktunar eða annarrar atvinnustarfsemi. Komi fram tillögur um rannsóknir og/eða nýtingu jarðhita eða jarðgass fyrir byggð eða atvinnulíf þarf að gera grein fyrir áhrifum nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi hennar við

stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, áður en ákvörðun um að setja framkvæmdina í aðalskipulag verður tekin, sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana. Í öllum tilvikum skal fara með ákvörðunina sem breytingu á aðalskipulagi og afmarka iðnaðarsvæði þar sem orkuvinnsla er fyrirhuguð.

Virkjun jarðhita fellur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun ef uppsett varmaafl er 50 MW eða meira. Til skoðunar hefur verið virkjunarkostur til nýtingar á jarðhita til allt að 15 MW orkuframleiðslu við Bakkahlaup. Virkjunarkosturinn er ekki settur inn á aðalskipulagsuppdrátt.

Íslensk Orka ehf er með hugmyndir um nýtingu jarðhita á Austursandi í Öxarfirði. Þar voru boraðar tvær holur fyrir mörgum árum síðan og voru þær að gefa ágætlega, en eru ekki nýttar. Skoða á með að koma holunum í nýtingu, kanna frekari nýtingu á jarðhita í nágrenni við þær og nýta jarðhitann fyrir ýmsan orkusækinn iðnað.

**Vindorka**

Vindorkunýting fellur undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, hefur hvatt til heildstæðrar stefnumörkunar í aðalskipulagi um möguleika á vindorkunýtingu í sveitarfélögum. Hvatt er til að slík stefnumörkun byggi á greiningum og mati á svæðum sem henta til vindorkunýtingar.

Til að undirbyggja stefnu um nýtingu vindorku var við endurskoðun aðalskipulagsins farið yfir kortlagningu á þeim þáttum sem hafa landfræðilega afmörkun og geta takmarkað nýtingu vindorku. Niðurstöðuna má sjá á skýringaruppdrætti í viðauka og á mynd 19. Miðað var við takmarkanir vegna friðlýstra svæða, hverfisverndar, halla lands, víðerna, vatnsverndar (brunnsvæði og grannsvæði), byggðar, innviða og friðlýstra minja. Kortlagningin leiddi í ljós að stór hluti af landsvæði sveitarfélagsins fellur undir einhverja af þessum takmarkandi þáttum.

Sveitarfélagið vill huga að því að nýta vindorku til að stuðla að orkuöryggi. Í því skyni eru vindorkuver sem hafa vinnuheitin Reyðarárgarður og Hnotasteinn sett inn á aðalskipulag og afmörkuð á uppdrætti sem iðnaðarsvæði. Þar sem vindorkuverin hafa ekki fengið umfjöllun í rammaáætlun eru svæðin einnig tímabundið skilgreind sem varúðarsvæði í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulagsreglugerð. Verði vindorkuver heimiluð í orkunýtingarflokki í rammaáætlun þarf að breyta aðalskipulagi til samræmis og fella niður varúðarsvæði.

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um umhverfisáhrif þess að setja inn vindorkuverin. Hluti af Reyðarárgarði er innan vatnsverndarsvæða. Hnotasteinn og Reyðarárgarður eru innan jaðarsvæða óbyggðra víðerna. Hnotasteinn er á svæði sem er mikilvægt fuglasvæði skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar og innan svæðis á B-hluta náttúruminjaskrár. Fyrir liggur matsáætlun vegna umhverfismats framkvæmda fyrir Hnotastein og yfirlit yfir virkjanakostinn Reyðarárgarð R4324A frá mars 2020, sem lagt var inn til umfjöllunar í fjórða áfanga rammaáætlunar.



**MYND 19**. Svæði þar sem eru takmarkanir á nýtingu vindorku. Sjá uppdrátt í viðauka.

**Sólarorka**

Almennt eru aðstæður til nýtingar sólarorku á Íslandi undir meðallagi vegna þess hve dagsljóss nýtur í stuttan tíma á veturna. Áhugi er á því að þau sem vilja nýta sólarorku í smáum stíl til einkanota geti gert það, enda verður tækni til nýtingar sólarorku sífellt fullkomnari og væntingar um að þetta verði hagkvæmur kostur á Íslandi.

## Stefna

Nýting auðlinda sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun, í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif.

Stutt er við sjálfbæra orkuframtíð með orkuskiptum.

Gæta skal að náttúruvernd við orkunýtingu og lágmarka umhverfisáhrif. Mannvirki vegna orkuvinnslu falli sem best að landslagi og annarri landnotkun og leitast verði við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.

Landeigendur geta virkjað vatnsafl, sólarorku og vindorku í smáum stíl á landi sínu. Íbúar í dreifbýli eru hvattir til að koma sér upp slíkri raforku-framleiðslu að því gefnu að áhrif á náttúru og landslag séu lítil.

Kannaðir verða möguleikar á virkjun fallvatna. Einnig fari fram könnun á nýtingu jarðhita og jarðgass. Er þá horft til sjálfbærrar nýtingar til atvinnu-sköpunar.

Stefnt er að nýtingu vindorku eftir því sem aðstæður leyfa, í sátt við umhverfi og samfélag. Standa skal vörð um sérstætt landslag og lífríki og tekið tillit til grenndarhagsmuna og annarrar landnotkunar.

Við staðsetningu vindorkuvera og ákvörðun um útfærslu þeirra skal líta til áhrifa á verndarsvæði, land ofan 300 m hæðar yfir sjó, víðerna, fjarlægðar frá byggð, línumannvirkja og vega. Leitast skal við að lágmarka áhrif á landslag, taka mið af einkennum landslags s.s. ráðandi línum, landformum og hlutföllum í landslagi svæðis. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku hafa verið kortlagðar en auk þeirra skal hafa í huga sýnileika mannvirkja við ákvarðanir um nýtingu. Vindorkuver verða einungis heimiluð ef fyrir liggur skilgreining svæðis í orkunýtingarflokki rammaáætlunar.

*Útfærsla í skipulagi:*

Í almenna skilmála fyrir landbúnaðarsvæði er sett inn heimild fyrir raforkuframleiðslu s.s. heimarafstöðvar og smávirkjanir sem eru minni að afli en 200 kW, á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaleyfis, en stærri raforkuframleiðsla kallar á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi.

Iðnaðarsvæði eru afmörkuð fyrir vindorkuver; Reyðarárgarð og Hnotastein með skilmálum um að gætt verði að umhverfisáhrifum.

Heimildir fyrir stakar vindmyllur eru á landbúnaðarsvæðum, iðnaðarsvæðum og svæðum fyrir verslun og þjónustu í dreifbýli.

## 6.5 Jarðefni

**Forsendur**

Efnistaka getur farið fram á svæðum sem skilgreind eru sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu en efnistaka á öðrum svæðum kallar á breytingu á aðalskipulagi, nema um sé að ræða minniháttar efnistöku eiganda eða umráðamanns eignarlands til eigin nota, á svæði sem ekki fellur undir lög um náttúruvernd.

Efnistökusvæði sem voru í eldra aðalskipulagi voru yfirfarin og var m.a. haft samráð við Vegagerðina við þá yfirferð og mat á áætlaðri efnisþörf á skipulagstímanum.

### Stefna

Vel skal staðið að vinnslu jarðefna og öll efnistaka og vinnsla fari fram með skipulegum hætti í samræmi við leyfi þar um. Efnistaka og -vinnsla valdi lágmarks neikvæðum áhrifum á náttúru, landslag, minjar, og útivistarsvæði. Efnistökusvæði skulu nýtt skynsamlega í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

*Útfærsla í aðalskipulagi:*

Efnistökustaðir eru skilgreindir og fyrir þá sett mörk um umfang efnistöku eða skilmálar um efnislosun og frágang svæða að lokinni efnistöku.

## 6.6 Úrgangur

**Forsendur**

Árið 2021 kom út ný heildarstefna í úrgangsmálum á Íslandi sem ber heitið Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefnan spannar allan úrgangsþríhyrninginn og miðar að því að styðja við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi. Stefnan skiptist í tvo meginhluta, stefnu um úrgangsforvarnir, saman gegn sóun, og stefnu um meðhöndlun úrgangs. Í Norðurþingi er stefnt að því að vinna í samræmi við stefnumótunina og styðja við þróun hringrásarhagkerfisins.

Norðurþing hefur staðfest Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036. Markmið áætlunarinnar er að draga markvisst úr

myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu og lágmarka förgun úrgangs. Stuðlað verði að sem mestri úrvinnslu úrgangs til að bæta nýtingu hans, draga úr flutningum og skapa atvinnu. Sérstök áhersla er lögð á að lífrænn úrgangur sem fellur til sé endurnýttur enda um auðlind að ræða sem nýta má sem áburð og jarðvegsbæti. Sveitarfélögin sem standa að svæðisáætluninni eru sammála um að urðun lífræns úrgangs, s.s. sláturúrgangs, skuli hætt og framleiða skuli úr honum verðmæta vöru.

Í kortasjá Umhverfisstofnunar (Náttúruverndarstofnunar) er yfirlit yfir gamla urðunarstaði, s.s. þar sem sláturúrgangur hefur verið urðaður og sýktar skepnur grafnar. Það skal m.a. haft til hliðsjónar þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir.

## Stefna

Stutt er við þróun hringrásarhagkerfis með því að vinna að úrgangsforvörnum, koma í veg fyrir sóun, endurvinna og endurnýta. Skipulag geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs í þéttbýli og dreifbýli. Urðun verði hætt í samræmi við stefnu stjórnvalda um hringrásarhagkerfi.

Stuðlað skal að heilnæmu umhverfi og heilbrigðum vistkerfum með því að lágmarka mengun.

Leitast skal við að jarðgera og endurnýta lífrænan úrgang.

Þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir skal taka tillit til gamalla urðunarstaða og staða þar sem sýktar skepnur eru grafnar.

*Útfærsla í aðalskipulagi:*

Aðal móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Norðurþingi er á Hrísmóum við Húsavík.

Staðið er vel að flokkun úrgangs með góðu aðgengi íbúa og gesta að aðstöðu til flokkunar. Í almennum skilmálum fyrir íbúðarbyggð er kveðið á um að fjalla þurfi um aðstöðu til úrgangsmeðhöndlunar í deiliskipulagi. Í almennum skilmálum er heimild til að staðsetja móttökustaði fyrir sorp í dreifbýli á landbúnaðarsvæðum, opnum svæðum, iðnaðarsvæðum, athafnasvæðum og verslunar- og þjónustusvæðum. Ásýnd gámasvæða í dreifbýli verði snyrtileg og gróðri verði plantað til skjóls til að hindra fok á rusli. Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang eru sýndir á skipulagsuppdrætti.



## 6.7 Landslag og náttúrufar

**Forsendur**

Landsvæði sveitarfélagsins er fjölbreytt þar sem skiptast á dalir, firðir, flóar, fjallendi, heiðar, strandsvæði og sléttur. Á láglendinu upp af ströndinni eru fjölbreytt vistkerfi og votlendi með ríku verndargildi, skógur er víða, bæði ræktaður og náttúrulegur og ár með flúðum og fossum. Jökulsá á Fjöllum setur sterkan svip á landslagið og sama gerir staðsetning svæðisins á virka gosbeltinu með hraunum, ummerkjum um jarðskjálfta og víða er land þess vegna auðrofið. Héraðið býr yfir mikilli náttúrufegurð og laðar að íbúa og ferðafólk. Verðmætum landslags- og náttúrufarseinkennum þarf að viðhalda og gæta þarf að þeim við ákvarðanir um skipulag, framkvæmdir og mannvirkjagerð.

Líffræðilegur fjölbreytileiki er ríkulegur í sveitarfélaginu og endurspeglast stefna sveitarfélagsins um viðhald þess fjölbreytileika m.a. í ríkulegum hverfisvernduðum svæðum sem byggja á sérstöðu svæðisins. Stefnt er að því að á gildistíma aðalskipulagsins verði unnin stefna um verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Í þeirri vinnu verður m.a. horft til stefnu stjórnvalda í skýrslunni *Líffræðileg fjölbreytni. Stefna og markmið til ársins 2030*. Stefnan var staðfest í byrjun árs 2026 og lá því ekki fyrir á vinnslutíma aðalskipulagsins og er þar af leiðandi ekki lögð til grundvallar endurskoðunarinnar.

## Stefna

Fjölbreytni og einkennum landslags er viðhaldið og svæði sem eru mikilvæg á heims-, lands- eða svæðisvísu njóta verndar.

Uppbygging og landnýting varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.

Lágmarka skal neikvæð áhrif á falleg svæði, sjónlínur og sjónása til sjávar, heiða, fjalla og kennileita og tryggja að mannvirki falli vel að landi.

Líffræðilegri fjölbreytni verði viðhaldið með því að vernda lykilvistkerfi Íslands eins og votlendi og birkiskóga og önnur mikilvæg búsvæði fugla. Framkvæmdir á mikilvægum búsvæðum skulu vera utan varptíma, eftir því sem hægt er.

Forðast skal að raska votlendi og vatnasvæðum sem kostur er. Votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið, en það er einkum þar sem land hefur verið ræst fram og er ekki nýtt til landbúnaðar. Ef nauðsynlegt reynist að raska votlendi ber framkvæmdaraðila að endurheimta votlendi af sömu stærð, helst á nálægum svæðum.

Forðast skal að raska birkiskógi og unnið verði að endurheimt náttúrulegs birkiskógar þar sem unnt er. Við endurheimtina verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði. Leitast verði við að nota íslenskt birki við skógrækt, a.m.k. við skógarjaðra.

Í þéttbýli eru grænir innviðir s.s. tré, garðar og útivistarsvæði nýtt til að styðja við markmið um umhverfisgæði í þéttbýli, til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika, heilbrigði vistkerfa, binda kolefni og mynda skjól.

*Útfærsla í skipulagi:*

Þau svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegrar fjölbreytni eða landslags og eru jafnframt talin verðmæt á svæðis-, lands- eða heimsvísu, hafa verið skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Víða í skipulaginu eru stefnumið og útfærslur sem miða að því að ná markmiðum stefnu um landslag og náttúrufar.

## 6.8 Vatn

### Forsendur

Hreint og gott vatn er undirstaða lífs. Vatn er auðlind sem mikilvægt er að umgangast á ábyrgan hátt, ekki síst fyrir komandi kynslóðir. Viðhalda þarf líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegu ástandi vistkerfa ferskvatns og strandsjávar og tryggja gæði grunnvatns. Við stefnumörkun um vatnamál er litið til laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og fyrstu Vatnaáætlunar Íslands 2022-2027 sem felur í sér stefnu um vatnsvernd.

Verðmætar grunnvatnsauðlindir eru í Norðurþingi sem áhugavert er að nýta á sjálfbærann hátt til atvinnusköpunar. Í eldra aðalskipulagi var sett stefna um að vernda ferksvatnsuppsprettur og að þess væri gætt að landnotkun og framkvæmdir á svæðum umhverfis þær rýri ekki gæði vatns og möguleika til framtíðarnýtingar. Þessi svæði eru eftirtalin:

- Reykjahverfi: Ferskvatnsuppsprettur í Skógaá, Þverá og Helgá.
- Nágrenni Húsavíkur: Ferskvatnsuppsprettur í Þorvaldsstaðaá, Bakkaá, Reyðarárbotnum og mýrum við Kaldbak og Traðargerði.
- Kelduhverfi og Öxarfjörður: Lindasvæði á Þeistareykjasprungubeltinu (Fjöll-Nesgjá og Sultir-Lón); á Kröflusprungubeltinu (Holubjörg, Litlaá, Lyngás-Skjálftavatn, Skógar), á Fremrinámasprungubelti (Landsá, Vaðkotsá, Smjörhóll/Tungá, Brunná, Gilsbakkaá, Skeggjastaðaá, Þverá, Núpsmýri, Naustaá, Valþjófsstaðaá, Presthólahraun, Þúfugerðisá, Klapparós, Snartarstaðaá), lindasvæði við Hólmatungur í Fremrinámakerfi og lindasvæði við Hafragil í Öskjukerfinu.
- Melrakkaslétta: Blikalón og fjörurennsli í Straumfjöru.

Komi fram tillögur að nýtingu vatns á ofangreindum svæðum fyrir byggð eða atvinnulíf þarf að gera grein fyrir áhrifum nýtingarinnar á umhverfi og samfélag og samræmi hennar við stefnu aðalskipulagsins um umhverfi og auðlindir, áður en ákvörðun um að heimila nýtinguna er tekin.

Frá gildistöku aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 hafa orðið breytingar á vatnstöku í sveitarfélaginu með tilkomu kísilverksmiðju PCC á Bakka þar sem virkjaðar hafa verið lindir norðan Húsavíkurfjalls með nýtingu til slökkvistarfa í huga. Einnig hefur komið til vatnstöku rétt suður af vatnsbóli Húsavíkur vegna Orkustöðvar Orkuveitu Húsavíkur sem gangsett var í júlí árið 2000. Verkfræðistofan Vatnaskil hefur yfirfarið þessi vatnsverndarsvæði og sett fram tillögu að nýrri afmörkun sem heilbrigðisnefnd hefur samþykkt. Í henni eru vatnsverndarsvæði í Öxarfirði einnig tekin til endurskoðunar, bæði er vatnvernd felld niður að stórum hluta þar sem vatnsból eru ekki til staðar og vatnsverndarmörk skilgreind fyrir meginvatnstökusvæðin fjögur við Auðbjargarstaði, Ásbyrgi og Ás, Vesturdal og svokallaða Smjörhólsveitu.

Samkvæmt Vatnaáætlun 2020-2027 er ekkert vatnshlot í Norðurþingi skilgreint í hættu um að ná umhverfismarkmiðum stjórnar vatnamála en tvö vatnshlot eru metin í óvissu um hvort þau nái umhverfismarkmiðum stjórnar vatnamála. Það eru vatnshlotin Lón og Héðinshöfði. Lón er metið í óvissu vegna hættu á uppsöfnun efna í lóni vegna fiskeldis. Héðinshöfði er í óvissu um álag vegna urðunar ösku frá sorpbrennslustöð. Vatnshlotið Héðinshöfði er vaktað í samræmi við starfsleyfi urðunarstaðarins í Laugardal og Lón er vaktað skv. starfsleyfi fiskeldis sem þar hefur verið starfandi.

## Stefna

Nýting auðlinda sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun, í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif.

Ástand yfirborðsvatns og grunnvatns sé mjög gott. Standa skal vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Grunnvatn haldist ómengað. Unnið verði að því að skilgreina mörk verndarsvæða umhverfis grunnvatnsuppsprettur og sett verði tilheyrandi ákvæði í kjölfarið, annað hvort með afmörkun vatnsverndarsvæða eða hverfisverndarsvæða.

Stefnt er að því að ástand vatnasvæða áa og vatna séu í flokki A, ósnortið vatn, skv. ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

*Útfærsla í skipulagi:*

Vatnsból og vatnsverndarsvæði eru sýnd í skipulagi, sjá stefnu og skilmála um veitur og vatnsverndarsvæði.



## 6.9 Strönd, vötn, sjór og ár

**Forsendur**

Stefnumótun um strandsvæði er nýtt viðfangsefni í aðalskipulagi Norðurþings og er mörkuð stefna um svæði frá fjöru og 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð á sjó.

Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að skipulag haf- og strandsvæða stuðli að góðu ástandi strandsjávar til þess að vernda vatn og vistkerfi þeirra. Það felur m.a. í sér að ákvarðanir um nýtingu haf- og strandsvæða rýri ekki ástand sjávar og miði að því að bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi.

Sérstök not strandsvæða eru á hafnarsvæðum Húsavíkur, Kópaskers og Raufarhafnar og eru hafnarsvæði á sjó afmörkuð í samræmi við gildandi hafnarreglugerð frá 17. desember 2018.

Strendur eru mikilvæg svæði, bæði vegna landslags og lífríkis, ekki síst sjófugla. Rauðinúpur er mesta fuglabjargið í sveitarfélaginu en þar er m.a. að finna eitt af nokkrum súluvörpum landsins. Þar er einnig að finna lunda, svartfugla og teistu. Í björgum austan á Tjörnesi og í Snartarstaðanúp eru stórar lundabyggðir og meðfram allri strönd Norðurþings er ríkulegt fuglalíf máva, kría, fýla og annara strandfugla. Víða eru aðgengilegar fjörur sem nýtast til útivistar. Nefna má mikilvæg strandsvæði við Bakka og strandsvæði Melrakkasléttu er mikilvægt fyrir farfugla og strandsvæði í Saltvík og Húsavíkurhöfða vegna ritubyggðar.

## Stefna

Standa skal vörð um vistkerfi og umhverfi á náttúrulegum strandsvæðum. Við uppbyggingu útivistaraðstöðu skal gæta að álagi á lífríki og áhrifum á landslag.

Vatnsgæði áa, vatna og sjávar séu ávallt eins góð og kostur er.

Veiðinytjar í ám og vötnum verði með sjálfbærum hætti en fiskistofnun verði haldið við með seiðasleppingum ef vilji er til þess og þess gerist þörf, í samráði við Fiskistofu.

*Útfærsla í skipulagi:*

Strandsvæði eru afmörkuð á svæði innan netlaga og sett um þau skilmálar.

Sett er stefna og skilmálar um að halda strandsvæðum í náttúrulegu ástandi og víða eru strandsvæði hverfisvernduð.

# 7 LANDNOTKUN OG SKILMÁLAR

Sett er fram almenn stefna fyrir alla landnotkunarflokka skv. skipulagsreglugerð. Einnig sértæk skipulagsákvæði fyrir landnotkun á hverjum stað eða svæði.

- Heimilt er að gera ráð fyrir 20% fleiri íbúðum á hverju svæði íbúðabyggðar í deiliskipulagi en sett viðmið um íbúðafjölda í landnotkunartöflu til að skapa sveigjanleika og vegna óvissu um framgang og þróun uppbyggingar.
- Bindandi viðmið fyrir fjölda gesta í gistingu eða fjölda gestahúsa fyrir útleigu kemur fram í sértækum skipulagsákvæðum. Þar sem stefna liggur fyrir er viðmið fyrir fjölda gistirúma sett í landupplýsingagögn undir „fjöldi gistirúma“.
- Ef sérskilmálar landnotkunarreita víkja frá almennum skilmálum þá gilda sérskilmálar.
- Fyrsti punktur í almennum skilmálum í hverjum kafla er ákvæði/lýsing á landnotkunarflokki skv. skipulagsreglugerð.



## 7.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði AF

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Á afþreyingar og ferðamannasvæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem vænta má á slíkum svæðum svo sem bílastæðum, göngustígum/hjólaleiðum, pöllum, upplýsingaskiltum, salernum og öðrum þjónustuhúsum. Við uppbyggingu ferðamannasvæða skal gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að náttúru og landslagi. Áningarstaðir séu aðlaðandi og uppfylli grunnþarfir gesta.

Við endurgerð fjallaskála, gangnamannakofa eða hesthúsa á afréttum og/eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun.

Við skála á afréttum er heimilt að vera með allt að 10 kV vindrafstöð, eða sólarsellur á eða við hús, til að sjá staðnum fyrir raforku. Heimilt er að rafvæða skála verði það talinn fýsilegur kostur.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR MAGN (M2) | FJÖLDI GISTIRÚMA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| AF1 | Mynni Ásbyrgis | Móttaka ferðafólks í Ásbyrgi innan Vatnajökulsþjóðgarðs. | Svæði fyrir tjaldsvæði, þjónustuhús og mannvirki tengd ferðaþjónustu og móttöku ferðafólks. Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. Á svæðinu er golfvöllur en til skoðunar er að færa hann út fyrir svæðið. | 59,8 | | |
| AF3 | Langavatnshöfði | Áningarstaður ferðamanna. | Áningarstaður með bílastæði, snyrtihúsi og upphaf gönguleiðar t.d. að útsýnisstað á Langavatnshöfða. Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. | 4,6 | | |
| AF201 | Fjallaskáli Blikalónsdal | Fjallaskáli, þrjár byggingar. | Fjallasel, gangnamannaskáli Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Byggingarmagn fyrir gistingu allt að 200 $m^2$. Auk þess er heimilt að vera með 100 $m^2$ hesthús. | 2 | 300 | 30 |
| AF202 | Sandskáli | Gangnamannaskáli Öxfirðinga, sambyggður skáli og hesthús, gisting fyrir 10 gesti. | Fjallasel, gangnamannaskáli. Heimilt er að viðhalda þeim byggingum sem þar eru og nýta skálann tengt smalamennsku. | 2 | 100 | 10 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR MAGN (M2) | FJÖLDI GISTIRÚMA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| AF203 | Dettifoss að austan | Aðstaða fyrir ferðamenn, salerni, upplýsingaskilti og bílastæði. | Gert er ráð fyrir lágmarksþjónustu, s.s. salernis- og áningaraðstöðu, upplýsingum, veitingasölu og fræðslu. Nánari útfærsla í deiliskipulagi. Mannvirki verði vönduð og metnaður lagður í allan frágang umhverfis. | 1 | | |
| AF204 | Veggurinn í Kelduhverfi | Áningarstaður ferðamanna. | Heimilt er að vera með bílastæði, upplýsingaskilti, borð, bekki og stíga svo gestir geti notið svæðisins. | 0,5 | | |
| AF205 | Gangnamanna-skáli | Gangnamannaskáli Núpasveitar. | Fjallasel, gangnamannaskáli. Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Byggingarmagn fyrir gistingu allt að 200 m$^2$. Auk þess er heimilt að vera með 100 m$^2$ hesthús. Byggingarmagn fyrir gistingu allt að 200 m$^2$. Auk þess er heimilt að vera með 100 m$^2$ hesthús. | 2 | 300 | 30 |
| AF206 | Bakkahlaup | Selaskoðunarhús við Bakkahlaup. | Heimilt að vera með aðstöðuhús til selaskoðunar, allt að 50 m$^2$. Bílastæði, upplýsingar og stígar. | 0,5 | 50 | |
| AF207 | Hólmatungur | Aðstaða fyrir ferðamenn, salerni, upplýsingaskilti og bílastæði. | Áningarstaður með bílastæði, snyrtihúsi og upphaf gönguleiða. Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. | 1 | | |
| AF208 | Hljóðaklettar | Þjónustuhús og bílastæði. | Þjónustuhús og bílastæði. Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. | 0,7 | | |
| AF209 | Vesturdalur | Landvörslustöð í Vesturdal og tjaldsvæði. | Landvörslustöð, bílastæði og tjaldsvæði með lágmarksþjónustu, salernum og móttökuhúsi, auk göngustíga og fræðsluskilta. Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. | 0,5 | | |
| AF210 | Botn Ásbyrgis | Áningarstaður ferðamanna. | Svæði fyrir áningaraðstöðu  og leiktæki. Einnig einstaka viðburði eftir því sem tilefni er til. Leyfi þjóðgarðsyfirvalda þarf fyrir framkvæmdum. Mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs. | 1,7 | | |
| AF211 | Tjarnarskáli | Skáli. | Fjallasel, gangnamannaskáli. Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Byggingarmagn fyrir gistingu allt að 200 m$^2$. Auk þess er heimilt að vera með 100 m2 hesthús. | 2 | 300 | 30 |
| AF212 | Veigubúð | Sæluhús á Sæluhúsmúla, skáli með gistingu fyrir 10 gesti. Megin hlutverk skálans er að vera gangnamannaskáli. | Fjallasel, gangnamannaskáli. Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Byggingarmagn fyrir gistingu allt að 200 m2. Auk þess er heimilt að vera með 100 m$^2$ hesthús. | 2 | 300 | 30 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR MAGN (M2) | FJÖLDI GISTIRÚMA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| AF213 | Laufskáli | Tveir skálar og hesthús. Í aðalskálanum er gisting fyrir 12 manns en í minni og eldri skálanum er svefnrými. Megin hlutverk skálans er að vera gangnamannaskáli. | Fjallasel, gangnamannaskáli. Heimilt er að vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Byggingarmagn fyrir gistingu allt að 200 m$^2$. Auk þess er heimilt að vera með 100 m$^2$ hesthús. | 2 | 300 | 30 |
| AF214 | Harðbakur | Áningarstaður við gönguleið. | Áningarstaður við upphaf gönguleiðar. Heimilt er að vera með bílastæði, bekki og borð og allt að 20 m$^2$ salernis- og þjónustuhús. | 0,5 | 20 | |
| AF450 | Kaldbakstjanir | Aðstaða fyrir ferðamenn, salerni, upplýsingaskilti og bílastæði. | Kaldbakstjarnir, bílstæði , þjónustuhús, fuglaskoðunarskýli. Hámarksbyggingarmagn 100 m$^2$. | 0,5 | 100 | |
| AF501 | Tjaldsvæði Kópaskeri | Tjaldsvæði. | Haldið verði áfram að byggja upp tjaldsvæði og ferðaþjónustu á svæðinu. Vanda skal allan frágang og umgengni og tryggja að svæðið gefi aðkomu í þorpið fallega ásýnd. Heimilt er að vera með þjónustuhús fyrir tjaldsvæðið. | 1,2 | | |
| AF601 | Heimskautsgerði | Steinlistaverk þar sem ekkert skyggir á sjóndeildarhringinn, heimskautabirtuna og miðnætursólina. | Á svæðinu er gert ráð fyrir Heimskautsgerði og þeim framkvæmdum og landslagmótun sem því fylgir. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsum með salernum og móttöku, auk skilta, áningarstaðar og annarri mannvirkjagerð sem þjónar hlutverki staðarins sem einn af meginátangastöðunum á þessu svæði og á Norðurstrandarleið sem er ferðamannaleið um norðurströnd Íslands. Mikilvægt er að tryggja að ekkert skyggi á sjóndeildarhringinn frá staðnum.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 33,2 | | |

## 7.2 Athafnasvæði AT

### Almennir skilmálar

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Gróðurhús eru heimil. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.
Þéttleiki byggðar og yfirbragð atvinnusvæða skal taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim.
Hvatt er til þess að starfsemi á athafnasvæðum byggi á því að efla hringrásarhagkerfið og draga úr sóun.

**Sérskilmálar**

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| AT201 | Stóru-Reykir | Á svæðinu er trésmiðaverkstæði. | Svæði fyrir snyrtilega athafnastarfsemi, t.d. trésmíðaverkstæði. Svigrúm fyrir nýbyggingar og endurbætur og breytingar á núverandi mannvirkjum. Áhersla er lögð á aðlaðandi ásýnd með góðum frágangi lóða og jaðra svæðanna, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni. | 0,5 | |
| AT204 | Hveravellir | Á svæðinu eru gróðurhús og mannvirki tengd ræktun. | Svæði fyrir gróðurhús og ræktun og mannvirki þeim tengdum. | 5 | |
| AT205 | Smiðjuteigur | Á svæðinu er verkstæði og starfsemi hópferðabíla. | Svæði fyrir snyrtilega athafnastarfsemi, t.d. verkstæði. Svigrúm fyrir endurbætur og breytingar á núverandi mannvirkjum og nýbyggingar. Áhersla er lögð á aðlaðandi ásýnd með góðum frágangi lóða og jaðra svæðisins, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni. | 1,7 | |
| AT401 | Höfði I | Athafna- og iðnaðarstarfsemi í vestan- og neðanverðum Höfða, ofan við Norðurhöfn. Svæðið er nær fullbyggt. Íbúðir eru í Höfða 20 og gistiheimili er í Höfða 24. | Svæði fyrir snyrtilega athafnastarfsemi og léttan iðnað. Einkum starfsemi sem hefur hag af nálægð við hafnarsvæði. Vanda skal frágang og umgengni , sérstaklega í átt að íbúðarbyggð í Brekkum og útivistarsvæði við ströndina. Gistiheimili fyrir 20 gesti og 5 íbúðir á efri hæðum húsa eru heimil næst Höfðavegi. | 9,9 | 5 |
| AT402 | Stéttin | Á svæðinu eru skemmur og geymslur, hafnarvog og þjónusta við ferðamenn. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar. Svæði fyrir snyrtilega athafnastarfsemi og léttan iðnað, einkum starfsemi sem hefur hag af nálægð við hafnarsvæði. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu. Íbúðir eru heimilaðar við Garðarsbraut.<br>Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í aðalskipulagi um miðbæ Húsavíkur. | 1,1 | 3 |
| AT403 | Suðurfjara | Á svæðinu er ós Búðarár og fjaran. Svæðið er mikið notað til útivistar. Syðst á svæðinu er búið að reisa iðnaðarbil til geymslu eða fyrir létta atvinnustarfsemi. Núverandi og áformuð landfylling sunnan Suðurhafnar. Hluti landfyllingarinnar | Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnastarfsemi og rýmisfrekri þjónustu-starfsemi sem hefur hag af nálægð við sjó og/eða að vera miðsvæðis í bænum. Nyrsti hluti svæðisins getur nýst sem vaxtarsvæði fyrir fiskvinnslu og útgerð. Jafnframt verði tryggður möguleiki á að miðstöð landflutninga með fisk geti flust að Suðurgarði, til að draga úr umferð um Hafnarstétt. Svæðið blasir við ofan af bakkanum og því skal vanda mjög til umhverfis-frágangs og hönnunar bygginga. Tryggð verði gönguleið meðfram sjónum | 6,5 | |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| | | verður til við sandflutning vegna strauma og hafnargarðs en að hluta til þarf að fylla upp til að búa til svæði fyrir athafnastarfsemi í grennd við höfn. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 17 lóðum. Forsenda uppbyggingar á þessu svæði er nýr vegur eftir fjörunni til suðurs upp á þjóðveg. | milli Suðurgarðs og fjörunnar sunnan við svæðið.<br>Gert verði ráð fyrir útivistarsvæði í gegnum svæðið sem tengir Árgil við sjóinn. Búðará skal veitt í opnum farvegi til sjávar. | | |
| AT404 | Stangarbakki | Á svæðinu er vélsmiðja, bíla- og dekkjaverkstæði auk annarrar starfsemi. Íbúðir eru á efri hæðum. Starfsemin á reitnum er með nokkuð mikla rýmisþörf á útisvæðum og eru engin græn svæði innan hans. | Athafnastarfsemi á jarðhæð og heimildir fyrir íbúðir á efri hæðum. | 1,4 | 5 |
| AT405 | Kringlumýri og Haukamýri I | Nyrst á svæðinu er sláturhús og kjötvinnsla en sunnar eru skemmur, starfsemi tengd vélaútgerð, verslanir og skoðunarstöð bifreiða. Möguleikar á fjölbreyttri starfsemi. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir matvælaiðnað. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri athafnastarfsemi og matvælastarfsemi sem hefur hag af góðu aðgengi að þjóðvegi. Leggja skal sérstaka áherslu á vandaða umgengni og frágang á svæðinu, sérstaklega þar sem snýr að þjóðvegi. | 14,5 | |
| AT501 | Röndin | Á svæðinu er sláturhús og kjötvinnsla. Sunnar á svæðinu eru verkstæði og geymslusvæði. | Á svæðinu er sláturhús og kjötvinnsla auk verkstæða. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu til að koma í veg fyrir sjónmengun. Áður en uppbygging á svæðinu fer fram skal fara fram úttekt á landslagi og náttúru svæðisins og hún nýtt við fyrirkomulag mannvirkja. | 2,7 | |
| AT601 | Sandur 1 | Svæðið er að hluta til byggt en er einnig notað sem geymslusvæði. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Krafa um snyrtilega umgengni og viðhald húsa.<br>Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum bæði í átt að útivistarsvæði (til norðurs) og byggð við Höfðabraut, þar með talið að kirkjunni. | 1,9 | |
| AT602 | Tengivirki Raufarhöfn | Tengivirki. | Svigrúm til bygginga og breytinga sem þjónar tengivirkinu. | 0,1 | |

## 7.3 Efnistöku og efnislosunarsvæði E

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Efnistaka á skilgreindum efnistökusvæðum í aðalskipulagi er heimil að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar þar sem skilgreint er nánar hve mikið efni má taka og af hve stóru svæði.

Almennt er ekki gert ráð fyrir að efnistaka kalli á gerð deiliskipulags, heldur sé unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efnistökuframkvæmdum í framkvæmda-leyfisgögnum á grundvelli aðalskipulags.

Kynna skal umsóknir um framkvæmdaleyfi til efnistöku úr árfarvegum og sjó fyrir forsvarsaðilum lands, veiðifélagi viðkomandi ár og Fiskistofu.

Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námusvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði.

Vanda skal umgengni á vinnslutíma og tryggja sem best að ekki verði fok frá námum. Huga skal að ásýnd efnistökusvæða. Námur sem eru nýttar yfir lengra tímabil skal lokað, eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar. Efnistöku á stórum svæðum skal áfangaskipta.

Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | EFNISMAGN (M3) |
|---|---|---|---|---|---|
| E1 | Klifshagi 1 | | Efnistaka allt að 24.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,4 | 50000 |
| E2 | Jökulsá á Fjöllum, Ás 1 | | Efnistaka allt að 50.000 $m^3$ | 6,3 | 50000 |
| E201 | Saltvík 1 | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E202 | Höfuðreiðarmúli, í landi Einarsstaða og Skarðaborgar, Reykjahverfi | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E203 | Einarsstaðir | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E205 | Í landi Reykjavalla | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E206 | Fjöll | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | EFNISMAGN (M3) |
|---|---|---|---|---|---|
| E207 | Eyvindarstaðir | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$. Raskað svæði um 1 ha. | 2,5 | 50000 |
| E208 | Lindarbrekka | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E209 | Náma D-2, stöð 41.500. | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E212 | Jökulsá á Fjöllum, Grímstunga 2 | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E213 | Ærlækjarnáma, Ærlækur | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E214 | Víðines | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E215 | Sandá Öxarfirði, Ærlækjarsel 1 | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E216 | Náma á Austursandi, Skógar 1 | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E217 | Brekkuhamar við Klapparós, Brekka | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E218 | Náma við nýja Kópaskersflugvöll, Snartarstaðir | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E219 | Brunavatn (Akursnáma), Leirhöfn | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E220 | Rif á Melrakkasléttu, Rif | | Efnistaka allt að 5 ha svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 5 | 50000 |
| E222 | Hraunsnáma (N. við Raufarhafnarflugvöll), Hóll | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 m3 | 2,5 | 50000 |
| E224 | Meiðavellir Kelduhverfi | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E225 | Náma D-7 | | Efnistaka allt að 25.000 $m^2$ svæði eða allt að 50.000 $m^3$ | 2,5 | 50000 |
| E226 | Skurðsbrúnir | | Efnistaka allt að 49.900 $m^2$ svæði eða allt að 149.900 $m^3$ | 2,5 | 149900 |
| E227 | Gyðuhóll | | Efnistaka allt að 210.000 $m^2$ / 800.000 $m^3$ | 21 | 800000 |
| E228 | Höskuldslækur | | Efnistaka allt að 145.000 $m^2$ / 100.000 $m^3$ | 14,5 | 100000 |
| E230 | Grjótagil | | Efnistaka allt að 30.000 $m^2$ / 50.000 $m^3$ | 3 | 50000 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | EFNISMAGN (M3) |
|---|---|---|---|---|---|
| E231 | Hóll við Hvanngil | | Efnistaka allt að 60.000 $m^2$ / 100.000 $m^3$ | 6 | 100000 |
| E232 | Árnahvammur, Eyrar | | Efnistaka allt að 80.000 $m^2$ / 20.000 $m^3$ | 8 | 20000 |
| E233 | Grásteinsheiði | | Efnistaka allt að 20.000 $m^2$ / 40.000 $m^3$ | 2 | 40000 |
| E234 | Vestan Höskuldsvatns | | Efnistaka allt að 40.000 $m^2$ / 100.000 $m^3$ | 4 | 100000 |
| E235 | Suðvestan Höskuldsvatns | | Efnistaka allt að 3.000 $m^2$ / 10.000 $m^3$ | 0,3 | 10000 |
| E237 | Sæluhúsamúli | | Efnistaka allt að 12.000 $m^2$ / 60.000 $m^3$ | 1,2 | 60000 |
| E238 | Grjótháls | | Efnistaka allt að 14.000 $m^2$ / 34.000 $m^3$ | 1,4 | 34000 |
| E239 | Skjólbrekka | | Efnislosunarsvæði sem notað verður fyrir haugsetningu á moldatjarðvegi sem kemur upp vegna uppbyggingar á iðnaðarsvæðinu á Bakka. Efnislosun á þessu svæði er heimil að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjómar, þar sem skilgreint er nánar hversu mikið efni á að haugsetja. Í framkvæmdaleyfisumsókn skal gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum (s.s. um lagersvæði efnis) og frágangi (s.s. landmótun og sáningu) á meðan á haugsetningu stendur og eftir að henni lýkur. Að loknum framkvæmdatíma skal ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að það falli sem best að umhverfinu og skeri sig ekki úr. Hámarkshæð á haugsetningu er 4 m yfir núverandi landhæð og leyfilegt er að haugsetja allt að 50.000 $m^3$ af jarðvegi. Efnislosunarsvæðið verði sléttað vel og aðlagað að landslagi áður en uppgræðsla hefst við frágang á svæðinu. | 2,5 | 50000 |
| E240 | Norðan við Hólssel | | Efnistaka allt að  20.000 $m^2$/ 25.000 $m^3$ | 2 | 25000 |
| E241 | Norðmelur | | Efnistaka allt að  20.000 $m^2$/ 25.000 $m^3$ | 2 | 25000 |
| E242 | Vestari Tjaldstæðisháls | | Efnistaka allt að  25.000 $m^2$/ 25.000 $m^3$ | 2,5 | 25000 |
| E243 | Kjalarásnáma | | Efnistaka allt að  20.000 $m^2$/ 25.000 $m^3$ | 2 | 25000 |
| E244 | Kötluviðarhraun | | Efnistaka. | 2,5 | 50000 |
| E245 | Álftatjörn | | Efnistaka. | 2,5 | 50000 |
| E246 | Kötluhraun við Vindás | | Efnistaka. | 2,5 | 50000 |
| E247 | Kötluviðrar við Þúfuás | | Efnistaka. | 2,5 | 50000 |
| E3 | Saltvík | | Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang  landmótun og jarðvegstippur á vegum sveitarfélagsins. Öll losun almennings er óheimil. | 5,2 | 0 |
| E4 | Höskuldsvatn 2 | | Efnistaka allt að 110.000 $m^2$/ 230.000 $m^3$ | 11,2 | 230000 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | EFNISMAGN (M3) |
|---|---|---|---|---|---|
| E401 | Norðan Laugardals, norðan við Húsavík | | Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang. Miðað er við móttöku á 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári og 200 tonnum af garðaúrgangi. | 3,5 | 0 |
| E402 | Krókalág | | Efnistaka allt að 49.000 m² svæði eða allt að 60.000 m³ Efnistökusvæðið stækkar til suðurs, en um leið skal ganga frá því svæði til norðurs þar sem efnistöku er hætt. Draga skal úr áhrifum vegna ásýndar með gróðurmönum, lækkun á landi eða með öðrum leiðum. | 4,9 | 60000 |
| E403 | Katlar | | Efnistaka allt að 10,6 ha svæði eða allt að 440.000 m³. Draga skal úr áhrifum vegna ásýndar með gróðurmönum, lækkun á landi eða með öðrum leiðum. | 10,6 | 440000 |
| E404 | Krókalág | | Námusvæði þar sem efnistöku er lokið. Ganga skal frá efnistökusvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfinu. Markmið landmótunar og viðeigandi uppgræðslu er að sýnileg ummerki efnistökunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi algerlega með tímanum þar sem vel tekst til. | 3 | 0 |
| E5 | Reykjaheiði | | Efnistaka allt að 160.000 m² / 200.000 m³ | 5,6 | 200000 |
| E6 | Þverá, Reykjahverfi | | Efnistaka allt að 25.000 m² svæði eða allt að 50.000 m³ | 2,5 | 50000 |
| E601 | Klif | | Efnistaka allt að 10.000 m² svæði eða allt að 40.000 m³ | 1 | 40000 |

## 7.4 Frístundabyggð F

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggð.

Stakir sumarbústaðir og frístundasvæði skulu falla vel að landslagi og byggðamynstri. Vandað verði til hönnunar húsa og stuðlað að því að þau skírskoti til einkenna svæðisins hvað varða form, liti og efni.

Uppgefin stærð frístundasvæða í ha og fjöldi bústaða/lóða eru þau mörk sem aðalskipulagið setur.

Innan frístundabyggðar er gert ráð fyrir nauðsynlegum innviðum svo sem vegum, stígum, borholum, rotþróm, veitum, sorpgámum og þess háttar.

Nýting grunnvatns er heimil fyrir frístundabyggð án þess að vatnsból og vatnsverndarsvæði séu sérstaklega afmörkuð í aðalskipulagi, að því tilskyldu að nýtingin sé fyrir innan við 20 hús og að neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag séu óveruleg. Gera skal grein fyrir nýtingunni í deiliskipulagi.

Skipulag frístundabyggðar skal fjalla um náttúruvá og hvernig skipulagið tekur mið af vá t.a.m. vegna mögulegra jarðskjálfta, ofanflóða og kjarrelda. Gera skal grein fyrir aðkomu slökkvibíla, aðgengi að slökkvivatni og mögulegum flóttaleiðum af svæðinu. Vegir skulu fullnægja kröfum um akstur þungra slökkvibíla.

Halda skal í náttúrulegt yfirbragð svæða og fella frístundabyggð að landi og gróðri. Við útfærslu mannvirkja og framkvæmda í frístundabyggð og ákvarðanir um staðsetningu mannvirkja skal líta til varðveislu menningarminja, sérstæðra jarðmyndana, mikilvægra vistkerfa og gróðurlenda sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd og vernduð svæði.

Frístundabyggð skal, eftir því sem hægt er, vera utan verndarsvæða og góðs ræktanlegs landbúnaðarlands. Frístundabyggð skal hagað þannig að hún skerði náttúrulegan birkiskóg sem minnst. Forðast skal að raska verndarsvæðum, vistkerfum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Við afmörkun frístundalóða skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó og að gætt sé að ákvæðum skipulagsreglugerðar um fjarlægðarmörk milli mannvirkja, áa, vatna og sjávar.

Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar og aðra starfsemi sem þjónar byggðinni.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI FRÍSTUNDAHÚSA |
|---|---|---|---|---|---|
| F1 | Laxárlundur | | Svigrúm fyrir endurbætur og breytingar á núverandi mannvirkjum en gert er ráð fyrir 15 bústöðum á svæðinu.<br>Gert ráð fyrir stækkun núverandi svæðis til austurs með allt að 20 lóðum innan stækkunarinnar, en sú stækkun er ekki afmörkuð á skipulagi. | 10,8 | 15 |
| F2 | Stekkjarhvammur | | Gert er ráð fyrir 11 frístundahúsum. | 14,6 | 11 |
| F3 | Heiðarbót og Stekkjarholt | | Gert er ráð fyrir allt að 15 frístundahúsum. | 12,3 | 15 |
| F4 | Fjöll | | Gert er ráð fyrir allt að 20 frístundahúsum. | 39 | 20 |
| F5 | Stekkjarsult | | Gert er ráð fyrir allt að 20 frístundahúsum á því svæði sem núverandi deiliskipulag tekur til og á framtíðarsvæði sem sýnt er í því deiliskipulagi. | 14 | 20 |
| F6 | Þverárdalur | | Gert er ráð fyrir allt að 25 frístundahúsum.<br>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis , Skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Forðast skal að raska birkiskógi og frístundabyggðinni verði hagað þannig að hún skerði náttúrulegan birkiskóg sem minnst en honum skal halda eins óröskuðum og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur.<br>Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessum svæðum.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 19,2 | 25 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI FRÍSTUNDAHÚSA |
|---|---|---|---|---|---|
| F7 | Þrastarlundur | | Gert er ráð fyrir allt að 25 frístundahúsum.<br>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis , Skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Forðast skal að raska birkiskógi og frístundabyggðinni verði hagað þannig að hún skerði náttúrulegan birkiskóg sem minnst en honum skal halda eins óröskuðum og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur.<br>Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessum svæðum.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 27,4 | 25 |
| F8 | Dranghólar | | Gert er ráð fyrir allt að 15 frístundahúsum.<br>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis , Skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Forðast skal að raska birkiskógi og frístundabyggðinni verði hagað þannig að hún skerði náttúrulegan birkiskóg sem minnst en honum skal halda eins óröskuðum og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur.<br>Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessum svæðum.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 19,2 | 15 |
| F9 | Brekka | | Gert er fyrir allt að 5 bústöðum á nýju svæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir gisinni sumarhúsabyggð ásamt skógrækt. Svæðið er hluti af landi sem var friðað 1945 vegna æðarvarps/fuglavarps. | 62 | 5 |
| F10 | Víðirhóll | | Gert er ráð fyrir allt að 10 bústöðum. | 8,4 | 10 |

## 7.5 Hafnarsvæði H

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum vegna útgerðar og fiskvinnslu, til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Verja má land fyrir landbroti.

## Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| H401 | Norðurgarður | Á svæðinu er viðlegukantur fyrir stór skip. Slökkvistöð og flutningafyrirtæki er með starfsemi á svæðinu. Innst er gamli slippurinn. | Gert er ráð fyrir hreinstöð fráveitu, hafnarmannvirkjum og athafnarými sem tryggir góða aðstöðu fyrir flutninga og þjónustu. Gert er ráð fyrir lengingu á Bökugarði til suðurs, framlengingu Norðurgarðs og stækkun hafnarinnar með Snásugarði. Huga þarf að öruggum gönguleiðum að og frá svæðinu. | 24,6 |
| H402 | Stangarbakkagarður | | Heimilt er að gera grjótvarnargarð til að draga úr öldu og sogi í Húsavíkurhöfn. Garðurinn hefur ekki verið hannaður eða útfærður nákvæmlega og er heimilt að breyta honum og færa til ef þess þarf. | 1,6 |
| H403 | Naustagarður | Á svæðinu er mikill straumur ferðamanna, smábátar og hvalaskoðunarbátar og starfsemi tengd ferðaþjónustu. | Gert er ráð fyrir starfsemi tengdri útgerð og ferðaþjónustu á sjó auk verslunar- og þjónustu tengdri ferðaþjónustu.<br>Gamla slippnum verði viðhaldið. Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í aðalskipulagi um miðbæ Húsavíkur. | 1 |
| H404 | Suðurhöfn | Löndun og fiskvinnsla ásamt tengdri starfsemi. | Svigrúm er fyrir frekari starfsemi tengdri fiskvinnslu og útgerð.<br>Tryggðar verði öruggar og aðgengilegar flutningaleiðir til og frá hafnarsvæðinu og innan þess þannig að sem minnst óhagræði verði fyrir bæði fiskvinnsluna og aðra starfsemi á hafnarsvæðinu.<br>Gert er ráð fyrir framlengingu á Suðurgarði til suðvesturs. | 2,5 |
| H501 | Kópasker | Varnargarður, höfn og hafnartengd starfsemi. | Uppbyggingu í tengslum við hafnsækna starfsemi skal beint inn á svæðið. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu og tryggja að gangandi vegfarendur geti þverað svæðið. Fráveita liggur um svæðið til vesturs og þar er gert ráð fyrir hreinsistöð. | 2,9 |
| H601 | Raufarhöfn | Smábátahöfn | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum. | 1,6 |
| H602 | Raufarhöfn | Á svæðinu er löndun, fiskvinnsla og atvinnustarfsemi. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum.<br>Mögulegt er að koma hreinsistöð fráveitu fyrir á hafnarsvæðinu en staðsetning hennar hefur ekki verið ákveðin. | 7,3 |

## 7.6 Iðnaðarsvæði I

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Gróðurhús eru heimil. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru. Þéttleiki byggðar og yfirbragð atvinnusvæða skuli taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim.

Við uppbyggingu iðnaðarsvæða skal taka tillit til umhverfisins og að rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagað að landi umhverfis.

Hvatt er til þess að atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæðum miði að því að efla hringrásarhagkerfið, draga úr sóun og stuðla að skynsamlegri orkunýtingu.

Draga skal úr myndun úrgangs og endurnýta og endurvinna eins og hægt er þann úrgang sem til fellur. Leitast skal við að jarðgera lífrænan úrgang.

Heimilt að reisa stakar vindmyllur, á iðnaðarsvæðum, allt að 5 MW og allt að 25 m háar, m.v. hæstu stöðu spaða. Fjarlægð vindmylla frá íbúðar- og frístundahúsum þarf að vera nægjanleg til að tryggja að hljóðvist og skuggaflökt sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Vindmyllur skulu almennt ekki vera nær byggingum á nágrannajörðum en sem nemur fjórfaldri hæð vindmyllu. Vindmyllur skulu ekki vera nær háspennulínum, tengivirkjum og helstu vegum en sem nemur heildarhæð vindmyllunnar. Vindmyllur eru ekki leyfðar innan friðlýstra svæða, hverfisverndaðra svæða eða í nærumhverfi friðaðra æðarvarpa. Við staðsetningu stakra vindmylla skal forðast að raska vistkerfum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| I2 | Lón | Fisk- og seiðaeldi. | Svæði fyrir fiskeldi og mannvirki og starfsemi því tengd, í samræmi við starfsleyfi hverju sinni. Heimild fyrir 600 tonna lífmassa að hámarki samtals á reit I2 og I3. | 2 |
| I3 | Lón | Fisk- og seiðaeldi. | Svæði fyrir fiskeldi og mannvirki og starfsemi því tengd, í samræmi við starfsleyfi hverju sinni. Heimild fyrir 600 tonna lífmassa að hámarki samtals á reit I2 og I3. | 9,8 |
| I4 | Núpsmýri | Fisk- og seiðaeldi. | Svæði fyrir fiskeldi og mannvirki og starfsemi því tengd, í samræmi við starfsleyfi hverju sinni. Þar með talið borholur, sjódæluhús, hitaveitulögn, göngubrú, hreinsistöð fyrir frárennsli, sláturhús og fleira. Í dag gerir starfsleyfi ráð fyrir heimild fyrir 3.000 tonna framleiðslumagni. Hámark lífmassa á hverjum tíma er 3000 tonn. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fiskeldis og að í framtíðinni sé framleiðslumagn aukið í 8000 tonn. | 69,6 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| I5 | Kópaskersland | Sorpurðunarsvæði. | Móttaka á flokkuðum úrgangi og urðunarstaður í samræmi við starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti allt að 600 tonnum á ári til urðunar og taka á móti flokkuðum úrgangi. Innan svæðisins er heimilt að hafa skotæfingasvæði en það skal víkja ef þörf krefur vegna meðhöndlunar úrgangs. | 30,6 |
| I6 | Hnotasteinn | Fyrirhugaður vindorkugarður. | Vindorkuver með afköst upp á 216 MW og allt að 34 vindmyllur. Hámarkshæð í miðju hverfils 120 m og hámarkshæð með spaða í hæstu stöðu er 200 m. Heimilt er að stunda landbúnað á svæðinu, þ.e. á þeim svæðum sem ekki eru tekin undir mannvirki. Við hönnun og útfærslu skal leitast við að staðsetja vindmyllur, lagnir og vegi þannig að mikilvæg vistkerfi s.s. votlendi haldist sem mest óskert og að beitiland nýtist sem best. Halda skal öllu raski í lágmarki og eftir því sem kostur er skal endurnýta svarðlag við frágang og aðlaga land að óröskuðu landi. Ef votlendi tapast skal endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins. Efni til slóða og mannvirkja-gerðar skal eftir því sem kostur er tekið innan skilgreinds iðnaðarsvæðis, svo sem úr uppgrefti.<br>Í deiliskipulag og umhverfismati framkvæmdarinnar skal meta áhrif á fugla, sjónræn áhrif, áhrif á víðerni, hljóðmengun og æðarvarp.<br>Í deiliskipulagi skal setja ítarleg ákvæði um yfirbragð og ásýnd mannvirkja á svæðinu, svo sem lit og áferð vindmylla, lýsingu og aðra þá þætti sem hafa afgerandi áhrif á upplifun á landslagi svæðisins. Í deiliskipulagi skal setja sérstök ákvæði sem tryggja öryggi fólks og dýra á framkvæmdatímanum, svo sem um lokun vega eða svæða með það að markmiði að koma í veg fyrir slys. Einnig skal í deiliskipulagi setja sérstaka skilmála um varnir gegn mengun grunnvatns á framkvæmdatímanum og á rekstrartíma vindorkugarðsins. Í deiliskipulagi skal setja sérstök ákvæði um niðurrif mannvirkja og frágang svæðisins á rekstrartíma og þegar orkuvinnslu lýkur. Um svæðið gildir einnig ákvæði varúðarsvæðis VA1. Ef svæðin verða sett í orkunýtingarflokk í rammaáætlun þá tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi eða ákvörðun um frestun breytingar. | 3335 |
| I7 | Þverá | Iðnaðar- og athafnastarfsemi. | Svæði fyrir ýmis konar iðnaðar- og athafnastarfsemi. Ef heitt vatn finnst á svæðinu er gert ráð fyrir nýtingu þess. | 21,1 |
| I8 | Reyðarárgarður | Fyrirhugaður vindorkugarður. | Vindorkuver með afköst upp á 50-100 MW og allt að 20 vindmyllur. Hámarkshæð í miðju hverfils 100 m og hámarkshæð með spaða í hæstu stöðu er 180 m. Við hönnun og útfærslu skal leitast við að staðsetja vindmyllur, lagnir og vegi þannig að mikilvæg vistkerfi s.s. votlendi haldist sem mest óskert og að beitiland nýtist sem best. Halda skal öllu raski í lágmarki og eftir því sem kostur er skal endurnýta svarðlag við frágang og aðlaga land að óröskuðu landi. Ef votlendi tapast skal endurheimta sambærilega stærð votlendis innan sveitarfélagsins. Á svæðinu er hraun og votlendi sem njóta verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd. Efni til slóða og mannvirkjagerðar skal eftir því sem kostur er tekið innan skilgreinds iðnaðarsvæðis, svo sem úr uppgrefti.<br>Í deiliskipulag og umhverfismati framkvæmdarinnar skal meta áhrif á fugla, sjónræn áhrif, áhrif á víðerni, hljóðmengun og æðarvarp.<br>Í deiliskipulagi skal setja ítarleg ákvæði um yfirbragð og ásýnd mannvirkja á svæðinu, svo sem lit og áferð vindmylla, lýsingu og aðra þá þætti sem hafa afgerandi áhrif á upplifun á landslagi svæðisins. Í deiliskipulagi skal fjalla um valkosti og áhrif þeirra á svæði sem njóta verndar og | 784,2 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | | rökstyðja sérstaklega ef ekki er unnt að komast hjá röskun. Í deiliskipulagi skal setja sérstök ákvæði sem tryggja öryggi fólks og dýra á framkvæmdatímanum, svo sem um lokun vega eða svæða með það að markmiði að koma í veg fyrir slys. Einnig skal í deiliskipulagi setja sérstaka skilmála um varnir gegn mengun grunnvatns á framkvæmdatímanum og á rekstrartíma vindorkugarðsins. Taka skal tillit til þess að hluti iðnaðarsvæðis er innan grannsvæðis og fjarsvæðis vatnsverndar og um slík svæði gilda takmarkanir skv. lögum.<br>Við uppbyggingu nærri helgunarsvæði háspennulínanna skal tryggja að hún hafi ekki áhrif á afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu<br>Í deiliskipulagi skal setja sérstök ákvæði um niðurrif mannvirkja og frágang svæðisins á rekstrartíma og þegar orkuvinnslu lýkur. Um svæðið gildir einnig ákvæði varúðarsvæðis VA2. Ef svæðin verða sett í orkunýtingarflokk í rammaáætlun þá tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingu á aðalskipulagi eða ákvörðun um frestun breytingar. | |
| I9 | Austursandur | Borhola fyrir heitt vatn. | Borhola fyrir jarðhita. Heimilt er að nýta borholuna og bora fleiri holur til nýtingar jarðhita innan svæðisins. Jarðhitann má nýta fyrir ýmis konar orkusækinn iðnað, s.s. ylrækt, fiskeldi, líftækni, hitaveitu eða aðra orkutengda starfsemi. Einnig aðra atvinnustarfsemi á staðnum eða í nágrenninu. | 10,2 |
| I10 | Austursandur | Borhola fyrir heitt vatn. | Borhola fyrir jarðhita. Heimilt er að nýta borholuna og bora fleiri holur til nýtingar jarðhita innan svæðisins. Jarðhitann má nýta fyrir ýmis konar orkusækinn iðnað, s.s. ylrækt, fiskeldi, líftækni, hitaveitu eða aðra orkutengda starfsemi. Einnig aðra atvinnustarfsemi á staðnum eða í nágrenninu. | 10,2 |
| I202 | Ærlækjarsel við Skógarlón | Borhola fyrir heitt vatn. | Aðalborholur hitaveitu Öxarfjarðar. Heimilar eru frekari borholur, viðhald og endurbætur mannvirkja eftir þörfum. | 0,3 |
| I203 | Ærlækjarsel | Mannvirki hitaveitu. | Byggingar og mannvirki fyrir hitaveitu Öxarfjarðar, þar á meðal dælustöð. Heimilar eru endurbætur, viðhald og nýbyggingar eftir þörfum. | 0,3 |
| I204 | Snartastaðir | Tengivirki raforku. | Svæði fyrir tengivirki og starfsemi því tengdu. Svigrúm er til uppbyggingar og endurbóta. | 2 |
| I205 | Laxamýri | Fisk- og seiðaeldi. | Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi á svæðinu og mannvirkjum og starfsemi sem því tilheyrir. Leyfi fyrir 50 tonna lífmassa sem er í samræmi við starfsleyfi. Ef farið yrði í aukningu á eldi þá má áætla að lífmassi yrði aukinn í 100 tonn. | 2,9 |
| I206 | Smjörárvirkjun | Vatnsaflsvirkjun í Smjörhólsá. | Heimilt er að vera með allt að 400 kW virkjun í Smjörhólsá. Skammt ofan fossa þar sem áin fellur í Gilsbakkaá verði reist lág inntaksstífla. Stíflan verði steypt, með inntaksþró, yfirfalli og botnrás. Gert er ráð fyrir um 450 m langri niðurgrafinni þrýstipípu frá stíflu að bökkum Brunnár, gegnt Leifsstöðum. Fallhæð er um 14 m. Stöðvarhús verður staðsett á bakka Brunnár í landi Ærlækjar. Áfram er heimilt að stunda skógrækt á svæðinu. Eftir því sem hægt er skal forðast rask á gróðri og græða land upp að loknum framkvæmdum ásamt því að aðlaga mannvirki að landi. Á svæðinu eru hraun og fossar sem njóta verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd. Í deiliskipulagi skal fjalla um valkosti og áhrif þeirra á svæði sem njóta verndar og rökstyðja sérstaklega ef ekki er unnt að | 4 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | | komast hjá röskun. Í deiliskipulagi skal skoða áhrif virkjunar á lífríki í vatni og hvort mögulegt sé að draga úr áhrifum á fossa. | |
| I207 | Lindarbrekka | Tengivirki | Svigrúm til bygginga og breytinga sem þjónar aðveitustöðinni. | 0,1 |
| I208 | Silfurstjarnan | Tengivirki | Svigrúm til bygginga og breytinga sem þjónar aðveitustöðinni. | 0,1 |
| I401 | Bakki | Kísilmálmverksmiðja er á svæðinu auk tengdrar starfsemi græns iðngarðs. | Áhersla á uppbyggingu græns iðngarðs og auðlindanotkun sem byggir á hringrásarhagkerfinu og felur í sér samstarfsnet fyrirtækja sem skiptast á orku og hráefnum. Svæði fyrir stóriðju og annan tengdan iðnað eða starfsemi. Þar er einnig heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við stóriðju, þjóðveg og höfn.<br>Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.<br>Þjóðvegur liggur í gegn um svæðið og tengivirki Landsnets er austan vegarins með tengingu við meginflutningskerfið. Til framtíðar er gert ráð fyrir nýju tengivirki innan svæðisins.<br>Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða, sbr. einnig gönguleið sem sýnd er á þéttbýlisuppdrætti, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.<br>Gert er ráð fyrir hreinsivirki fráveitu fyrir svæðið á Bakka. Gönguleið er innan svæðisins að Gatanöf og ströndinni. Innan svæðisins er heimilt að útbúa áningarstað og bílastæði fyrir gönguleiðina. | 226,3 |
| I402 | Lækjargil | Fiskeldisstöð sem nýtir volgt vatn úr lindum ofar í gilinu til framleiðslu á laxaseiðum. | Gert er ráð fyrir áframhaldandi fiskeldi. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.<br>Hámarksheimild lífmassa er 20 tonn. | 0,1 |
| I403 | Skógagerðismelur | Tengivirki Orkuveitu Húsavíkur og Landsnets. | Svæði fyrir tengivirki og er svigrúm fyrir stækkun þess. | 0,4 |
| I404 | Hrísmóar | Á svæðinu er sorpmóttöku-stöð, starfsemi Orkuveitu og fleiri starfsemi. Svæðið er við aðkomu að Húsavík úr suðurátt. | Aðal móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang og önnur starfsemi sem á við á iðnaðarsvæði.<br>Áhersla er lögð á aðlaðandi ásýnd með góðum frágangi lóða og jaðra svæðisins, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni.<br>Gert er ráð fyrir breytingu á legu þjóðvegar 85 vestan við iðnaðarsvæðið þannig að vegur færist um 0–100 m til vesturs. | 15,4 |
| I405 | Haukamýri | Sunnan til á svæðinu er fiskeldi en norðan til er steypistöð. Gert er ráð fyrir að aðkoma að fiskeldinu breytist og verði frá steypistöðinni í framtíðinni. | Svæði fyrir iðnað og athafnastarfsemi, m.a. fiskeldi og steypustöð. Vanda skal umgengni og frágang á svæðinu.<br>Fyrir fiskeldið í Haukamýri er starfsleyfi eru í gildi frá 2024 og samkvæmt því má hámarkslífmassi á hverjum tíma ekki fara yfir 850 tonn. Miðað við starfsleyfið hefur ársframleiðsla verið um 2.500 tonn sem fullnýtir ekki heimild um hámarkslífmassa. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fiskeldis frá lóð eldisins til suðurs, til að fullnýta gildandi leyfi og til að auka ársframleiðslu upp í 3.000 tonn. | 7,9 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| I501 | Röndin | Fisk- og seiðaeldi. | Svæðið er ætlað fyrir fiskeldi á landi. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi, kerjum og tilheyrandi búnaði, svo sem fyrir fóðrun. Einnig er gert ráð fyrir að aflað sé sjávar með borunum innan svæðisins. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu til að koma í veg fyrir sjónmengun. Hámarkslífmassi er 2.700 tonn. Uppbygging raski sem minnst náttúru- og menningarminjum og skal haft samráð við Minjastofnun og Náttúruverndarstofnun um fyrirkomulag og útfærslu mannvirkja á deiliskipulagsstigi. | 7,3 |

## 7.7 Íbúðarbyggð ÍB

### Almennir skilmálar

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Leiksvæði innan íbúðarhverfa eru ekki afmörkuð í þessu aðalskipulagi, heldur er gert ráð fyrir að á þeim sé tekið í deiliskipulagi.

Íbúðarbyggð taki mið af markmiðum um íbúðaþörf í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins og tryggja skal fjölbreyttar húsagerðir. Í deiliskipulagi nýrra íbúðahverfa skal bjóða upp á lóðir fyrir parhús, raðhús, fjölbýli og minni íbúðir fyrir fjölbreytta samfélagsgerð, mismunandi fjölskyldumynstur og aldursskeið.

Byggt verði í eyður innan núverandi hverfa og íbúðum í miðbæ verði fjölgað. Byggingum verður fundið nýtt hlutverk og atvinnustarfsemi og íbúðir samfléttuð þar sem það á við. Uppbygging íbúðarhúsnæðis miðar við að nýta grunnkerfi vel og vera hagkvæm. Þéttingarmöguleikar verði kannaðir í deiliskipulagi sem geta t.d. falið í sér fjölgun íbúða innan núverandi byggðar.

Leitast skal við að vernda gömul hús og gamlar götumyndir og styðja skal við viðhald auðra bygginga og aðlögunar þeirra og annarra til nýrra nota. Ný hús í eldri hverfum taki mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er, s.s. hvað varðar hæð húsa, formgerð og staðsetningu í götu.

Í og við íbúðabyggð skal skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilsusamlegum lifnaðarháttum og vellíðan allra með vönduðu skipulagi og uppbyggingu. Tenging íbúðarsvæða og útivistarsvæða skal vera góð með gönguleiðum og útivistarstígum.

Heimilt er að fjölga íbúðum í grónum hverfum í þéttbýli. Til dæmis með því að vera með aukaíbúð í húsi (tilheyra sama matshluta) eða séríbúðum. Aukaíbúðir mega vera allt að þriðjungur af heildarstærð húss. Bílgeymsla sem er breytt í íbúð skal alltaf vera aukaíbúð. Leita skal samþykkis húsfélags og/eða meðeigenda. Aukaíbúðir og séríbúðir skulu uppfylla staðla byggingarreglugerðar um íbúðir og íbúðarhús. Gera skal grein fyrir íbúðum í deiliskipulagi.

Í deiliskipulagi skal, eftir því sem við á, hafa í huga að byggð myndi eftirsóknarverð einka- og almenningsrými sem eru bæði sólrík og skjólgóð.

Leitast skal við að draga úr neikvæðum vindáhrifum umhverfis byggingar.

Byggingar utan miðbæjar Húsavíkur skulu almennt vera 1-3 hæðir. Innan miðbæjar og í Reit er heimilt að reisa allt að 5 hæða byggingar.

Fyrir íbúðarbyggð í þéttbýli er lögð áhersla á að takmarka umferðarhraða við 30 km/klst. Efla skal innviði fyrir virka ferðamáta, almenningssamgöngur og innviði sem styðja við orkuskipti, þar á meðal gott stígakerfi með tengingum milli hverfa, við þjónustu og græn svæði innan og utan byggðarinnar, og aðgengi að hleðslustöðvum.

Horfa skal til þess að ný íbúðabyggð í dreifbýli verði í nágrenni við fyrirliggjandi vegi og veitukerfi.

Virðing fyrir landslagi krefst þess að skipulag taki tillit til útsýnis og sjónása til sjávar, fjalls og kennileita; að mót lands og sjávar verði sem náttúrulegust og byggingar séu staðsettar þannig að landslag haldist sem upprunalegast. Ný byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og taki mið af sérkennum landslags.

Við útfærslu byggðar þarf að taka tillit til náttúruvár, þar með talið gæta að hönnun og útfærslu mannvirkja með hliðsjón af hækkun sjávarmáls, flóðahættu, og jarðskjálftahættu eða takmörkunum á svæðum til uppbyggingar vegna flóða, skriðufalla, sprungna og misgengja.

Í deiliskipulagi verði hugað að aðstöðu til úrgangsmeðhöndlunar og flokkunar.

Einungis er heimil heimagisting í flokki I í íbúðarbyggð. Ekki verði veittar jákvæðar umsagnir fyrir nýjum rekstrarleyfum til sölu gistingar í flokki II, III og IV skv. reglugerð nr. 1277/2016 í íbúðarbyggð í þéttbýli.

Við umsögn vegna endurnýjunar rekstrarleyfis til sölu gistingar innan íbúðarbyggðar skal horfa til þess hvort nægilegur fjöldi bílastæða sé innan lóðar eða á nálægum almennum bílastæðum.[1]

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB1 | Ásbyrgi | Íbúðarsvæði á bæjartorfunni í Ási. Þar eru tvö íbúðarhús og útihús. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Alls 4-5 íbúðir, lágreist einbýlishús, parhús eða íbúðareining fyrir starfsfólk á svæðinu. | 5,5 | 5 |
| ÍB2 | Þverá | Þrjú svæði fyrir íbúðarbyggð, vestan vegar. | Tveir reitir fyrir íbúðarbyggðí í landi Þverár, vestan við veg. 9-11 íbúðir, lágreist einbýlis eða parhús, auk þess sem eitt veiðihús er innan svæðisins. | 5,1 | 11 |
| ÍB3 | Þverá | Íbúðarsvæði austan vegar. | Reitur fyrir íbúðarbyggð í landi Þverár, austan við veg. 5-8 íbúðir, lágreist einbýlis- eða parhús. | 8,3 | 8 |
| ÍB4 | Hveravellir | Íbúðarbyggð í dreifbýli. | Heimilt er að vera með allt að 20 lóðir. Lágreist einbýlis- eða parhús. | 5,8 | 20 |

[1] Vinnureglur um umsagnir vegna rekstrarleyfa.

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB5 | Hrísateigur | Hrísateigur í Reykjahverfi. Íbúðarhverfi með 6 einbýlishúsum og rými fyrir frekari uppbyggingu. Aðkoma er frá þjóðvegi 87. | Svæði fyrir sérbýlishús, par- og raðhús með þeim sem þegar eru byggð. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði sem falla að yfirbragði núverandi byggðar. | 4,9 | 24 |
| ÍB401 | Brekkurnar | Fastmótað íbúðarhverfi í suðurhlíð Húsavíkurhöfða, aðallega með einbýlishúsum á tveimur hæðum. Íbúðarhús á bakkanum norðan Húsavíkurhafnar (Beinabakki) eru með þeim elstu á Húsavík. Þau mynda samfellda götumynd við Höfðaveg 3-19 og setja sérstakan svip á bæinn séð frá hafnarsvæðinu. Aðallega er um að ræða lítil stök einbýlishús (nr. 9-19) byggð 1925–1929. | Svæðið er þegar byggt að stærstum hluta. Á þeim hluta svæðisins sem þegar er byggður er heimilt að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er að fjölga íbúðum í núverandi húsum uppfylli þær kröfur sem settar skulu fram í deiliskipulagi. Heimilt er að byggja einbýlishús, parhús, raðhús og minni fjölbýlishús innan reitsins sem falla vel að landi og einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er að stækka hverfið upp Höfðann.<br>Við Hafnarveg og hluta Höfðavegar þarf að huga að gildandi skilmálum um hverfisvernd. | 20,1 | 240 |
| ÍB402 | Auðbrekka | Fastmótuð eldri byggð en flest húsin hafa verið flutt á svæðið annarsstaðar úr bænum. Húsin eru því fjölbreytt að gerð og útliti sem gefur svæðinu skemmtilegan blæ. Svæðið er að hluta til á jarðsprungusvæði. | Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er og eru í samræmi við deiliskipulag. Heimilt er að flytja gömul hús inná svæðið en að öðru leyti er svæðið fullbyggt. Taka skal tillit til þess að svæðið er að hluta til á sprungusvæði og að ekki er heimilt að byggja yfir þekktar sprungur. | 1,9 | 15 |
| ÍB403 | Skálabrekka | Fastmótuð röð fjölbreyttra, eldri íbúðarhúsa. | Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er og eru í samræmi við deiliskipulag. Taka skal tillit til þess að svæðið er að hluta til á sprungusvæði og að ekki er heimilt að byggja yfir þekktar sprungur. | 2,4 | 40 |
| ÍB404 | Ásgarðsvegur og Skólagarður | Fastmótuð byggð meðfram Búðará og upp af henni. Götumynd Ásgarðsvegar er sérstaklega aðlaðandi og heildstæð og eru elstu húsin frá þar síðustu aldamótum. | Breytingar á núverandi húsnæði eru heimilar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Nýjar byggingar skulu falla vel að yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er.<br>Við deiliskipulagsgerð verið skoðað hvort hægt er að koma fyrir nýjum húsum suð-austast við Ásgarðsveg sem eru í samræmi við útlit og stærð núverandi húsa við götuna. Tryggt verði 30 m opið svæði meðfram Búðará þannig að skrúðgarður verði beggja vegna árinnar.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 2,7 | 38 |
| ÍB405 | Grundargarður og Reitur | Fjölbýlishúsabyggð við Grundargarð ásamt óbyggðu svæði á svokölluðum Reit. Jarðvegur á svæðinu er | Við Grundargarð er heimilt að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Í reit er heimilt að reisa allt að 5 hæða byggingar. | 12,7 | 355 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| | | óhentugur til byggingar og því þurfa að fara fram jarðvegsskipti áður en byggingar geta risið. Uppfyllingarefni gæti komið frá Skógagerðismel. | Byggðarmynstur skal vera hefðbundið, þ.e. götur skulu vera samtengdar og framhliðar bygginga og aðalinngangar þeirra snúa að götu. Stórigarður verður framlengdur og verður aðkoma að hverfinu frá honum og Ásgarðsvegi/vegi að Botnsvatni. Taka skal tillit til viðkvæmrar náttúru í og við Búðará við skipulag og framkvæmdir. Einnig skal leitast við taka tillit til gamalla húsa og annarra búsetuminja á svæðinu eftir því sem tilefni er til. Austast á svæðinu eru nokkrar gamlar byggingar sem taka þarf afstöðu til við gerð deiliskipulags. Svæðið liggur nálægt bökkum Búðarár og er sérstaklega mikilvægt að raska ekki vatnsbúskap svæðisins, bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur. | | |
| ÍB406 | Mararbraut, Túngata og Garðarsbraut | Fastmótað hverfi sunnan við Árgil, á milli Mararbrautar og Garðarsbrautar. Elstu húsin eru frá 19. öld og standa þau við gamla farveg Búðarár. | Breytingar á núverandi húsnæði, bygging á auðri lóð og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. | 2,6 | 80 |
| ÍB407 | Vellir / Torgið | Fastmótuð eldri byggð sunnan við Búðará. Nyrsti hluti byggðarinnar snýr að skrúðgarði við Búðará. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. | 3,8 | 66 |
| ÍB408 | Hóllinn | Fastmótað hverfi þar sem tveggja hæða einbýlishús eru ráðandi en raðhús eru í suðvesturhluta svæðisins. Flest húsin eru byggð um og eftir miðja síðustu öld. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. | 8,5 | 109 |
| ÍB409 | Stórhóll/Blokkir við Garðarsbraut | Neðst á svæðinu eru fjölbýlishús en ofan til einbýli- og parhús. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. | 9,5 | 173 |
| ÍB411 | Gerði | Fastmótað hverfi, sunnan og norðan við Þverholt, þar sem einbýlishús eru ráðandi. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar í stað eldri bygginga eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. | 10,9 | 98 |
| ÍB412 | Skógargerðismelur | Óbyggt svæði sem ekki hefur verið deiliskipulagt en svæðið er ákjósanlegt til byggingar þó að flytja þurfi mikið af jarðvegi út af svæðinu áður en það verður byggingarhæft. Það efni getur nýst í uppfyllingar á Reitnum. | Íbúðir í fjölbýlis-, einbýlis-, par- og raðhúsum sem falla vel að landslagi.<br>Rask á plöntum sem plantað hefur verið á svæðinu og við það verði lágmarkað við deiliskipulag og framkvæmdir. Við skipulag og framkvæmdir á svæði sem snýr að útivistarsvæði við Búðará skal taka sérstakt tillit til viðkvæmrar náttúru. Við skipulag hverfisins skal hafa útsýni til fjalla og sjávar sérstaklega í huga og taka tillit til menningar- og búsetuminja. | 9,1 | 180 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB413 | Holtahverfi | Íbúðarhverfi syðst í bænum og byggðist efri hluti þess upp eftir síðustu aldamót. Í hverfinu eru einbýlis-, par- og raðhús. | Nýlegt íbúðahverfi með íbúðum í sérbýli og fjölbýli. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Svæðið er þegar byggt að stærstum hluta. | 16,3 | 121 |
| ÍB414 | Kaldbakur | Íbúðarbyggð að Kaldbak. | Heimilt er að vera með lágreist íbúðarhús sem falla vel að landslagi og náttúru umhverfis. Taka skal tillit til hverfisverndar. | 1,6 | 6 |
| ÍB415 | Aksturslág | Óbyggt svæði | Íbúðir í fjölbýlis-, einbýlis-, par- og raðhúsum sem falla vel að landslagi. Ekki er stefnt að uppbyggingu á íbúðarbyggð við Aksturslág fyrr en Reitur, Húsavíkurhöfði og Hjarðarholt/Stórhóll eru langt komin í uppbyggingu.<br>Við skipulag hverfisins skal taka tillit til menningar- og búsetuminja, landslags og náttúruminja. | 12 | 180 |
| ÍB501 | Tún | Óbyggt svæði norðan við núverandi byggð við Drafnargötu og Ekrugötu. Svæðið er staðsett á túnum og engjum og er jarðvegur ákjósanlegur til byggingar. | Óbyggt en syðsti hluti innan deiliskipulags. Heimild fyrir lágreistum einbýlis, par og raðhúsum. | 3,8 | 35 |
| ÍB502 | Duggugerði, Boðagerði, Ekrugata | Svæði á milli Bakkagötu og Klifgötu. Byggðin nokkuð fastmótuð og gróin. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að gerð og þéttleika þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu. Við hönnun bygginga og framkvæmdir á lóðum skal hafa sérstaka gát vegna mögulegra jarðsprungna. | 5,3 | 54 |
| ÍB503 | Klif | Svæði austan við Klifagötu, að hluta byggt. Svæðið liggur vel við íþróttasvæði en er þekkt fyrir snjóþunga. Því er mikilvægt að skjólbelti og skógrækt austan við svæðið nýtist við að fanga snjó sem ella myndi skafa inn á svæðið. | Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að gerð og þéttleika þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu.<br>Gönguleið á milli Duggugerðis og íþróttasvæðis skal þvera svæðið, en útfærslu skal vinna í tengslum við frekara skipulag svæðisins. | 1,6 | 14 |
| ÍB504 | Sandhólareitur | Svæði vestan við núverandi tjald-svæði, við innkomu í þorpið. Á svæð-inu eru nú 2 einbýlishús og óbyggt grassvæði. Uppbygging á svæðinu myndi styrkja aðkomu inn í þorpið. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem samræmast yfirbragði byggðar. | 0,4 | 4 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB505 | Útskálareitur | Svæði vestast í þorpinu, við sjávarsíðuna. Á svæðinu eru tvö hús og eru nokkrar íbúðir í öðru þeirra (gamla Pósts og síma húsið). Svæðið er á einstökum stað, með útsýni yfir hafið. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og fjölgun íbúða innan þeirra. Vegna útsýnis er gróðursetning háplantna á svæðinu ekki heimil nema í samráði við skipulags- og byggingaryfirvöld í sveitarfélaginu. | 0,6 | 8 |
| ÍB601 | Nýjabæjarhverfi | Einbýlishúsabyggð beggja vegna Ásgötu. Nokkrar lóðir eru enn óbyggðar en að öðru leyti er byggðin nokkuð fastmótuð og gróin. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði íbúðarsvæðisins. | 2,1 | 25 |
| ÍB602 | Framneshverfi | Svæði á milli Kottjarnar og Hafnarbrautar. Á reitnum er fremur sundurlaus byggð einbýlishúsa sem standa flest við Víkurbraut. Nokkur húsanna eru meðal elstu húsa á Raufarhöfn. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði og þéttleika svæðisins.<br>Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á þeim hluta sem snýr að Aðalbraut og meðfram sjó. Vegna hættu á sjógangi skal tryggja að lágmarki 50 m öryggissvæði milli strandlínu og íbúðabyggðar. Aðgengi að sjó verði óheft. Gönguleið í gegnum svæðið skal tryggð.<br>Mögulegt er að koma hreinsistöð fráveitu fyrir á svæðinu næst hafnarsvæðinu en staðsetning hennar hefur ekki verið ákveðin. Gerð verður breyting á aðalskipulagi þegar staðsetning hreinsistöðvar liggur fyrir þannig að hún verði staðsett á iðnaðarsvæði. | 4,2 | 43 |
| ÍB603 | Tjarnarhverfi | Reitur við Aðalbraut þar sem er fastmótuð byggð einbýlishúsa, auk eins fjölbýlishúss syðst á svæðinu. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar.<br>Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að Aðalbraut. | 2,4 | 40 |
| ÍB604 | Ásahverfi | Svæði við þrjár götur syðst í byggðinni (Ása). Á reitnum er nokkuð fastmótuð einbýlishúsabyggð. Nyrsti og syðsti hlutar svæðisins eru óbyggðir. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði og þéttleika svæðisins.<br>Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að Aðalbraut. | 4 | 29 |
| ÍB605 | Holtahverfi | Svæði syðst í byggðinni þar sem eru eingöngu einbýlishús. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að yfirbragði og þéttleika byggðar. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði og þéttleika svæðisins. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að Aðalbraut. | 4,5 | 34 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB606 | Vogsreitur | Óbyggt svæði sunnan við núverandi byggð í Holtahverfi. | Svæðið skal byggja upp þegar önnur íbúðarsvæði á Raufarhöfn eru fullbyggð. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði og þéttleika nálægra íbúðarsvæða. Gatnakerfi svæðisins skal tengja við núverandi gatnakerfi Holtahverfis. Sérstaklega skal vanda frágang og umgengni á svæðum sem snúa að útvistarsvæðum sem umlykja svæðið. | 5,6 | 40 |
| ÍB607 | Höfðabraut | Íbúðarsvæði nyrst í bænum. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar ef þær falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er að byggja einbýlis- par- og raðhús sem falla vel að yfirbragði og þéttleika svæðisins. | 1,7 | 4 |

## 7.8 Íþróttasvæði ÍÞ

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Fjölbreytt tækifæri séu til íþrótta- og tómstundaiðkunar, útivistar og almennrar hreyfingar. Íþróttaaðstaða hvetji til samveru og útivistar fyrir alla aldurshópa.

Íþróttasvæði séu vel tengd stígakerfi sveitarfélagsins með áherslu á öruggar og aðgengilegar tengingar fyrir börn og ungmenni.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR-MAGN (M2) |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍÞ1 | Skotvöllur | Æfingasvæði fyrir skotíþróttir með riffil- og leirdúfuvelli ásamt húsnæði skotfélags. | Svæði fyrir skotvöll. Gætt verði fyllsta öryggis við útfærslu og notkun svæðisins. | 14,8 | |
| ÍÞ2 | Reyðarárhnjúkur | Útivistarsvæði fyrir vetraríþróttir og útivist sem mun þróast áfram eftir eftirspurn og ásókn. | Skíðasvæði með lyftum, göngubrautum við Höskuldsvatn ásamt skautasvæði norðvestan til á vatninu. Við framkvæmd og rekstur skíðalyftanna skal fyllsta öryggis gætt varðandi mögulega vatnsmengun og tryggt að vatn mengist ekki eftir því sem unnt er. Ekki má koma upp varanlegum byggingum á | 326,7 | |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR-MAGN (M2) |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | skíðasvæðinu fyrr en grunnvatnsaðstæður svæðisins hafa verið rannsakaðar nánar. Landgræðslu er beitt innan svæðisins til að efla vistkerfi. | | |
| ÍÞ3 | Saltvík | Íþróttasvæði tengt hestaíþróttum þar sem byggt er upp framtíðar svæði með góðum tengingum við reiðleiðir. | Svæði fyrir hesthús, reiðhöll, skeiðvöll og aðra aðstöðu hestamanna. | 8,5 | |
| ÍÞ4 | Ás | Svæði utarlega í Ásbyrgi, innan Vatnajökulsþjóðgarðs. | Gert er ráð fyrir uppbyggingu golfvallar ásamt tilheyrandi framkvæmdum og mannvirkjum. Gæta skal að skilmálum í stjórnunar- og verndaráætlun við uppbygginguna.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 51,6 | |
| ÍÞ205 | Eyjadalur, Kelduhverfi | Skeiðvöllur. Svæðið er á jörðinni Ásbyrgi en stór hluti jarðarinnar er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Eyjadalur er á jaðri þjóðgarðsins. Í samningi milli þjóðgarðsyfirvalda og landeiganda er stefnt að því að svæðið allt verði hluti af þjóðgarðinum. Einnig segir í samningi um Ásbyrgi milli sömu aðila að reglur þjóðgarðsins eigi að gilda um þetta svæði og að samningar um lóðir skuli háðir samþykki þjóðgarðsyfirvalda. | Gert er ráð fyrir að skeiðvöllur verði áfram á svæðinu. Framkvæmdir honum tengdar eru heimilar. | 1,3 | |
| ÍÞ401 | Sundlaug Húsavíkur | Sundlaug Húsavíkur og opið svæði umhverfis hana. | Gert er ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem tengist sundlaug og nýtingu svæðisins sem útivistarsvæðis. Tryggð verði góð tengsl við íþróttasvæðið handan götunnar og góðar og öruggar gönguleiðir að sundlauginni þannig að hún og svæðið umhverfis hana verði einn af lykil áfangastöðum í neti útivistarsvæða.<br>Lóð Sundlaugar Húsavíkur verði nýtt betur sem útivistarsvæði sundlaugargesta. | 1,1 | |
| ÍÞ402 | Vestan Skjólbrekku | Akstursíþróttasvæði. | Heimilt er að móta landið til notkunar fyrir akstursíþróttir og reisa allt að 100 m$^2$ byggingu. | 3,8 | 100 |
| ÍÞ403 | Lækjargil og Traðargerði | Hesthús og lítil fjárhús fyrir frístundabændur. | Tómstundabúskapur er heimill innan Lækjargils og Traðargerðis. Gert er ráð fyrir að áhersla á uppbyggingu fyrir hestamennsku sé í Saltvík á skipulagstímabilinu. | 16,5 | |
| ÍÞ404 | Íþróttasvæði | Íþróttasvæði með upphituðum gervigrasvelli. | Meginíþróttasvæði Norðurþings með aðstöðu fyrir alhliða íþróttaiðkun. Gert er ráð fyrir mannvirkjum og landslagsmótun sem hentar svæðinu sem íþróttasvæði, m.a. er gert ráð fyrir | 8,4 | |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR-MAGN (M2) |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | nýju vallarhúsi með áhorfendastúku og baðaðstöðu og að svæðið geti stækkað til norðurs inn á núverandi tjaldsvæði. Tryggðar verði góðar og öruggar gönguleiðir að svæðinu. | | |
| ÍÞ410 | Golfvöllur | 9 holu golfvöllur. | Gert ráð fyrir að golfvöllurinn gæti stækkað til vesturs og suðurs í allt að 65 ha (18 holu). Á stækkunarsvæði golfvallarins er fornminjasvæði Þorvaldsstaða, trjáræktarsvæði og aðalreiðstígur suður úr bæ. Framtíðarskipulag af svæðinu þarf að taka tillit til þessara landnota. Heimilt er að byggja mannvirki sem þjóna rekstri golfvallarins. | 63,1 | |
| ÍÞ501 | Klifatjörn | Svæði í kringum Klifatjörn sem er tekið frá fyrir golfvöll. Svæðið nær að 50 metra línu frá tjörninni, eða að hverfisvernduðu svæði. Svæðið er nægilega stórt til að rúma 9 holu golfvöll, auk svæða á milli brauta og í kringum völlinn. | Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem golfvallar kallar á. | 28 | |
| ÍÞ502 | Dúddavöllur | Svæði í kringum íþróttavöll (Dúddavöll). Völlurinn er knattspyrnuvöllur í fullri stærð með hlaupabrautum í kring. | Haldið verði áfram að byggja upp íþróttavöll og tengda aðstöðu. Lögð er áhersla á að hefta vind með landslagsmótun og skógrækt. Vanda skal allan frágang og umgengni og stuðla að því að svæðið gefi aðkomu í þorpið fallega ásýnd. Tryggja skal góðar gönguleiðir að svæðinu. | 2 | |
| ÍÞ602 | Skeiðvöllur | Svæði norðan byggðarinnar. Svæðið hefur að hluta verið jarðvegsskipt. | Gert er ráð fyrir skeiðvelli á svæðinu, ásamt útbúnaði sem slíkur völlur kallar á. Ekki er gert ráð fyrir annarri aðstöðu fyrir hesta og hestaíþróttir á svæðinu. | 1,2 | |
| ÍÞ603 | Golfvöllur | Svæði þar sem gert er ráð fyrir litlum golfvelli í framtíðinni. Framkvæmdir við hann eru ekki hafnar. Svæðið snýr vel gagnvart sólu og útsýni yfir Höfðann og Bæjarvík er fallegt. Lítil tjörn er nyrst á svæðinu. Tvær litlar skemmur/geymslur eru inni á svæðinu. | Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og tilheyrandi aðstöðu, s.s. klúbbhúsi og áhaldageymslu. Ekki skal skerða tjörn og fjöru í tengslum við framkvæmdir. | 10,2 | |
| ÍÞ604 | Hestaíþróttasvæði og hesthúsabyggð | Svæði austan við þjóðveg skammt norðan við þorpið. Í dag er ein reiðskemma á svæðinu, auk reiðgerðis, en möguleikar eru á að byggja upp frekari aðstöðu innan svæðisins. Svæðið hentar ágætlega fyrir hesthúsabyggð en staðsetningin gerir kröfur um góða umgengni. | Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir hestaíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og frágangi sem nýting svæðisins kallar á, s.s. hesthús, reiðskemmu og önnur gripahús til tómstunda. Að sama skapi er annað frístundadýrahald leyfilegt og gilda sömu skilmálar um það. Vanda skal umhverfisfrágang og gæta skal sérstaklega að ásýnd frá þjóðvegi. | 3,4 | |

## 7.9 Kirkugarðar og grafreitir K

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Mannvirkjum verði haldið vel við og hugað að nærumhverfi þeirra.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| K401 | Baldursbrekka | Kirkjugarður | Kirkjugarður og mannvirki honum tilheyrandi. Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti verið einn af áfangastöðum í vef útivistarsvæða. | 1,7 |
| K402 | Gamli kirkjugarðurinn | Gamall kirkjugarður sem ekki er lengur greftrað í. Garðurinn er rétt austan við íþróttarsvæðið við Auðbrekku. | Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti verið einn af áfangastöðum í vef útivistarsvæða. | 0,3 |
| K403 | Höfði | Kirkjugarður | Kirkjugarður og mannvirki honum tilheyrandi. Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti verið einn af áfangastöðum í vef útivistarsvæða. | 1,7 |
| K601 | Raufarhöfn | Kirkjugarður. | Svæðið er fyrir kirkjugarð. Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk reitsins.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 0,7 |

## 7.10 Landbúnaðarsvæði L

### Almennir skilmálar

Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni með áherslu á búfénað, matvæla, fóðurframleiðslu og dúnvinnslu. Þar sem er föst búseta er heimilt að reka takmarkaða atvinnustarfsemi, án beinna tengsla við landbúnað.

Allar ákvarðanir um ráðstöfun lands til uppbyggingar taki mið af stefnu um landbúnaðarland, vernduð svæði, líffræðilegan fjölbreytileika og menningarminjar. Leitast skal við að raska ekki óröskuðu votlendi og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt skal metin m.t.t. stefnu um nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu.

Reisa má allt að 3 íbúðarhús á hverju lögbýli án tengsla við búskap og allt að 3 frístundahús á hverri jörð.

M.a. er heimilt er að starfrækja gistihús fyrir allt að 20 gesti. Einnig allt að 5 lítil (<20 $m^2$) gestahús til ferðaþjónustu á lögbýli, en fleiri bústaðir kalla á skilgreiningu verslunar- og þjónustusvæðis. Stök veiðihús eru einnig heimil, svo og minni veitingahús sem aukabúgrein.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reka minni tjaldsvæði, þar sem í boði er salernisaðstaða og kalt/heitt vatn, en ekki þjónusta sem vænta má að sé í boði á stærri tjaldsvæðum, s.s. þjónustuhús með eldhúsi eða rafmagn fyrir tjaldvagna og húsbíla.

Heimilt er að gera ráð fyrir mannvirkjum og framkvæmdum sem tengjast landbúnaðarnotum, þar með talin skógrækt upp að 50 ha. Við útfærslu og staðsetningu mannvirkja og framkvæmda skal líta til stefnu um nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu, stefnu um varðveislu menningarminja, sérstæðra jarðmyndana, mikilvægra vistkerfa og gróðurlenda sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd og vernduð svæði.

Skógrækt, önnur en ræktun skjólbelta, er ekki heimiluð á svæðum sem falla undir flokk I í flokkun landbúnaðarlands. Leitast skal við að beina skógrækt, annarri en ræktun skjólbelta, annað en á svæði sem falla undir flokk II í flokkun landbúnaðarlands og votlendissvæði. Við val á nýjum skógræktarsvæðum skal horfa til áhrifa skógræktar á mikilvæg búsvæði fugla.

Fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum í flokki III og IV gilda eftirfarandi almennir skilmálar:

- Skógrækt allt að 10 ha er ekki háð samþykki sveitarfélags, enda falli hún að stefnu aðalskipulagsins um takmarkanir vegna verndarsjónarmiða sbr. almenna skilmála.
- Skógrækt 10-50 ha er háð framkvæmdaheimild sveitarfélagsins. Framkvæmdaheimild er hugsað sem einfölduð útgáfa af framkvæmdaleyfi sem fyrst og fremst feli í sér yfirferð af hálfu sveitarfélags til að staðfesta að ekki sé brotið á takmörkunum vegna verndarsjónarmiða. Samþykki sveitarfélags felur í sér rökstutt svar til landeiganda/framkvæmdaaðila.
- Við leyfisveitingar fyrir skógrækt þarf að huga að því hvort mörg svæði sem liggja saman fari yfir þau mörk sem aðalskipulagið setur, sjá einnig almenna skilmála um skógræktarsvæði yfir 50 ha.

Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þess skal gætt að skógrækt loki ekki alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum. Skógræktaráætlun fylgi umsókn um framkvæmdaleyfi.

Heimilt er að reisa gróðurhús á landbúnaðarsvæðum og byggingar tengdar slíkri starfsemi.

Minniháttar fiskeldisstöðvar eru heimilar ef þær eru með ársframleiðslu innan við 20 tonn og fráveitu í ferskvatn, eða með ársframleiðslu allt að 200 tonn og fráveitu til sjávar. Enda uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi.

Minniháttar efnistaka landeigenda/ábúenda á bújörðum til eigin nota er heimil, enda raski hún ekki jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta verndar.

Þauleldi skal vera á landbúnaðarsvæðum. Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishús alifugla og svína skal staðsett í a.m.k. 250 m fjarlægð frá annarri byggð. Staðsetningu eldishúsa skal skoða í hverju tilfelli fyrir sig og meta m.a. út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum. Loðdýrarækt er ekki heimil.

Heimarafstöðvar og vatnaflsvirkjanir sem eru minni að afli en 200 kW eru heimilar á landbúnaðarsvæðum, á grundvelli deiliskipulags og framkvæmdaleyfis, en stærri rafstöðvar kalla á afmörkun iðnaðarsvæðis í aðalskipulagi. Heimilt er að vera með sólarsellur á þökum eða veggjum húsa til að framleiða raforku.

Mannvirki í smáum stíl fyrir fjarskipti og orkuflutning, s.s. spennistöðvar og fjarskiptastöðvar, eru heimil. Í hverju tilfelli verður skoðað hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð, m.a. vegna sýnileika, fjarlægðar frá mannvirkjum og áhrifum á náttúru og landslag.

Heimilt er að reisa stakar vindmyllur, á landbúnaðarsvæði, allt að 5 MW og allt að 25 m háar, m.v. hæstu stöðu spaða. Fjarlægð vindmylla frá íbúðar- og frístundahúsum þarf að vera nægjanleg til að tryggja að hljóðvist og skuggaflökt sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Vindmyllur skulu almennt ekki vera nær byggingum á nágrannajörðum en sem nemur fjórfaldri hæð vindmyllu. Vindmyllur skulu ekki vera nær tengivirkjum og vegum en sem nemur heildarhæð vindmyllunnar og ekki nær helgunarsvæðum háspennulína en sem nemur þrefaldri heildarhæð vindmyllunnar. Vindmyllur eru ekki leyfðar innan friðlýstra svæða, hverfisverndaðra svæða eða í nærumhverfi friðaðra æðarvarpa. Við staðsetningu stakra vindmylla skal forðast að raska vistkerfum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Sveitarstjórn getur heimilað byggingu stakra vindmylla án breytingar á aðalskipulagi að undangenginni grenndarkynningu eða á grunni deiliskipulags. Í ferli skipulags og leyfisveitinga skal fjalla um heildaráhrif á ásýnd og náttúru ef fleiri framkvæmdir eða áætlanir eru til staðar um stakar vindmyllur á sama svæði.

Við útfærslu byggðar skal taka tillit til náttúruvár, þar með talið gæta að hönnun og útfærslu mannvirkja með hliðsjón af hækkun sjávarmáls, flóðahættu, og viðeigandi varnarmannvirkjum eða takmörkunum á svæðum til uppbyggingar vegna flóða, skriðufalla, sprungna og misgengis.

Heimilt er að gera öryggis- og varnarmannvirki, s.s. varnargarða og fyrirhleðslur til varnar landbroti, þar sem þess gerist þörf.

## Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| L1 | Gjöfult landbúnaðarland | | Land sem er skilgreint sem mjög gott eða gott ræktunarland, mest í flokki I-II sbr. flokkun landbúnaðarlands.<br>• Land verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu.<br>• Hluti svæða getur hentað vel til endurheimtar votlendis.<br>• Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Ný mannvirki, samfelld skógrækt o.fl. sem hamla nýtingu lands til matvælaframleiðslu eru að jafnaði ekki heimil.<br>• Á bæjartorfum getur sveitarstjórn heimilað byggingu fleiri íbúðarhúsa en þriggja án breytingar á aðalskipulagi að undangenginni grenndarkynningu eða á grunni deiliskipulags.<br>• Uppbyggingu er beint á bæjartorfur bújarða.<br>• Mögulegt er að heimila afturkræfar framkvæmdir ef metið er að auðvelt sé að endurheimta land til matvælaframleiðslu.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 5946,7 | |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA |
|---|---|---|---|---|---|
| L2 | Sæmilegt landbúnaðarland | | Land sem er  að stærstum hluta gott eða sæmilegt ræktunarland í flokki II og III sbr. flokkun landbúnaðarlands.<br>• Landbúnaðarland, en hluti svæða getur hentað vel til endurheimtar votlendis, frístunda- og útiveru.<br>• Innan 1.000 metra frá núverandi íbúðarhúsum, bæjartorfum, virkri atvinnustarfsemi eða þjóðvegum getur sveitarstjórn heimilað byggingu fleiri íbúðarhúsa en þriggja án breytingar á aðalskipulagi að undangenginni grenndarkynningu eða á grunni deiliskipulags.<br>• Við strönd eru víða mikilvæg svæði til dúntekju og vinnslu t.d. á Melrakkasléttu.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 41666,3 | |
| L3 | Rýrt landbúnaðarland | | Land sem er að stærstum hluta rýrt ræktunarland i flokki III eða IV sbr. flokkun landbúnaðarlands.<br>Ekki er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa eða frístundahúsa á svæðinu.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 99630,2 | |
| L4 | Þverá | Í landi Þverár er fyrirhugað að deiliskipuleggja svæði fyrir smábýli þar sem unnt yrði að halda skepnur og stunda ýmiskonar ræktun.  Svæðið er í dag að mestu eldri tún og annað brotið land, en að hluta óraskaður lyngmói. | Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði með sérskilmálum.<br>Reiknað er með um 35-40 lóðum, 1-7 ha að flatarmáli þar sem reisa má á hverri lóð eitt veglegt íbúðarhús, bílskúr og hús fyrir húsdýrahald og gróðurræktun. Heimilt að afmarka sérstakt svæði fyrir uppbyggingu fyrir sameiginlegt dýrahald.<br>Ekki er gert ráð fyrir hefðbundnum landbúnaði með framleiðslurétti í byggðinni, en heimiluð er ýmiskonar minniháttar atvinnustarfsemi tengd landbúnaði, s.s. dýrahaldi og ræktun auk ferðaþjónustu.  Skógrækt er heimil á svæðinu.<br>Gert er ráð fyrir að neysluvatn fyrir byggðina verði tekið úr vatnsbóli Þverár.  Heitt vatn hefur þegar verið lagt í frístundabyggð á mörkum svæðisins svo og rafmagn og mun það verða tengt nýju byggðinni. Um fráveitu gilda sömu reglur og annarsstaðar í dreifbýli Norðurþings. Þjónusta við byggðina verður frá þéttbýlinu á Húsavík.<br>Nánari skilmálar fyrir smábýlin, s.s. byggingarmagn og landnotkun, verða skilgreindir í deiliskipulagi. | 130,5 | 40 |
| L5 | Hólsfjöll | Jarðir innan gamla Fjallahrepps. | Bæjartorfur, íbúðarhús, kirkja, útihús, heimatún. Framræst svæði sem geta hentað vel til endurheimtar votlendis. | 272,4 | |

## 7.11 Miðsvæði M

### Almennir skilmálar

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Miðsvæði skulu vera í góðum tengslum við aðra atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð.

Skipulag miðsvæða stuðli að gönguvænu umhverfi og styðji við vistvænar samgöngur.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| M401 | Húsavík, miðsvæði | Miðbær Húsavíkur þar sem megin verslunar- og þjónustustarfsemi fer fram. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, ef þær falla að hlutverki svæðisins sem meginkjarna Norðurþings með blandaðri byggð verslunar, þjónustu, íbúða, starfsemi tengd ferða-þjónustu, söfn, veitingastaðir, snyrtilegur matvælaiðnaður, samfélags-þjónusta og fleira. Nýrri verslun og þjónustu verði beint á þetta svæði. Innan miðbæjar ofan Bakka er heimilt að reisa allt að 5 hæða byggingar. Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í aðalskipulagi um miðbæ Húsavíkur.<br>Við Héðinsbraut 1 þarf að huga að gildandi skilmálum um hverfis-vernd. | 13,9 |
| M501 | Kópasker, miðsvæði | Svæði meðfram Aðalbraut, norðarlega í þorpinu.<br>Innan marka svæðisins er mikill hluta af þeirri verslun og þjónustu sem er til staðar á Kópaskeri. Meðal annars banki, heilsugæsla, listagallerí, kjörbúð, félags-heimili og pósthús. Auk þess eru nokkrar íbúðir á svæðinu.<br>Nokkuð er um tómt og illa farið húsnæði innan miðbæjarmarka. Einnig er töluvert um auð svæði sem hægt væri að nýta til þéttingar. Inngangar í hús eru almennt frá Aðalbraut. Tveir gamlir tankar sem standa austan við Aðalbraut eru taldir hafa verndargildi. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins eru heimilar. Uppbyggingu nýrrar verslunar og þjónustu skal beint á miðsvæðið og nálæg svæði.<br>Leitað verði leiða við að samnýta bílastæði á milli lóða. Einnig verði skoðaðar leiðir til að samnýta stæði á nálægum svæðum.<br>Gera skal ráð fyrir almenningsgarði innan reitsins.<br>Nýbyggingar skulu vera 1-2 hæðir. Frágang og efnisval á svæðinu, þ.m.t. gróður og yfirborðsefni, skal taka mið af mikilvægi svæðisins sem miðsvæðis. | 4,5 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| M601 | Raufarhöfn, miðsvæði | Svæði í miðju þorpsins, í góðum tengslum við íbúðarsvæði og sjávarsíðu.<br>Á svæðinu er megnið af þeirri verslun og þjónustu sem er í þorpinu, s.s. verslun, pósthús, banki, skólahúsnæði, íþróttahús og þjónustu fyrir aldraða.<br>Miklir möguleikar eru á því að þétta byggð á svæðinu og hafa nokkrar hugmyndir um uppbyggingu komið fram, t.a.m. sundlaug.<br>Fjarskiptamastur er á baklóð við Bæjarbraut 19. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Nýrri verslun og þjónustu á Raufarhöfn verði beint inn á svæðið, til að þétta svæðið og bæta bæjarmyndina. Aðkoma og aðalinngangar í byggingar á svæðinu skulu vera frá Aðalbraut. Ganga skal frá umhverfi friðaðra tanka og gera sögu þeirra sýnilega fyrir gesti og gangandi. Ekki er heimilt að byggja á svæði milli tanka og Aðalbrautar. Skilgreining svæðisins sem miðsvæðis heimilar hvort heldur sem skólastarfsemi eða annarskonar þjónustu í skólahúsnæðinu. | 4,3 |

## 7.12 Opin svæði OP

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Á opnum svæðum skal koma fyrir góðri aðstöðu til að styðja við útiveru og hreyfingu með bekkjum, borðum, leiktækjum og æfingatækjum á völdum stöðum, t.d. þar sem skjól er gott eða njóta má útsýnis.

Almennt er heimilt er að reisa allt að 20 m² hús til náttúruskoðunar á opnum svæðum.

Gert er ráð fyrir að á opnum svæðum geti verið nauðsynlegir innviðir og minni mannvirki tengd veitum s.s. borholur vegna vatnsöflunar, lagnir, fjarskiptamöstur, enda falli þessi mannvirki vel að landi og séu lítt áberandi.

Við mótun lands og mannvirkjagerð á opnum svæðum skal líta til varðveislu menningarminja, sérstæðra jarðmyndana, mikilvægra vistkerfa og gróðurlenda sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd og vernduð svæði.

## Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR-MAGN (M2) |
|---|---|---|---|---|---|
| OP1 | Botnsvatn | Útivistarsvæði kringum Botnsvatn. | Botnsvatn og belti umhverfis Botnsvatn þar sem minniháttar framkvæmdir eru heimilar sem falla að nýtingu svæðisins til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk.<br>Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu frá Þeistareykjavegi að Botnsvatni, sem tengist inn á núverandi veg sunnan vatnsins. Að öðru leyti er gert ráð fyrir náttúrulegri framvindu á svæðinu og ekki er gert ráð fyrir frekari gróðursetningu erlendra trjátegunda nær Botnsvatni en 100 m.<br>Við allar framkvæmdir þarf að tryggja að ekki berist mengun í vatnið enda vatnið og umhverfi þess innan grannsvæðis vatnsbóls Húsavíkur. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil á sumrin utan fyrirliggjandi vegar milli Hjásetuhólma og Brennuness. Þó er umferð minni vélknúinna tækja heimilaður vegna viðhalds göngustíga og í neyðartilvikum.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 154,4 | |
| OP401 | Húsavík | Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar. | Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, fjallahjólabrautir, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs er heimil en hugað verði að útsýni til sjávar við gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rótarkerfi þeirra.<br>Leitast verði við að skapa fjölbreyttar gönguleiðir sem tengja minni áningarstaði og stærri áfangastaði í einn samhangandi vef útivistarsvæða. | 450,2 | |
| OP402 | Búðarárós | Svæði þar sem Búðará rennur meðfram Mararbraut í tilbúnum farvegi með landfyllingu til norðurs en náttúrulega fjöru til suðurs. Stangarbraut þverar ána um ræsi. | Búðará renni á yfirborði til sjávar og haldið verði í náttúrulegt umhverfi strandarinnar sunnan við ósinn.<br>Ef þörf er á nýrri vegtengingu yfir ósinn fyrir tengingu á athafnasvæðinu skal gæta að umhverfisfrágangi og miða að því að halda í yfirbragð fjörunnar til suðurs, þannig að hún haldi yfirbragði sínu.<br>Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í aðalskipulagi um miðbæ Húsavíkur. | 2 | |
| OP403 | Skrúðgarður | Í hjarta bæjarins sunnan við Búðará, fallegt og kyrrlátt svæði. Suðaustur af garðinum er opið svæði með gönguleiðum um skógræktarsvæði allt að Botnsvatni. Skrúðgarður, með trjálundum, stígum og bekkjum til útivistar. | Garðinum verði vel viðhaldið og aðgengi að honum sé gott, m.a. stígatengingar þannig að hann geti þjónað hlutverki sem lykil áfangastaður í vef útivistarsvæða.<br>Stefnt er að útvíkkun skrúðgarðs austan Búðarár. Tenging á milli skrúðgarðs og sjávar verði styrkt með gróðursetningu og landslagsmótun í Árgili.<br>Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í aðalskipulagi um miðbæ Húsavíkur. | 5,6 | |
| OP404 | Hvammur | Opið svæði. | Opið svæði til útiveru og útivistar. | 2,3 | |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR-MAGN (M2) |
|---|---|---|---|---|---|
| OP405 | Kaldbakstjarnir | Útivistarsvæði við lónin sem mynduðust með stíflun lækjar og aðrennsli vatns frá Orkustöð OH á Hrísmóum. Volgt vatn er í Yltjörn, austan þjóðvegar. Aðrar tjarnir á svæðinu nefnast Svarðarmýrartjörn og Hóladalstjörn. | Gert er ráð fyrir að á svæðinu geti komið minni þjónustuhús tengd útivist og heilsurækt, þ.m.t. allt að 50 m$^2$ baðhús við Yltjörn, tvö allt að 50 m$^2$ þjónustuhús við Svarðarmýrartjörn auk lítilla náttúruskoðunarhúsa við vatnsbakka. Ekki er gert ráð fyrir siglingum á svæðinu.<br>Mikilvægt að raska svæðinu ekki að öðru leyti. Gróðursetning tjáplantna á svæðinu er heimiluð, en þó er ekki gert ráð fyrir útplöntun á varpsvæðum fugla vestan Svarðarmýrartjarnar til sjávar.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 82,6 | 200 |
| OP406 | Bakki | Opið svæði neðan vegar umhverfis iðnaðarsvæði á Bakka | Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðisins til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Ekki er heimilt að gróðursetja trjágróður. Stuðla skal að verndun votlendis, fuglalífs og búsvæða fugla. | 44,6 | |
| OP501 | Kópasker | Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota. | Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs er heimil en hugað verði að útsýni til sjávar við gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki notaðar á svæðum innanbæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rótarkerfi þeirra. Gott aðgengi að strönd og tjörnum verði sem víðast.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 54,7 | |
| OP502 | Grímshöfn | Svæði við Grímshöfn, sem er náttúruleg vík skammt norðan þéttbýlisins. Þar eru góðar aðstæður til sjóbaða og útivistar á sumrin, og jafnvel að vetri til. Útsýni frá svæðinu er mikið. | Á svæðinu er gert ráð fyrir baðströnd og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Vanda skal sérstaklega allan umhverfisfrágang. Við deiliskipulagsgerð verði kannað hvort framlengja þarf útrás fráveitu sem er norðan við hafnargarðinn til að forðast mengun á svæðinu. | 1,4 | |
| OP503 | Útskálareitur | Svæði við sjávarsíðuna, skammt vestan við miðsvæði þorpsins. Svæðið er hugsað sem strand- og baðsvæði, þar sem hugsanlega má koma fyrir ylströnd. Svæðið er í góðum tengslum við miðsvæðið og mögulega lóð fyrir sundlaug. | Á svæðinu er gert ráð fyrir ylströnd og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Vanda skal allan umhverfisfrágang og gæta sérstaklega að nýting skerði ekki lífsgæði á nálægu íbúðarsvæði. Við deiliskipulagsgerð verði kannað hvort framlengja þarf útrás fráveitu sem er norðan við hafnargarðinn til að forðast mengun á svæðinu. | 0,4 | |
| OP601 | Raufarhöfn | Opin svæði umhverfis bæinn og grænir reitir innan bæjar sem ekki eru til sérstakra tilgreindra nota. | Minniháttar mannvirki og landmótun er heimil sem fellur að nýtingu svæðanna til almennrar útivistar, s.s. stígar, skilti, áningarstaðir og bílastæði fyrir göngu- og ferðafólk. Gróðursetning trjáa og lággróðurs verði framhaldið en hugað verði að útsýni til sjávar við gróðursetningu og grisjun, þar sem það á við. Aspir verði ekki | 213,4 | |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | BYGGINGAR-MAGN (M2) |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | notaðar á svæðum innan bæjar vegna vandræða sem geta hlotist af rótarkerfi þeirra. Gott aðgengi að strönd og tjörnum verði sem víðast. Óheimilt er að skerða náttúrulegar fjörur með byggingum og/eða jarðraski.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | | |
| OP602 | Freyjulundur | Svæði á milli byggðar við Ásgötu og Aðalbraut, nýtt sem almenningsgarður. | Almenningsgarður. Töluverð landslagsmótun hefur farið fram á svæðinu, meðal annars gerð tjarnar. Haldið verði áfram við að byggja upp almennings- og lystigarð sem nýtist til hvíldar og leiks. Koma má fyrir leiktækjum á svæðinu. | 0,8 | |
| OP603 | Samkomusvæði | Svæði við Aðalbraut, fyrir miðju þorpsins. Svæðið er grasi vaxið og hluti þess hallar mót götunni. Það hentar vel til ýmis konar samkomuhalda og útivistar. | Opið svæði til samkomuhalda og útivistar. | 0,4 | |

## 7.13 Óbyggð svæði ÓB

### Almennir skilmálar

Óbyggð svæði eru svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Á óbyggðum svæðum skal viðhalda náttúrugæðum og leggja áherslu á varðveislu menningarminja, sérstæðra jarðmyndanna, mikilvægra vistkerfa og gróðurlenda, sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd, og vernduð svæði, og forðast að raska ósnortnum víðernum.

Öll ræktun erlendra trjátegunda er óheimil á svæðum með vistkerfum eða jarðminjum sem njóta sérstakra verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 400 m hæðar yfir sjó, í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 (íslenskar trjátegundir eru birki, reynir og víðir).

Beitar- og veiðinytjar verði með sjálfbærum hætti í samræmi við beitar- og nýtingaráætlanir.

Heimilt er að setja upp allt að 20 m há fjarskiptamöstur, ásamt allt að 20 $m^2$ aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð, m.a. út frá sýnileika, áhrifa á náttúru, landslag og dýralíf.

Eftirlits- og rannsóknastarfsemi til ákveðins tíma s.s. rannsóknarmöstur, tilraunaborholur, skoðun jarðefna og tímabundnar vinnubúðir vegna framkvæmda er heimil.

Heimilar eru framkvæmdir sem stuðla að endurheimt landgæða, s.s. uppgræðsla lands í samstarfi við bændur, landeigendur og Land og skóga. Allt að 10 ha skógrækt til landbóta er heimil innan heimalanda jarða á óbyggðum svæðum ofan 300 m h.y.s. svo fremi að svæði njóti ekki verndar, t.d. skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Einungis er heimilt að nota íslenskar trjátegundir.

Heimilt er að gera öryggis- og varnarmannvirki, s.s. varnargarða og fyrirhleðslur til varnar landbroti, þar sem þess gerist þörf.

**Sérskilmálar**

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| ÓB1 | Reykjahverfi, svæðið umhverfis Húsavík og uppland Kelduhverfis til vesturs. | Uppland Reykjahverfis, Húsavíkur og Kelduhverfis. | Óbyggt svæði ofan Reykjahverfis, Húsavíkur og Kelduhverfis. Ekki gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi og ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem þarf til tenginga á milli annarra svæða t.d. vegir, reiðleiðir, gönguleiðir, lagnir eða rafstrengir. Sérstaklega skal gæta að vatnsvernd innan svæðisins. Á svæðinu eru nokkur efnistökusvæði sem eru afmörkuð í aðalskipulagi.<br>Öll ræktun útlendra tegunda er óheimil ofan 400 m hæðar yfir sjó sbr. ákvæði reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 28293 |
| ÓB2 | Öxarfjarðarheiði og Tunguheiði | Öxarfjarðarheiði, Tunguheiði, Búrfellsheiði og Hólsfjöll. | Óbyggt svæði Öxarfjarðarheiðar, Tunguheiðar, Búrfellsheiðar og Hólsfjalla með vegslóðum, reiðleiðum og gönguleiðum. Á svæðinu eru afréttarnot.<br>Öll ræktun útlendra tegunda er óheimil ofan 400 m hæðar yfir sjó sbr. ákvæði reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 57574,7 |
| ÓB3 | Eyjar og sker. | Eyjar og sker úti fyrir ströndinni. | Heimilt er að viðhalda þeim mannvirkjum sem eru til staðar og eftir atvikum að byggja ný í þeirra stað. Vitar og mannvirki til að bæta öryggi á siglingaleiðum eru heimil.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 36,1 |

## 7.14 Samfélagsþjónusta S

**Almennir skilmálar**

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustu-stofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Þéttleiki byggðar á þjónustusvæðum skal taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim.

Fyrir skóla er lögð áhersla á að takmarka umferðarhraða í 30 km/klst. Skólalóðir skulu vera örugg og aðlaðandi leik- og útivistarsvæði og nýtast einnig utan skólatíma.

## Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| S1 | Lundur | Skólasvæði. | Skóli, leikskóli, íþróttahús, tjaldsvæði, sundlaug og tengd starfsemi. Heimilt er að hafa fasta búsetu innan svæðisins. | 9,3 |
| S201 | Garður | Garðskirkja var byggð 1890 og við hana er gamall kirkjugarður. Garðurinn sem greftrað er í er nokkru austar en kirkjan. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir kirkju og greftrunarsvæði. | 0,1 |
| S202 | Ástjörn | Á Ástjörn hafa verið starfræktar sumarbúðir frá árinu 1946. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun en allar framkvæmdir á svæðinu eru háðar leyfi þjóðgarðsyfirvalda skv. lögum um Vatnajökulsþjóðgarð. | 1,1 |
| S204 | Skinnastaður | Á Skinnastað er kirkjustaður og prestssetur. Kirkjan var byggð 1854 og er kirkjugarður umhverfis hana. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir kirkju og kirkjugarð. | 1 |
| S205 | Snartarstaðir | Á Snartarstöðum er kirkja, vígð 1929, kirkjugarður og byggðasafn Norður-Þingeyinga. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir kirkju og kirkjugarð, þ.m.t. mögulegt safnaðarheimili. | 0,8 |
| S206 | Víðirhólskirkja | Víðirhólskirkja var reist 1926. Kirkja stóð áður neðar í túninu og er þar kirkjugarður. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi mannvirkjum og greftrunarsvæði. | 2,6 |
| S207 | Kópaskersviti | Vitinn er 14 m hár og reistur 1945. | Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. | 1 |
| S208 | Rauðanúpsviti | Vitinn er 7,9 m hár og reistur 1958. | Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. | 1 |
| S209 | Hraunhafnartangi | Vitinn er 19 m hár og reistur 1951. | Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. | 1 |
| S401 | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Á svæðinu er sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra auk ýmissar tengdrar þjónustu. Syðst á reitnum er Safnahúsið með menningartengda starfsemi. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. | 3,7 |
| S402 | Skólasvæði | Á reitnum eru tveir skólar, Borgarhólsskóli og Framhaldsskóli Húsavíkur, auk íþróttahúss. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. | 5,3 |
| S403 | Grænuvellir | Á svæðinu er starfræktur leikskóli. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. | 0,6 |
| S601 | Raufarhafnarkirkja | Raufarhafnarkirkja var byggð 1928 teiknuð af Guðjóni Samúelssyni. Safnaðarheimili gegnt kirkjunni var byggt 1992. | Stuðla skal að bættum umhverfisfrágangi á og við jaðra svæðisins. Stefnt skal að því að friða Raufarhafnarkirkju. Raufarhafnarkirkja nýtur hverfisverndar. | 0,2 |
| S602 | Vík | Í Vík er þjónusta við eldri borgara | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun. | 0,4 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| S603 | Raufarhöfn | Á svæðinu er starfsemi skóla, leikskóla og tjaldsvæði. | Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við núverandi starfsemi þ.e. tjaldsvæði og þjónusta því tengdu, uppbyggingu og aðbúnaði tengdri skóla, leikskóla og íþróttastarfsemi. | 6,7 |
| S650 | Raufarhafnarviti | Viti. | Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. | 1 |

## 7.15 Sérstök not haf- og vatnssvæða SN

### Almennir skilmálar

Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum. Verja má land fyrir landbroti.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| SN1 | Raufarhafnarhöfn | Hafnarsvæði. | Hluti af hafnarsvæði Raufarhafnarhafnar skv. hafnarreglugerð.<br>Óheimilt er að skerða náttúrulegar fjörur með byggingum og /eða jarðraski.<br>Að minnsta kosti 14 útrásir fráveitu liggja út frá þéttbýlinu í sjó á hafnarsvæðinu, en stefnt er að því að fækka þeim í fjórar til fimm. | 22,8 |
| SN401 | Húsavíkurhöfn | Hafnarsvæði. | Ytri höfn, innri höfn og hafnarsvæði Húsavíkurhafnar skv. hafnarreglugerð. Mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingarleiðum, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Heimilt að dýpka höfnina og endurbyggja og bæta hafnarmannvirki skv. deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfisgögnum. | 87,4 |
| SN501 | Kópaskershöfn | Hafnarsvæði. | Innri höfn og hafnarsvæði Kópaskershafnar skv. hafnarreglugerð. Mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingarleiðum, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Heimilt að dýpka höfnina og endurbyggja og bæta hafnarmannvirki skv. deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfisgögnum. | 2,3 |
| SN502 | Kópaskershöfn | Hafnarsvæði. | Ytri höfn hafnarsvæðis Kópaskershafnar. Mikilvæg siglingaleið. Heimild fyrir dýpkun vegna siglingaleiðar. | 3,3 |
| SN503 | Kópasker | Strandsvæði. | Svæði þar sem er umferð skipa vegna fiskeldis á landi.<br>Strandsvæðinu skal halda í náttúrulegu ástandi eins og kostur er. Fráveita skal vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skolphreinsun.<br>Í deiliskipulagi fyrir fiskeldi þar sem frárennsli er um strandsvæði skal gera grein fyrir hvernig hönnun fráveitu | 7,4 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | | tekur tillit til aðstæðna á svæðinu og varna gegn mengun.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | |
| SN601 | Raufarhafnarhöfn | Hafnarsvæði. | Ytri höfn, innri höfn og hafnarsvæði Raufarhafnarhafnar skv. hafnarreglugerð. Mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingarleiðum, viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Heimilt að dýpka höfnina og endurbyggja og bæta hafnarmannvirki skv. deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfisgögnum.<br>Útrásir fráveitu þéttbýlis Raufarhafnar eru innan þessa reits. Þær eru margar en verið er að fækka þeim með því að sameina þær.<br>Óheimilt er að skerða náttúrulegar fjörur með byggingum og /eða jarðraski fyrir utan opin svæði Raufarhafnar.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 65,5 |

## 7.16 Skógræktar og landgræðslusvæði SL

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Skógrækt á 50 ha og stærri svæðum skal vera afmörkuð á skipulagsuppdrætti sem skógræktar- og landgræðslusvæði og er háð framkvæmdaleyfi.

Skógrækt á 10-50 ha er háð framkvæmdaheimild sveitarfélagsins. Sjá skilmála um landbúnaðarsvæði.

Svæði undir 10 ha innan hverrar jarðar eru ekki afmörkuð á skipulagsuppdrætti og geta fallið undir aðra landnotkun, s.s. landbúnaðarsvæði. Sjá skilmála um landbúnaðarsvæði.

Skógrækt er ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja, sbr. ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og laga um menningarminjar. Samfelld skógrækt er ekki heimil á úrvals landbúnaðarlandi, landi í flokki I sbr. flokkun landbúnaðarlands og ný skógræktarsvæði eru ekki heimil á úrvals landbúnaðarlandi í flokki I og II sbr. flokkun landbúnaðarlands. Við val á nýjum skógræktarsvæðum skal horfa til áhrifa skógræktar á mikilvæg búsvæði fugla.

Forðast skal alla mannvirkjagerð, sem kann að raska vatnabúskap, votlendi eða vistkerfum flóa, þar með talin skógrækt eða ræktun skjólbelta.

Við skipulag skógræktar þarf að huga að brunavörnum vegna gróðurelda, aðkomuleiðum fyrir slökkvilið og flóttaleiðum. Einnig þarf að huga að því að skógur valdi ekki hættu eða truflunum á helgunarsvæðum vega og háspennulína. Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Ekki er heimilt að loka alfaraleiðum eða fornum vegum/leiðum með skógi.

Þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka, ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða eða hafi neikvæði áhrif á búsvæði mófugla. Við plöntun skal þess gætt að hugað sé að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Um mannvirkjagerð innan skógræktar- og landgræðslusvæða gilda sömu heimildir og á landbúnaðarsvæðum, þ.m.t. um íbúðar- og frístundahús, eftir því sem aðstæður leyfa, t.d. að teknu tilliti til hættu af gróðureldum. Reisa má allt að 3 íbúðarhús á hverju lögbýli án tengsla við búskap og allt að 3 frístundahús á hverri jörð.

Gert er ráð fyrir að innan skógræktarsvæða séu mannvirki og aðstaða sem þjóna úrvinnslu skógarafurða og viðhaldi á skógi. Viðhalda skal skógrækt með áherslu á gildi skóglendis til útivistar, skjóls og landbóta.

Við deiliskipulagsgerð og áætlanagerð um skógrækt skal skoða fyrirliggjandi upplýsingar um skráðar fornleifar og eyðibýli og meta áhrif skipulags og framkvæmda á þær minjar.

Við uppgræðslu lands skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Áhersla verði aukin á notkun íslenskra gróðurtegunda við landgræðslu og lögð áhersla á að styrkja innlendan gróður og þar með endurheimt náttúrulegra vistkerfa. Gætt verði að því að ágengar tegundir kaffæri ekki íslenskan gróður. Sérstaklega þarf að gæta þess að framandi ágengar tegundir berist ekki inn í Vatnajökulsþjóðgarð og valdi skaða á fjölbreyttu gróðurfari hans. Leitast verði við að nota íslenskt birki við skógrækt, a.m.k. við skógarjaðra.

Þess skal gætt að skógur byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra áhugaverðra náttúrufyrirbæra.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| SL1 | Saltvík | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 160,2 |
| SL2 | Ærvíkurhöfði | Verkefni í umsjón Kolviðarsjóðs. | Skógræktarsvæði, hlutar af jaðri svæðisins, umferðarleiðir og melar eru undanþegnir skógrækt. | 114 |
| SL3 | Laxamýri 1 | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 9,3 |
| SL4 | Víðiholt | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 40,9 |
| SL5 | Reykjarhóll | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 59,8 |
| SL6 | Lón 2 | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 25,6 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| SL7 | Garður 1 | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 150,8 |
| SL8 | Árdalur | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 44,2 |
| SL9 | Lindarbrekka | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 32,2 |
| SL10 | Smjörhóll | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. Heimilt er að vera með niðurgrafna aðrennslispípu virkjunar í gegnum svæðið. | 25,5 |
| SL11 | Ærlækur | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 35,4 |
| SL12 | Leifsstaðir | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 27,1 |
| SL13 | Sandfellshagi 2 | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 45,4 |
| SL14 | Daðastaðir | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 80,9 |
| SL15 | Valþjófsstaðir | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 112,7 |
| SL16 | Brekka | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 48,1 |
| SL17 | Snartarstaðir 2 | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 164,5 |
| SL18 | Aðaldalshraun | Landgræðsla. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. | 433,1 |
| SL19 | Húsavík - Botnsvatn | Landgræðsla. Svæði ofan þéttbýlis. Mikið uppgrætt, m.a. með lúpínu og útplöntun. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. Svæðið er nýtt til útivistar.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 1137,5 |
| SL20 | Húsavík - Höskuldsvatn | Landgræðsla. Svæði tvískipt, á Reykjaheiði og sunnan Húsavíkur. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. Á svæðinu í átt að skíðasvæði Norðurþings við Reyðárhnjúk og Höskuldsvatn er gert ráð fyrir útivistarnotum fyrir vetraríþróttir með göngubrautum. Heimiluð uppbygging, s.s. þjónustuhús, lyftur o.fl. | 1482,4 |
| SL21 | Vatnsbæjagirðing | Landgræðsla. Gamalt landgræðslusvæði úr nokkrum | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 1319,7 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | jörðum í vestanverðu Kelduhverfi. Melgresi og lúpína algeng innan svæðis, nokkuð af víði og einnig hefur birki verið plantað. | | |
| SL22 | Arnarnes | Landgræðsla. Gamalt landgræðslusvæði úr Arnarnesi, mikill víðir, einnig melgresi o.fl. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 163,2 |
| SL23 | Ytri-Bakkagirðing | Landgræðsla. Gamalt landgræðslusvæði úr landi jarða niður á Sandi, mikill víðir, einnig melgresi o.fl. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 452,5 |
| SL24 | Ærlækjarselsgirðing | Landgræðsla. Gamalt landgræðslusvæði úr landi jarða niður á Sandi, mikill víðir, einnig lúpína, melgresi o.fl. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. | 1388,1 |
| SL25 | Ássandur | Landgræðsla. Svæði norðan þjóðvegar, meðfram Jökulsá. Mikil lúpína en einnig mikið plantað, einkum af birki og lerki. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. Fyrirhleðslur og fleiri aðgerðir til að hindra að Jökulsá flæði inn í Skjálftavatn. Huga skal að nágrenni við þjóðgarð við val á tegundum og aðferðum við uppgræðslu.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 2336,7 |
| SL26 | Grjótháls | Landgræðsla. Grýtt melasvæði, allmikið virkt rof á svæðinu. Liggur að þjóðgarðsmörkum. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. Huga skal að nágrenni við þjóðgarð og við verndarsvæði HV19 og HV20 við val á tegundum og aðferðum við uppgræðslu.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 3428,6 |
| SL27 | Jökulsárgljúfur | Landgræðsla. Fjölbreytt svæði, grýtt melasvæði sunnan til, mjög gróðursæl er norðar dregur, í Vesturdal, Ásbyrgi. Víða virkt rof á svæðinu, m.a. rofabörð í jöðrum og lítt gróin melasvæði. | Virkt landgræðslusvæði, friðað og afgirt. Svæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði sbr. auglýsingu, lög, reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun eftir því sem við á.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 11952,6 |
| SL28 | Hólsfjöll | Stórt landgræðslusvæði sem nær bæði til flatlendis og fjalllendis jarða á Hólsfjöllum og norður undir Öxarfjörð | Landbótasvæði til að binda ógróið land og styrkja núverandi gróður með áburðargjöf, sáningu og skógrækt.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 102797,2 |
| SL29 | Snartarstaðagirðing - Leirhafnarfjöll | Landgræðsla. Landgræðslusvæði úr landi jarða við Kópasker. | Virkt landgræðslusvæði, friðað fyrir beit og afgirt. Innan svæðis eru vegir, reiðleiðir og gönguleiðir. Svæðið er óbyggt og þar er gert ráð fyrir takmarkaðri mannvirkjagerð.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 2054,9 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| SL31 | Þverá | Skógrækt. | Svæði til útivistar, kolefnisbindingar og skógarnytja. Á um 1/3 svæðisins til suðurs er heimil akuryrkja eða túnrækt og innan þess svæðis er gert ráð fyrir skjólbeltum. Ekki er gert ráð fyrir byggingum á svæðinu. | 313,3 |
| SL32 | Höfði | Skógrækt. | Nytjaskógrækt með nauðsynlegri aðstöðu til úrvinnslu skógarafurða. Samningsbundið skógræktarsvæði. | 27,1 |

## 7.17 Strandsvæði ST

Engin svæði eru í þessum landnotkunarflokki.

**Almennir skilmálar**

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Við mannvirkjagerð skal líta til varðveislu menningarminja, sérstæðra jarðmyndana, mikilvægra vistkerfa og gróðurlenda sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd og vernduð svæði.

## 7.18 Vegir, götur, stígar VE. Flugvöllur FV. Jarðgöng GO

### Stofnvegir og tengivegir VE-SV, VE-TV

**Almennir skilmálar**

Vegir, götur og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis, en aðalskipulagið tekur til þeirra. Aðrar götur eru sýndar til skýringar og lega þeirra og útfærsla er ákveðin í deiliskipulagi.

Gert er ráð fyrir að aðrir innviðir geti legið samhliða stofnvegum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Ef sýnd er lega annarra innviða meðfram stofnvegi telst það ekki bindandi hvorum megin vegarins hún er sýnd.

Við hönnun gatna og viðhaldsframkvæmdir í þéttbýli skal gera ráð fyrir gróðri í göturýminu, um leið og tekið er tillit til snjósöfnunar og öryggis.

Heimilt er að gera áningarstaði við vegi með skiltum og aðstöðu til áningar.

Veghelgunarsvæði er 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega, en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Mannvirki og framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerinni og sama gildir um tengingar við þjóðvegi.

### Sérskilmálar stofnvega

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| SV1 | Hringvegur | Stofnvegur | Stofnvegur. Gert er ráð fyrir breyttri veglínu og nýrri brú yfir Jökulsá á Fjöllum, en staðsetning ákvarðast nánar á hönnunarstigi. |
| SV85 | Norðausturvegur | Stofnvegur | Stofnvegur. Gert er ráð fyrir breyttri veglínu við Hrísmóa, sunnan Húsavíkur, sem ákvarðast nánar á hönnunarstigi. |
| SV859 | Hafnarvegur Húsavík | Stofnvegur | Stofnvegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á veginum. |
| SV87 | Kísilvegur | Stofnvegur | Stofnvegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á veginum. |
| SV870 | Kópaskersvegur og Sléttuvegur | Stofnvegur | Stofnvegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á veginum. |
| SV874 | Raufarhafnarvegur | Stofnvegur | Stofnvegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á veginum. |

### Sérskilmálar tengivega

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| TV401 | Strandvegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV402 | Skógargerðisholt | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV857 | Reyðarárhnjúkur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV858 | Flugvallarvegur í Aðaldal | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV861 | Ásbyrgi | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV862 | Dettifossvegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV864 | Hólsfjallavegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV870 | Sléttuvegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV875 | Hálsavegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV886 | Dettifossvegur vestri | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV887 | Hólmatungnavegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV888 | Langavatnshöfðavegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV889 | Hljóðaklettavegur og Vesturdalsvegur | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |
| TV890 | Dettifossvegur eystri | | Tengivegur. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |

### Sérskilmálar jarðgangna

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| GO401 | Húsavíkurhöfði | Jarðgöng | Jarðgöng í gegnum Húsavíkurhöfða. Heimilar eru endurbætur og viðhald á mannvirkjum. |

## Gönguleiðir VE-GL

### Almennir skilmálar

Gönguleiðir innanbæjar eru gangstéttir og göngustígar á opnum svæðum. Slíkar gönguleiðir þjóna bæði sem samgönguleiðir og sem útivistarstígar. Vel hannaðir stígar, gott viðhald, góð lýsing og áhugavert umhverfi auka líkur á því að þessar gönguleiðir séu notaðar.

Góðar gönguleiðir í þéttbýli verði tryggðar, þær verði lýstar og haldið opnum að vetri til. Útivistarstígar skulu tengja útivistarsvæði, s.s. sjávarsíðu, golfvöll, íþróttasvæði, skíðasvæði, Botnsvatn, við byggðina þannig að til verði samtengdur vefur útivistarsvæða sem auðvelt er að fara á milli.

Tryggja skal góðar hjólaleiðir innan og milli hverfa og a.m.k. sé gert ráð fyrir einni aðalleið í og úr hverju hverfi sem er auðvelt að hjóla allar árstíðir. Leiðirnar geta verið hvort heldur sem er á sér hjólastígum, göngustígum, gangstéttum eða í götu.

Heimilt er að gera áningarstaði við megin ferðaleiðir, s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upp bílastæði, upplýsingaskilti/kort og byggja allt að 20 m² þjónustuhús sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila.

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir aðalstígar í þéttbýli sem mynda samhangandi net sem tengir saman hverfi, skóla, íþrótta- og útivistarsvæði, og helstu verslunar – og þjónustukjarna. Aðalstígar hafa það hlutverk að fólk komist á milli nauðsynlegra áfangastaða á sem stystum tíma á öllum árstímum og þær leiðir skulu vera greiðar og öruggar. Stofnstígar tengist helstu útivistarstígum á opnum svæðum. Helstu útivistarstígar og gönguleiðir í dreifbýli eru gróft afmarkaðar á skipulagsuppdrætti og staðsetning þeirra ekki bindandi.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| GL1 | Gönguleið | Gönguleið | Almennt eru gönguleiðir sýnilegar í umhverfi og eftir atvikum stikaðar. Leiðir utan þéttbýlis liggja í landi, oft á gömlum slóðum/leiðum en eru ekki ofaníbornar eða lagðar sérstöku undirlagi nema stundum á viðkæmum svæðum. Óheimilt er að loka leiðum með girðingum eða öðru, nema til komi greið leið fram hjá hindrun s.s. með hliði eða prílu. |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| GL2 | Gönguleið þéttbýli | Gönguleið við Húsavík | Gönguleiðir og stígar í þéttbýli. Heimilt er að viðhalda og endurbæta leiðir eftir þörfum. |

## Reiðleið VE-RL

### Almennir skilmálar

Helstu reiðleiðir innan sveitarfélagsins. Lega þeirra er ekki fastsett en stefnan er að það sé gott net reiðleiða um sveitarfélagið sem gefi kost á því að fara milli svæða, þéttbýlisstaða og á afrétti.

Reiðleiðir skulu eftir því sem hægt er vera aðskildar frá megin vegum. Við gerð reiðleiða verði hugað að öryggi hestamanna og annarrar umferðar. Í einhverjum tilfellum hafa reiðleiðir ekki verið útfærðar nákvæmlega, t.d. hvoru megin vegar er hentugra að þær séu, en eru engu að síður sýndar á uppdráttum. Reiðleiðir verða útfærðar nákvæmar í tengslum við gerð þeirra og eftir atvikum í samstarfi sveitarfélags, landeigenda og Vegagerðarinnar.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| RL1 | Reiðleið dreifbýli | Reiðleiðir í dreifbýli. | Almennt eru reiðleiðir sýnilegar í umhverfi og eftir atvikum merktar. Leiðir fylgja oft gömlum slóðum/leiðum en eru að jafnaði ekki ofaníbornar eða lagðar sérstöku undirlagi nema á viðkæmum svæðum. Óheimilt er að loka gömlum leiðum með girðingum eða öðru, nema til komi greið leið fram hjá hindrun s.s. með hliði sem auðvelt er að opna og loka. Reiðleiðir skulu gerðar í samráði við landeiganda. |
| RL2 | Reiðleið þéttbýli | Reiðleiðir í þéttbýli. | Almennt eru reiðleiðir sýnilegar í umhverfi og eftir atvikum merktar. Leiðir fylgja oft gömlum slóðum/leiðum en eru að jafnaði ekki ofaníbornar eða lagðar sérstöku undirlagi nema á viðkæmum svæðum. Óheimilt er að loka gömlum leiðum með girðingum eða öðru, nema til komi greið leið fram hjá hindrun s.s. með hliði sem auðvelt er að opna og loka. Reiðleiðir skulu gerðar í samráði við landeiganda. |
| RL3 | Reiðleið þéttbýli | Reiðleiðir á Kópaskeri | Almennt eru reiðleiðir sýnilegar í umhverfi og eftir atvikum merktar. Leiðir fylgja oft gömlum slóðum/leiðum en eru að jafnaði ekki ofaníbornar eða lagðar sérstöku undirlagi nema á viðkæmum svæðum. Óheimilt er að loka gömlum leiðum með girðingum eða öðru, nema til komi greið leið fram hjá hindrun s.s. með hliði sem auðvelt er að opna og loka. Reiðleiðir skulu gerðar í samráði við landeiganda. |

## Reiðhjólaleiðir VE-HL

### Almennir skilmálar

Tryggja skal góðar hjólaleiðir innan og milli hverfa og a.m.k. sé gert ráð fyrir einni aðalleið í og úr hverju hverfi sem er auðvelt að hjóla allar árstíðir. Leiðirnar geta verið hvort heldur sem er á sér hjólastígum, göngustígum, gangstéttum eða í götu.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| HL1 | Reiðhjólaleið | Reiðhjólaleið | Reiðhjólaleið. Heimilt er að viðhalda leið og endurbæta eftir þörfum. |
| HL2 | Reiðhjólaleið | Reiðhjólaleið | Reiðhjólaleið. Heimilt er að viðhalda leið og endurbæta eftir þörfum. |

## Flugvöllur FV

### Almennir skilmálar

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Við gerð deiliskipulags á svæðum umhverfis flugvelli skal gera grein fyrir og taka tillit til hindranasvæða og hljóðvistar.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| FV1 | Húsavíkurflugvöllur í Aðaldal | Flugvöllur í Aðaldal sunnan Húsavíkur, flugbraut og flughlað með bundnu slitlagi. | Flugvallarsvæði, flugstöð, flugbraut og svæði fyrir hugsanleg viðbótarmannvirki tengd flugi.<br>Flugvöllurinn verði byggður upp og honum viðhaldið þannig að hann geti nýst fyrir reglulegt áætlunar- og leiguflug, sjúkraflug og millilandaflug. | 60,5 |
| FV2 | Kópaskersflugvöllur | Flugvöllur norðan Kópaskers, flugbraut og flughlað með malaryfirborði. | Flugbrautum verði vel viðhaldið þannig að völlurinn geti nýst fyrir æfingaflug og sjúkraflug. | 14,5 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| FV3 | Raufarhafnar-flugvöllur | Flugvöllur sunnan Raufarhafnar, flugbraut og flughlað með malaryfirborði. | Flugbrautum verði vel viðhaldið þannig að völlurinn geti nýst fyrir sjúkraflug. | 14 |
| FV201 | Grímsstaðir | | Lendingarstaður í umsjá Isavia. | 3,7 |

## 7.19 Verslun og þjónusta VÞ

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Þéttleiki byggðar á þjónustusvæðum skal taka mið af einkennum núverandi svæða og falla vel að þeim. Skipulag svæða stuðli að gönguvænu umhverfi og styðji við vistvænar samgöngur.

Á svæðum fyrir verslun og þjónustu, utan dreifbýlis, er heimilt að reisa eina vindrafstöð, ásamt lögnum, vegi og allt að 15 $m^2$ aðstöðuhúsi. Hæð spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 25 m. Lágmarksfjarlægð frá íbúðarhúsum á nágrannajörðum er 300 m. Skoðað verður í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. M.a. skal taka tillit til hljóðvistar út frá ríkjandi vindátt, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindmyllur eru ekki leyfðar innan friðlýstra svæða eða hverfisverndaðra svæða. Við staðsetningu stakra vindmylla skal forðast að raska vistkerfum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA | BYGGINGAR-MAGN (M2) | FJÖLDI GISTIRÚMA |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| VÞ1 | Vökuholt | Veiðihótel í landi Laxamýrar. Um 700 fm bygging með veitingarsal, eldhúsi og gistingu fyrir 25-30 manns. | Gert er ráð fyrir möguleika á stækkun veiðihótels innan lóðarmarka. Hluti af lóðinni (u.þ.b. 2 ha í norðvestri) er innan við 200 m frá vatnsbakka Laxár og því innan friðlýsts svæðis. Þar er óheimilt að reisa mannvirki eða raska náttúru eða landslagi nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. | 6,5 | | | 30 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA | BYGGINGAR-MAGN (M2) | FJÖLDI GISTIRÚMA |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| VÞ2 | Saltvík | Ferðaþjónusta. | Ferðaþjónusta með gistingu og veitingasölu. Svigrúm fyrir tjaldsvæði og minniháttar þjónustubyggingar því tengt. | 6,4 | | | 30 |
| VÞ3 | Þverá | Ferðaþjónusta. | Hótel/Heilsuhótel, gistiþjónusta og önnur tengd ferðaþjónusta. Innan svæðisins er get ráð fyrir íbúðum fyrir heilsársbúsetu t.a.m. fyrir starfsfólk. | 11,2 | | | 70 |
| VÞ4 | Heiðarbær | Félagsheimili, sundlaug og ferðaþjónusta. | Gert er ráð fyrir möguleika á frekari uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu innan lóðamarka en á svæðinu er tjaldsvæði, sundlaug, veitingasala og fleira. | 3,2 | | | 30 |
| VÞ7 | Ásbyrgi | Verslun, veitingar, íbúðarhús og Gljúfrastofa. Svæðið er mikilvægt sem þjónustumiðstöð byggðarinnar og Vatnajökulsþjóðgarðs auk þess að vera aðalaðkoma að norðursvæði þjóðgarðsins. | Gert er ráð fyrir möguleika á stækkun verslunar og veitingaaðstöðu auk lóða fyrir ferðaþjónustu ýmiskonar, 2-3 íbúðarhús og lóð fyrir 1-3 hæða hótel norðan þjóðvegar.<br>Uppbygging á svæðinu verði Norðurþingi og Vatnajökulsþjóðgarði til sóma. Mannvirki verði vönduð og metnaður lagður í allan frágang umhverfis. | 6,7 | 3 | | 100 |
| VÞ8 | Hólssel | Gamla íbúðahúsið á Hólsseli, gestahús og nýtt gistihús sem allt er nýtt til gistingar. | Gistiþjónusta í gamla íbúðarhúsinu á Hólsseli og í smáhýsum. | 3,5 | 1 | | 50 |
| VÞ204 | Veggur | Veitingastaður og gisting í sérstæðu húsi. | Ferðaþjónusta með gistingu og veitingasölu. | 3 | | | 30 |
| VÞ205 | Skúlagarður | Skúlagarður er gamall skóli og félagsheimili sem nýttur er í ferðaþjónustu. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnun og ferðaþjónustu. Tjaldsvæði og þjónustubyggingar tengdar því. | 1,4 | | | 40 |
| VÞ206 | Lundur | Ferðaþjónusta. | Gistiþjónusta og önnur tengd ferðaþjónusta. | 3 | | | 30 |
| VÞ401 | Höfði | Náttúruböð og fyrirhuguð frekari uppbygging fyrir ferðamenn innan reitsins, m.a. hótel. Viti. | Gert er ráð fyrir verslunar og þjónustustarfsemi, náttúruböðum og hóteli. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu, sérstaklega í átt að íbúðarbyggð í Brekkum og útivistarsvæði við ströndina. Heimilt er að viðhalda Húsavíkurvita. Ný mannvirki á svæðinu mega ekki skyggja á ljósgeisla Húsavíkurvita. Gönguleið liggur í og við svæðið og | 7,3 | | | 80 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) | FJÖLDI ÍBÚÐA | BYGGINGAR-MAGN (M2) | FJÖLDI GISTIRÚMA |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | eiga göngutengingar að henni, um hverfið og að Húsavíkurvita, að vera greiðar. | | | | |
| VÞ402 | Fjaran | Á svæðinu eru skrifstofur og þjónusta við ferðamenn. | Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilar, sem falla að hlutverki svæðisins sem verslunar- og þjónustusvæðis í nánum tengslum við miðbæ og höfnina. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á þessu svæði.<br>Sjá jafnframt stefnu og skipulagsramma í aðalskipulagi um miðbæ Húsavíkur. | 0,3 | | | |
| VÞ403 | Garðarsbraut | Ýmis konar verslun og þjónusta. | Heimilt er að vera með ýmis konar verslun og þjónustu. Gæta skal að snyrtilegri ásýnd lóða. | 1,7 | | | |
| VÞ404 | Aksturslág | Óbyggt svæði. | Svæði fyrir landfreka verslunar- og þjónustustarfsemi. Svæði fyrir nærþjónustu og samfélagsþjónustu, þar með talið skóla. Svæðið tengist nýju íbúðarsvæði og nánari útfærsla byggðar og þjónustu innan hennar verður útfærð í deiliskipulagi.<br>Hótel og gistiheimili eru ekki heimil. | 3,8 | | | |
| VÞ405 | Golfskáli og hótel | Golfvöllur. | Heimilt er að vera með þjónustu sem tengist golfvelli, veitingastarfsemi og hótel. Byggingar mest tvær hæðir og falli vel að landi og séu lítt áberandi. Allt að 100 herbergja hótel með allt að 200 gistirúmum. | 4,1 | | | 200 |
| VÞ406 | Kaldbakskot | Ferðaþjónusta. | Gert er ráð fyrir allt að 30 gestahúsum auk þjónustuhúss. | 6,3 | | | 80 |
| VÞ601 | Sandur 2 | Á svæðinu er atvinnustarfsemi; hótel, gallerí og tvö íbúðarhús. | Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að nýtingu og yfirbragði svæðisins. Vanda skal umhverfisfrágang og umgengni á lóðum.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 1,5 | | | |

## 7.20 Þéttbýlismörk

### Almennir skilmálar

Skilgreind þéttbýlismörk fyrir þéttbýli sem um leið eru vaxtarmörk þeirra fyrir skipulagstímabilið.  Áhersla á að nýta land innan þéttbýlismarka sem best.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| ÞM401 | Húsavík | Þéttbýlismörk um Húsavík | Mörk þéttbýlissvæðis á Húsavík, dregin þannig að grænt belti, útivistarsvæði, umhverfis bæinn og athafna- og iðnaðarsvæði sunnan við bæinn teljist til þéttbýlis. Iðnaðarsvæðið á Bakka er hluti þéttbýlisins vegna nálægar þess við byggðina. | 1345,9 |
| ÞM501 | Kópasker | Þéttbýlismörk um Kópasker | Mörk þéttbýlis á Kópaskeri afmörkuð um byggðina og þannig að helstu útivistarsvæði umhverfis bæinn teljist til þéttbýlisins og myndi eina heild með því, þ.m.t. Grímshöfn og svæði umhverfis Klifatjörn og Kotatjörn og Röndin suður að Snartarstaðalæk. | 166,3 |
| ÞM601 | Raufarhöfn | Þéttbýlismörk um Raufarhöfn | Mörk þéttbýlis á Raufarhöfn afmörkuð um byggðina og þannig að helstu útivistarsvæði umhverfis bæinn teljist til þéttbýlisins og myndi eina heilda með því. | 400,6 |

## 7.21 Veitur VH

### Almennir skilmálar

Almennt er gert ráð fyrir að veitur séu lagðar meðfram vegum og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða. Leitast skal við að draga úr umhverf-isáhrifum veitna og vanda til staðsetningar og frágangs mannvirkja. Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

## Hitaveita HI

### Almennir skilmálar

Stofnkerfi hitaveitu. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi. Sýnd lega á skipulagsuppdrætti telst ekki bindandi og eru nýlagnir og breytingar heimilar ef umhverfisáhrif eru óveruleg. Línur í dreifikerfi kalla ekki á afmörkun í aðalskipulagi og koma ekki fram á uppdráttum.

Heimilt er að bora eftir og nýta heitt vatn, í byggð og á hálendi (borholur), allt að 2.500 kW eða 50 l/sek. án þess að skilgreina iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Slíkar framkvæmdir eru eftir atvikum framkvæmdaleyfisskyldar.

Heimilt er að vera með spennistöðvar og hús fyrir nýtingu hitaveitu, ásamt lögnum og vegum, þar sem þeirra kann að vera þörf. Stærð bygginga getur verið allt að 20 $m^2$.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| HI1 | Stofnæð frá Hveravöllum | Hitaveita | Aðveituæð. Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| HI2 | Stofnæð frá Þeistareykjum | Hitaveita | Aðveituæð. Hitaveitulögn frá Þeistareykjum fyrir Orkuveitu Húsavíkur til framtíðar.<br>Tveir valkostir eru um legu lagnarinnar. Annar valkosturinn gerir ráð fyrir að lögnin liggi til Húsavíkur og er sú lega sú sama og var í aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030. Hinn valkosturinn gerir ráð fyrir að lögnin liggi á Bakka og að þaðan komi lögn til Húsavíkur (HI402). Lögnin og valkostir um legu hennar áfram að Húsavík eða Bakka eru á skipulagi, en með þeim fyrirvara að engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort eða hvenær yrði af gerð lagnarinnar, enda um stóra fjárfestingu að ræða og undirbúningur skammt á veg kominn. |
| HI3 | Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs | Hitaveita | Stofnæð hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs frá Skógarlóni til Kópaskers, og frá Skógarlóni til suðurs í Lund/Skinnastað og Núp. Heimilt er að stækka lögnina eða leggja nýja lögn meðfram henni. |
| HI4 | Stofnæð til Þingeyjarsveitar | Hitaveita | Aðveituæð. Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| HI401 | Stofnæð frá Hveravöll-um innan þéttbýlis-marka Húsavíkur | Hitaveita | Aðveituæð. Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| HI402 | Stofnæð frá milli Bakka og Húsavíkur | Hitaveita | Hitaveitulögn milli Bakka og Húsavíkur til framtíðar. Lögnin er á skipulagi en með þeim fyrirvara að engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort eða hvenær yrði af gerð lagnarinnar verður enda um stóra fjárfestingu að ræða og undirbúningur skammt á veg kominn. Framkvæmdin getur tengst lagningu hitaveitulagnar frá Þeistareykjum að Bakka. |

## Rafveita R, RN

### Almennir skilmálar

Meginflutningskerfi raforku. Línur í dreifikerfinu kalla ekki á afmörkun í aðalskipulagi og eru einungis sýndar til skýringar.

Heimilt er að viðhalda og endurnýja mannvirki. Minniháttar breytingar, s.s. tilfærsla línuleiða eða mastragerðir eru heimilar án breytinga á aðalskipulagi.

Taka þarf tillit til helgunarsvæða háspennulína við mannvirkjagerð og tryggja að trjágróður vaxi ekki þannig að hann valdi truflunum. Innan helgunarsvæða raflína og rafstrengja skal haft samráð við eigendur flutningskerfis vegna framkvæmda. Hafa þarf samráð við eiganda flutningskerfis ef breyta þarf aðkomuleiðum að línum sem þarf að nýta til að sinna viðhaldi og viðgerðum.

Háspennustrengir geta legið meðfram þjóðvegum án sérstakrar tilgreiningar á skipulagsuppdrætti. Sjá einnig almenna skilmála fyrir stofn- og tengivegi.

Gera má breytingar á línum af spennustigi 66 kV og minna úr loftlínu í jarðstreng án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Leitast skal við að draga úr umhverfisáhrifum raflína með því að setja þær í jörð þar sem þess er kostur og með því að vanda til staðsetningar og frágangs loftlína og jarðstrengja. Háspennulínur geta farið úr því að vera ofanjarðar í það að verða neðanjarðar, án þess að gerður sé greinarmunur á því á skipulagsuppdrætti.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| R1 | Húsavíkurlína 1 | Háspennulína. | 33 kV loftlína. Áformað er að setja línuna í jörð en lega hennar sem jarðstrengs liggur ekki fyrir. |
| R2 | Þeistareykjalína 1 | Háspennulína og jarðstrengur. | 66 kV loftlína. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. |
| R3 | Kópaskerslína 1 | Háspennulína. | 66 kV loftlína. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. Áform eru um að spennuhækka línuna í 132 kV. |
| R4 | Álma að Lindarbrekku | Háspennulína. | 66 kV loftlína. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. Áform eru um að spennuhækka línuna í 132 kV. |
| R5 | Hólasandslína 1 | Háspennulína. | 220 kV loftlína. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. |
| R6 | Þeistareykjalína 2 | Háspennulína | 66 kV loftlína. Heimilt er að viðhalda mannvirkjum. |
| RN1 | Þeistareykjalína 2 | | 66 kV jarðstrengur. |
| RN2 | Kópaskerslína 1 | | 66 kV jarðstrengur. |
| RN3 | Raufarhafnarstrengur | | 22 kV jarðstrengur. |
| RN4 | Þórshafnarstrengur | | 33 kV jarðstrengur. |
| RN401 | Tjörnesstrengur | | 11 kV jarðstrengur. Heimilt að leggja annan streng sömu leið á hærri spennu (líkl. 33 kV). |

## Fráveita FV

### Almennir skilmálar

Stofn útrásir fráveitu í þéttbýli.

Um fráveitu er í gildi samþykkt um fráveitumál í sveitarfélaginu Norðurþingi og skal líta til hennar við skipulagsgerð og undirbúning framkvæmda.

Í þéttbýli verði komið á viðunandi hreinsun skólps með uppsetningu hreinsistöðva. Í deiliskipulagi skal taka frá svæði fyrir dælustöðvar fyrir frárennsli, á þeim svæðum sem gert er ráð fyrir þeim. Við uppbyggingu nýrrar byggðar og endurskipulagningu eldri byggðar verði gert ráð fyrir blágrænum ofanvatns-lausnum.

Sameiginleg fráveita skal vera þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Fráveitukerfi skulu vera hagkvæm og lágmarka skal umhverfisáhrif þeirra eins og hægt er.

Tryggja skal aðgengi að hreinsivirkjum til tæmingar, tryggt verði að förgun/nýting úrgangs verði fullnægjandi og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| FV401 | Stofnútrás Húsavík | Fráveitukerfi. | Stofnútrás frá Bakkagarði. Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| FV402 | Útrás Húsavík | Fráveitukerfi. | Útrás fyrir suðurhluta bæjarins. Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| FV501 | Kópasker fráveita | Fráveitukerfi. | Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |

## Fjarskipti

Stofnkerfi fjarskipta eru ekki sett inn á skipulagsuppdrátt.

### Almennir skilmálar

Almennt er gert ráð fyrir að fjarskiptalagnir séu lagðar nálægt vegum, svo sem kostur er og forðast skal að leggja þær innan verndarsvæða.

Heimilt er að reisa allt að 20 m há fjarskiptamöstur, ásamt allt að 20 m$^2$ aðstöðuhúsi, lögnum og vegum. Í hverju tilfelli verður skoðað hvar fjarskiptamöstur verða heimiluð, m.a. vegna sýnileika, fjarlægðar frá mannvirkjum og áhrifum á náttúru og landslag.

## Vatnsveita VV

### Almennir skilmálar

Stofnkerfi vatnsveitu.

Heimilt er að vera með hús fyrir nýtingu vatnsveitu, ásamt lögnum og vegum, þar sem þeirra kann að vera þörf. Stærð bygginga getur verið allt að 20 $m^2$.

Stofnkerfi vatnsveitu er sýnt á skipulagsuppdrætti en lega er ekki bindandi og nýlagnir og breytingar eru heimilaðar ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI |
|---|---|---|---|
| VV401 | Húsavík vatnsveita | Vatnsveita. | Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| VV501 | Kópasker vatnsveita | Vatnsveita. | Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |
| VV601 | Raufarhöfn vatnsveita | Vatnsveita. | Heimilt er að viðhalda og endurnýja kerfið eftir þörfum. |

## 7.22 Vötn, ár og sjór V

### Almennir skilmálar

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga. Fjörusvæði og sjór innan netlaga.

Stefnt er að því að ástand vatnasvæða áa og vatna séu í flokki A, ósnortið vatn, skv. ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Í deiliskipulagi skal, eftir því sem við á, gera grein fyrir ástandi vatnshlota og hvernig brugðist verður við ef bæta þarf ástand þeirra.

Á fjörusvæðum og í sjó innan netlaga er lögð áhersla á vernd lífríkis og landslags. Sjálfbær nýting er heimil. Vistkerfi áa og vatna verði ekki raskað.

Við mannvirkjagerð skal líta til varðveislu menningarminja, sérstæðra jarðmyndana, mikilvægra vistkerfa og gróðurlenda sbr. verndarákvæði í lögum um menningarminjar og náttúruvernd og vernduð svæði.

Heimilt er að stunda veiði í ám og vötnum enda sé viðgangur stofna tryggður. Fiskirækt í vötnum skal vera í samræmi við staðfesta fiskiræktaráætlun sbr. lög um fiskrækt.

Taka skal tillit til ástands viðkvæmra svæða og huga að hreinsun stranda og álagi á lífríki.

Heimilt er að gera öryggis- og varnarmannvirki, s.s. varnargarða og fyrirhleðslur til varnar landbroti eða sjávarrofi, þar sem þess gerist þörf.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| V1 | Strandsvæði | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. Strandsvæðum skal halda í náttúrulegu ástandi eins og kostur er. Fráveita skal vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólphreinsun. Í deiliskipulagi fyrir fiskeldi þar sem frárennsli er um strandsvæði skal gera grein fyrir hvernig hönnun fráveitu tekur tillit til aðstæðna á svæðinu og varna gegn mengun.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 2056,5 |
| V2 | Ár og vötn | Ár og vötn víðsvegar í sveitarfélaginu | Ár og vötn.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 2292,3 |
| V401 | Strandsvæði | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. Strandsvæðum skal halda í náttúrulegu ástandi eins og kostur er. Fráveita skal vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólphreinsun.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 65,7 |
| V402 | Ár og vötn | Tjarnir innan þéttbýlismarka Húsavíkur. Lón sem mynduðust með stíflun lækjar og aðrennsli vatns frá Orkustöð OH á Hrísmóum. Volgt vatn er í Yltjörn, austan þjóðvegar. Aðrar tjarnir á svæðinu nefnast Svarðarmýrartjörn og Hóladalstjörn. | Ár og vötn.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins þar sem hún gildir. | 12,6 |
| V501 | Strandsvæði | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. Strandsvæðum skal halda í náttúrulegu ástandi eins og kostur er. Fráveita skal vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólphreinsun. Í deiliskipulagi fyrir fiskeldi þar sem frárennsli er um strandsvæði skal gera grein fyrir hvernig hönnun fráveitu tekur tillit til aðstæðna á svæðinu og varna gegn mengun. | 17,1 |
| V502 | Ár og vötn | Tjarnir innan þéttbýlismarka Kópaskers. Klifatjörn og Kotatjörn. | Ár og vötn.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins þar sem hún gildir. | 19,2 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| V601 | Strandsvæði | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. | Sjór, fjörur, strandsvæði, sker og leirur. Strandsvæðum skal halda í náttúrulegu ástandi eins og kostur er. Fráveita skal vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólphreinsun. Í deiliskipulagi fyrir fiskeldi þar sem frárennsli er um strandsvæði skal gera grein fyrir hvernig hönnun fráveitu tekur tillit til aðstæðna á svæðinu og varna gegn mengun.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins. | 18,6 |
| V602 | Ár og vötn | Tjarnir innan þéttbýlismarka Raufarhafnar. | Ár og vötn.<br>Taka skal tillit til hverfisverndaðra svæða innan landnotkunarreitsins þar sem hún gildir. Ekki skal skerða tjarnir í tengslum við framkvæmdir | 3,2 |

# 8 TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

## 8.1 Friðlýst svæði FS

### Almennir skilmálar

Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar. Um friðlýst svæði gilda ákvæði friðlýsingarskilmála og eftir atvikum stjórnunar- og verndaráætlanir.

Friðlýsing svæða er ekki ákveðin í aðalskipulagi og upplýsingar geta breyst á gildistíma aðalskipulagsins án þess að aðalskipulag sé uppfært.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| FS1 | Verndarsvæði Mývatns og Laxár | Friðlýst svæði með lögum um verndun Mývatns og Laxár nr 97/2004. | Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði sbr. auglýsingu, lög, reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun eftir því sem við á. Svæðið er Ramsar svæði. Skipulagsákvarðanir um Ramsar svæði skulu taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um vernd og skynsamlega nýtingu votlendissvæða. Í lögum nr. 97/2004 kemur eftirfarandi fram um meginverndarmarkmið svæðisins og hvernig þau setja skorður við landnotkun og framkvæmdir.<br>„Markmið laga þessara er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxársvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.<br>Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. …<br>Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem um getur. ... Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi [Náttúruverndarstofnunar].<br>Leita skal leyfis [Náttúruverndarstofnunar] fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur…. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis [Náttúruverndarstofnunar] framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða. | 365,2 |
| FS3 | Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss | Friðlýst með reglugerð sem náttúruvætti árið 1996. | Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði sbr. auglýsingu, lög, reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun eftir því sem við á. Í auglýsingu nr. 457/1996 kemur eftirfarandi fram um meginverndarmarkmið svæðisins og hvernig þau setja skorður við landnotkun og framkvæmdir.<br>„[Umhverfisstofnun] vinnur að gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið… Stefnt skal að því að tryggja góða aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu og koma upp viðeigandi mannvirkjum til þess að fengnum | 525,5 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | | tillögum umsjónarnefndarinnar. … Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi [Umhverfisstofnunar] að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins. | |
| FS4 | Vatnajökulsþjóðgarður | Friðlýstur sem þjóðgarður með lögum nr. 60/2007. | Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði sbr. auglýsingu, lög, reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun eftir því sem við á. Í lögum nr. 60/2007 kemur eftirfarandi fram um meginverndarmarkmið svæðisins og hvernig þau setja skorður við landnotkun og framkvæmdir.<br>Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu.<br>…Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði.<br>Í verndaráætlun er gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúm og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum. Sveitarstjórnir eru bundnar af efni verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs. | 13403,7 |

## 8.2 Hindranafletir flugvalla HF

Hindranafletir eru ekki afmarkaðir á uppdrætti.

### Almennir skilmálar

Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er takmörkunum á hæð mannvirkja og gróðurs vegna flugtaks og lendinga sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla, sbr. lög um loftferðir.

Í deiliskipulagi lands umhverfis flugvelli og flugbrautir skal gera grein fyrir og taka tillit til hindranaflata flugvalla.

## 8.3 Hverfisvernd HV

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| HV1 | Norðurströnd Melrakkasléttu | Nyrsti hluti Melrakkasléttu, láglend strönd með lónum og sjávarfitjum, vötn inn af. Rauðinúpur 70 m hár, eldstöð frá ísöld með sérstökum rauðum klettamyndunum. Mikið fuglalíf, menningar og fornminjar. | Svæði sem er verðmætt á heimsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Mannvirkjagerð verði haldið utan þessara svæða, þ.m.t. nýir slóðar. Heimilt er að gera látlausan áningarstað við upphaf gönguleiðar frá þjóðvegi. Við strönd Melrakkasléttu eru þó heimil hús í tengslum við hefðbundna nýtingu og stök frístundahús. Þau skal staðsetja og útfæra með sérstöku tilliti til einkenna landslagsins og þannig að þau skaði ekki náttúru- og menningarminjar.<br>Skógrækt og efnistaka er óheimil, svo og gróðursetning innfluttra tegunda. Merking leiða er heimil að því tilskyldu að það skaði ekki náttúru, landslag og minjar.<br>Bílastæði og stígagerð er óheimil nema unnt sé að sýna fram á að framkvæmdir muni skaða náttúru og landslag óverulega. Heimild er fyrir gerð bílastæðis og gönguleið að Hraunhafnartanga. | 3447,7 |
| HV2 | Blikalónsdalur | Sigdalur er nær frá norðurströnd Melrakkasléttu og 20 km inn í landið. | Svæði sem er verðmætt á svæðisvísu og skal njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessu svæði. | 1467,3 |
| HV3 | Vatnasvæði Sléttu | Vötn og votlendi á stórum hluta Melrakkasléttu. Votlendi rík af lífrænum jarðvegi.  Mikilvægt búsvæði fugla og hefur einnig verndargildi vegna bindingar gróðurhúsalofttegunda. | Svæði sem er verðmætt á svæðisvísu og skal njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessu svæði.<br>Forðast skal að raska votlendi og vatnasvæði sem kostur er. Votlendi verði endurheimt þar sem því verður við komið, en það er einkum þar sem land hefur verið ræst fram. Ef | 15797,2 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | | nauðsynlegt reynist að raska votlendi ber framkvæmdaraðila að endurheimta votlendi af sömu stærð. | |
| HV5 | Raufarhafnarkirkja | Kirkja teiknuð af Guðjóni Samúelssyni og byggð á árunum 1927-1929. | Kirkjan skal varðveitt í sem upprunalegastri mynd. | 0,1 |
| HV6 | Óskarsstöð | Byggingin er gömul verbúð, byggð árið 1949, sem er staðsett á fallegum stað nálægt höfninni, með útsýni yfir hafið og Höfðann. Húsið er nokkuð áberandi í umhverfi sínu. Húsafriðunarnefnd hefur gert eftirfarandi bókun um húsið: „Húsafriðunarnefnd telur að gildi hússins til varðveislu gefi ekki tilefni til friðunar en mælist til þess að húsið verði verndað vegna staðbundins gildis í menningar- og atvinnusögu Raufarhafnar.” | Óskarsstöð skal varðveitt og leggja skal áherslu á að gera húsið upp í upprunalegri mynd. | 0,1 |
| HV7 | Síldartankar | Á svæðinu eru tveir stórir tankar frá síldarárunum. Tankarnir standa við Aðalbraut og eru áberandi í bæjarmyndinni. | Tankarnir skulu varðveittir og gerðir upp. Leyfilegt er að nýta þá til ferðaþjónustu sé verndargildi þeirra ekki stefnt í hættu.<br>Ekki er leyfilegt að byggja á milli tankanna og Aðalbrautar. Nýbyggingar við tankana skulu taka mið af mikilvægi og ásýnd þeirra. | 0,1 |
| HV9 | Leirhafnarfjöll | Lítt gróinn móbergshryggur þar sem m.a. eru nyrstu skógleifar á Íslandi. | Svæði sem er verðmætt á svæðisvísu og skal njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessu svæði. | 3734,3 |
| HV10 | Snartastaðanúpur, strandsvæði | Sérkennilegar klettamyndanir og fuglabjörg vestan í Snartastaðanúpi. | Svæði sem er verðmætt á svæðisvísu og skal njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessu svæði. | 136,4 |
| HV14 | Votlendi við Öxarfjörð | Fjölbreytt votlendi með fágætum plöntum og fjölbreyttu fuglalífi. | Votlendi sem skal forðast að raska.<br>Engin hús verði heimil nær bökkum Víkingavatns, Skjálftavatns og Litluár en 75 m, önnur en hús til landbúnaðarnota eða lítil skýli (<20 fm) til náttúruskoðunar. | 1764,9 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | Lághitasvæði við Bakkahlaup og heitar lindir í Litlá. | Votlendi verði ekki ræst fram og unnið verði að endurheimt votlendis þar sem land hefur verið ræst fram og framræsla hefur enga þýðingu í dag fyrir landbúnað.<br>Vélknúin bátaumferð á Víkingavatni og Skjálftavatni verði takmörkuð.<br>Aðstaða fyrir fuglaskoðunarfólk verði bætt með merkingu gönguleiða eða lagningu göngustíga, byggingu fuglaskoðunarskýla- eða húsa.<br>Settar verði reglur um gæsaveiðar og andaveiðar.<br>Útbreiðslu minks á svæðinu verði haldið í skefjum til að vernda fuglalíf. | |
| HV15 | Skóglendi Öxarfjarðar og Kelduhverfis | Eitt stærsta samfellda birkiskóglendi á Íslandi, nær allt frá Núpi og suður fyrir Hólmatungur, bæði austan og vestan Jökulsár sunnan Ássands, þ.m.t. Meiðavallaskógur. | Svæði sem er verðmætt á svæðisvísu og skal njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessu svæði.<br>Frístundabyggð í skóglendi Öxarfjarðar verði hagað þannig að hún skerði náttúrulegan birkiskóg sem minnst. | 5266,1 |
| HV16 | Árfarvegur Jökulsár neðan Ásbyrgis | 200 m svæði beggja vegna árinnar sem er hluti af aurkeilunni sem er hluti af landslagsheild Jökulsárgljúfra. | Ekki er heimilt að byggja hús innan svæðisins önnur en mannvirki vegna jarðhitavinnslu og lítil skýli (<20 m²) vegna náttúruskoðunar. Á Syðri Bakka er þó heimilt að endurnýja og reisa ný hús á bæjartorfunni. Hefðbundnar landnytjar eru heimilar, þ.m.t. beit, veiðar og nýting jarðefna. Sama á við um rannsóknir og virkjun jarðhita, sem er heimil að undangenginni lögskyldri málsmeðferð, en nýting jarðhita á svæðinu til orkuvinnslu kallar á skilgreiningu iðnaðarsvæðis.<br>Gerð flóðvarnargarða er heimil skv. nánara skipulagi.<br>Allar framkvæmdir á svæðinu kalla á deiliskipulagsgerð, sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar um hverfisverndarsvæði. | 815,2 |
| HV17 | Öskjureinin | Gígaröð er nær frá Dettifossi og út á Melrakasléttu, syðri hlutinn mun greinilegri, með gígum, gervigígum og misgengjum í fjölbreyttu landslagi. | Svæði sem er sérstaklega verðmæt á landsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Öskjureininni skal ekki raska og þar er öll mannvirkjagerð óheimil. | 3245,8 |
| HV18 | Jökulsárgljúfur austan ár, ofan þjóðvegar | 200 m svæði austan ár, hluti af landslagsheild Jökulsárgljúfra. Á svæðinu eru ummerki hamfarahlaupa, eldgígar, gljúfur, fjölbreytt landslag og lífríki. Hluti svæðisins er friðlýstur sem náttúruvætti þ.e. frá Hafragilsfossi og | 200 m breitt belti austan ár. Svæði sem er verðmætt á heimsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Mannvirkjagerð verði haldið utan þessara svæða, þ.m.t. nýir slóðar. Skógrækt og efnistaka er óheimil, svo og gróðursetning innfluttra tegunda. Merking leiða er heimil að því tilskyldu að það skaði ekki náttúru, landslag og minjar.<br>Bílastæði og stígagerð er óheimil nema unnt sé að sýna fram á að framkvæmdir muni skaða náttúru og landslag óverulega. | 929,6 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | nokkuð suður fyrir Selfoss. Forvöð og Hallhöfðaskógur eru innan svæðisins. | Húsbyggingar eru ekki leyfðar nema aðstaða til snyrtinga eða náttúrskoðunar (<20 $m^2$). Göngustígagerð er heimil. Sellátrin í Bakkahlaupi skulu vernduð. | |
| HV19 | Brotabelti Gjástykkis | Sprungusveimar og misgengi sem nær frá Gjástykki og norður á aura Jökulsár á Fjöllum. Mikið af sprungum myndað í Kröflueldum 1975-1984. Verðmætt svæði á heimsvísu. | Svæði sem er verðmætt á heimsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Mannvirkjagerð verði haldið utan þessara svæða, þ.m.t. nýir slóðar. Skógrækt og efnistaka er óheimil, svo og gróðursetning innfluttra tegunda. Merking leiða er heimil að því tilskyldu að það skaði ekki náttúru, landslag og minjar.<br>Bílastæði og stígagerð er óheimil nema unnt sé að sýna fram á að framkvæmdir muni skaða náttúru og landslag óverulega. | 1462,3 |
| HV20 | Kröflueldahraun | Nyrsti hluti kolsvarts, nær gróðurlauss hrauns frá Kröflueldum 1975-1984. | Svæði sem er sérstaklega verðmætt á landsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Leitast skal við að leyfa gróðri að hafa náttúrulega framvindu.<br>Kröflueldahrauni skal ekki raska og þar er öll mannvirkjagerð óheimil. | 843,6 |
| HV22 | Botnsvatn | Útivistarsvæði. | Skylt er að varðveita núverandi gróður og þá sérstaklega núverandi lyng- og berjaland við vatnið. Óheimilt er að gróðursetja í hlíðinni norðaustan vatnsins. Heimilt er að gróðursetja tré suðvestan og vestan vatnsins samkvæmt þegar gerðu skipulagi.<br>Lagfæra skal göngustíga umhverfis vatnið og víðar eftir þörfum og lagfæra skal bílastæði norðan vatnsins og við Brennunes. Gæta skal þess að stígar og bílastæði falli vel að landi. Koma má upp áningarstöðum við stíga og víðar sé þörf á því. Á sumrin skulu settir upp kamrar til bráðabirgða við helstu áningarstaði, en óheimilt er að reisa varanleg mannvirki á svæðinu. Komið skal í veg fyrir alla mengun vatnsins, ekki síst vegna tengsla neðanjarðar milli Botnsvatns og Vatnsbóls Húsavíkur. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu frá Þeistareykjavegi að Botnsvatni, sem tengist inn á núverandi veg sunnan vatnsins. | 305,2 |
| HV26 | Rif | Búsvæði fugla, vötn og lífríki ásamt líffræðilegri fjölbreytni. | Svæði sem er verðmætt á heimsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni. Markmiðið hverfisverndar er að viðhalda og vernda til framtíðar þetta alþjóðlega mikilvæga búsvæði fugla og líffræðilega fjölbreytni þess, þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og verða vettvangur fyrir náttúrurannsóknir á vistfræði, fuglum og fleiri umhverfisbreytum.<br>Uppbygging á rannsóknaraðstöðu er heimil þar sem möguleki væri á tímabundinni dvöl sérfræðinga í rannsóknarskyni. Ekki er gert ráð fyrir heilsársdvöl eða daglegri starfsemi. Aðstöðuna skal staðsetja og útfæra með sérstöku tilliti til einkenna landslagsins og þannig að hún skaði ekki náttúru- og menningarminjar. Bílastæði og stígagerð er óheimil nema unnt sé að sýna fram á að framkvæmdir muni skaða náttúru og landslag óverulega. Annarri mannvirkjagerð verði haldið utan svæðisins, þ.m.t. nýir slóðar, skógrækt eða | 6634,2 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | | efnistaka sem er óheimil innan svæðisins, utan þegar skilgreindra efnistökusvæða. Viðhald og lagfæringar á þeim vegum og vegslóðum sem fyrir eru á svæðinu er heimil. Uppgræðsla til að endurheimta eða styðja við náttúrulegt gróðurfar er heimil en gróðursetning innfluttra tegunda er óheimil. Merking leiða er heimil að því tilskyldu að það skaði ekki náttúru, landslag og minjar. Áfram er gert ráð fyrir hefðbundnum veiðinytjum í Rifsæðarvötnum (Rifshæðarvötnum). Engin uppbygging er áformuð tengd gamla íbúðarhúsinu eða útihúsum þar við, þar sem þessi mannvirki eru á svæði sem erfitt aðgengi er að. | |
| HV401 | Bakkafjara og Bakkahöfði | Sérstakar klettamyndanir, lífríkar fjörur og sker. | Svæði sem er verðmætt á svæðisvísu og skal njóta verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er og náttúrulegri framvindu leyft að ráða en heimilt er að rækta til að stöðva uppblástur. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt og efnistöku á þessu svæði.<br>Gæta skal sérstaklega að svæði í Bakkafjöru undan Bakkahöfða sem er mikilvægt fyrir fuglalíf. Strandsvæðinu frá höfðanum til beggja átta skal haldið í náttúrulegu ástandi, fjörur, grunnsævi og sker, klettar og nafir. Þar sem þörf er á að leggja lagnir frá starfsemi í landi út í sjó skal raska fjörusvæðinu eins lítið og frekast er unnt. | 37,5 |
| HV402 | Kaldbakstjarnir | Útivistarsvæði. | Varðveita skal núverandi tjarnir og votlendi og endurheimta votlendi eftir því sem unnt er. Heimilt er að búa til tjarnir á svæðinu sé það talið til bóta fyrir lífríki.<br>Tilgangur með hverfisvernd á svæðinu er að varðveita votlendi sem er mikilvægt vistkerfi fugla, og samtímis gefa kost á fjölbreyttri notkun svæðisins til útivistar og fræðslu, sér í lagi í fugla- og náttúruskoðun. Veiðar fugla og eggjataka á svæðinu eru óheimil Gróðursetning trjágróðurs er heimil á svæðinu.<br>Vegur liggur vestan og sunnan tjarnanna. Útbúa skal göngustíga á tjarnarsvæðinu og gera bílastæði við veginn. Gæta skal þess að stígar og bílastæði falli vel að landi.<br>Koma má upp áningarstöðum við stíga og reisa minni mannvirki s.s. þjónustuhús, fuglaskoðunarskýli o.þ.h. Byggingarmagn á svæðinu skal að hámarki vera um 100 $m^2$. Við hönnun mannvirkja skal taka mið af landslagi og umhverfi.<br>Ekki er gert ráð fyrir bátaumferð um tjarnirnar nema til hreinsunar á svæðinu eða vísindarannsókna. | 70,7 |
| HV403 | Ásgarðsvegur | Heildstæð gömul byggð meðfram Búðará. | Heildarsvipur byggðar við Ásgarðsveg verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa taki mið af upprunalegri mynd. Húsakönnun verði gerð fyrir byggðina og ákvörðun um vernd einstakra húsa og frekari hverfisverndarákvæði tekin í framhaldi af því. | 1,8 |
| HV404 | Höfðavegur | Íbúðarhús á bakkanum norðan Húsavíkurhafnar (Beinabakki) sem | Heildarsvipur byggðar við Höfðaveg verði varðveittur, nýbyggingar taki mið af stíl, stærð og byggingarefnum byggðarinnar og stuðlað verði að því að viðhald og endurnýjun húsa | 0,5 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| | | eru með þeim elstu á Húsavík. Þau mynda samfellda götumynd við Höfðaveg 3-19 og setja sérstakan svip á bæinn séð frá hafnarsvæðinu. Aðallega er um að ræða lítil stök einbýlishús (nr. 9-19) byggð 1925–1929. | taki mið af upprunalegri mynd. Húsakönnun verði gerð fyrir byggðina og ákvörðun um vernd einstakra húsa og frekari hverfisverndarákvæði tekin í framhaldi af því. | |
| HV501 | Klifatjörn | Svæði sem tekur til Klifatjarnar og svæðis í kring um hana. | Vinna skal ramma- eða deiliskipulag um verndun og nýtingu svæðisins áður en það verður nýtt frekar, t.d. til skógræktar og/eða golfiðkunar. Tryggja skal aðgengi almennings að tjörninni.<br>Nýbyggingar á svæðinu eru óheimilar. | 23,8 |
| HV502 | Kotatjörn | Svæði sem tekur til Kotatjarnar og votlendissvæðis. | Uppbygging á svæðinu er óheimil.<br>Setja skal reglur um umferð á svæðinu á varptíma og setja upp skilti þar sem þær koma fram. Tryggja skal aðgengi almennings að tjörninni á öðrum tímum. | 12,4 |
| HV503 | Röndin við Kópasker | Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins. | Svæði sem er sérstaklega verðmæt á landsvísu og nýtur verndar þannig að vistfræðilegt, jarðsögulegt, menningarlegt og sjónrænt gildi þess skaðist ekki og að áfram sé hægt að upplifa fegurð þess og fjölbreytni.<br>Svæðinu verði haldið eins óröskuðu og unnt er. Mikilvægar jarðsöguminjar sem þarf að varðveita. | 3,1 |
| HV601 | Höfðinn | Höfðinn gengur út í sjó norðan við byggðina og setur mikinn svip á landslag og útsýni. Kirkjugarður og viti eru innan svæðisins. | Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar. Gert er ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðinu sem samrýmist nýtingu þess, þ.e. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum. Önnur mannvirkjagerð og röskun náttúru á landi er ekki heimil.<br>Hverfisvernd nær einnig yfir strandsvæðið undan höfðanum, víkur, torfur og sand. Mannvirkjagerð og röskun náttúru er ekki heimil, nema sem tengist aðstöðu til útiveru og náttúruskoðunar, auk þess sem heimild er fyrir grjótvörn til að verjast landbroti við veginn þar sem hann liggur um Krók norðan við kirkjugarðinn.<br>Akstur vélknúinna ökutækja utan Höfðabrautar er óheimill. | 76,4 |
| HV602 | Kottjörn | Svæði sem tekur til Kottjarnar og votlendis í kringum hana. Tjörnin er staðsett í miðju þéttbýlinu og setur mikinn svip á umhverfið. Svæðið er töluvert nýtt til útivistar og þar er mikið fuglalíf. Eitt íbúðarhús er á svæðinu. | Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar. Gert er ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðinu sem samrýmist nýtingu þess, þ.e. stígum, skiltum, og áningarstöðum. Önnur mannvirkjagerð og röskun náttúru er ekki heimil.<br>Óheimilt er að byggja nýtt íbúðarhús í stað þess sem stendur á svæðinu. | 8,2 |

## 8.4 Minjavernd MV

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Á skipulagsuppdrætti eru tilgreindar friðlýstar fornleifar, friðlýst hús og minjaverndarsvæði skv. fyrirliggjandi upplýsingum við gildistöku skipulagsins. Um aðrar menningarminjar er fjallað í deiliskipulagi og í gögnum tengdum leyfisveitingum til framkvæmda.

Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og mannvirkja og eftir atvikum viðhaldi þeirra, í samráði við Minjastofnun.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNARSTÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| MV201 | Núpur | Fornminjar. | Um svæðið gilda ákvæði laga um menningarminjar. | 0,1 |
| MV202 | Arnarstaðir | Fornminjar. | Um svæðið gilda ákvæði laga um menningarminjar. | 0,1 |
| MV203 | Harðbakur | Fornminjar. | Um svæðið gilda ákvæði laga um menningarminjar. | 0,1 |
| MV204 | Valþjófsstaðir | Fornminjar. | Um svæðið gilda ákvæði laga um menningarminjar. | 0,1 |
| MV205 | Garðskirkja | Kirkja. | Friðlýst bygging. Um það gilda ákvæði friðlýsingarskilmála. | 0,1 |
| MV206 | Húsavíkurkirkja | Kirkja. | Friðlýst bygging. Um það gilda ákvæði friðlýsingarskilmála. | 0,1 |
| MV207 | Skinnastaðarkirkja | Kirkja. | Friðlýst bygging. Um það gilda ákvæði friðlýsingarskilmála. | 0,1 |

## 8.5 Náttúruvá NV

Einungis hluti hættusvæða er sýndur á skipulagsuppdráttum. Til dæmis má víða finna sprungusveima í Kelduhverfi og Öxarfirði.

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri). Þá getur hætta stafað af sprunguhreyfingum.

Huga skal að hættusvæðum við staðsetningu nýrrar byggðar/mannvirkja.

Taka skal tillit til flóða við hönnun og grundun mannvirkja innan þekktra flóðasvæða. Huga skal vel að undirlagi mannvirkja. Leita skal umsagnar Vegagerðarinnar um deiliskipulag mannvirkja á lágsvæðum. Ekki er heimilt að byggja yfir þekktar sprungur eða misgengi. Komi í ljós sprunga í byggingarreit við nánari skoðun skal byggingarreitur færður til svo byggingin nái ekki yfir sprunguna.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| NV1 | Jökulsá á Fjöllum, flóðasvæði | Flóðasvæði | Svæði þar sem tjónmættisgildi líkansreiknaðs jökulshlaups skv. sviðsmynd 4, hámarksrennsli 100.000 $m^3/s$ er geysimikið | 32.408,9 |
| NV401 | Sprungubelti norðan Húsavíkur | Sprungusvæði. | Virk jarðskjálftasprunga innan þéttbýlis á Húsavík og takmarkar sprungusvæðið mannvirkjagerð á svæðinu. Svæði meðfram sprungum í norðurjaðri þéttbýlisins (2x50 m) er skilgreint sem svæði undir náttúruvá. Ekki er heimilt að reisa varanlegar byggingar innan þess. | 125,2 |

## 8.6 Varúðarsvæði VA

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

### Sérskilmálar

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| VA1 | Hnotasteinn | Varúðarsvæði | Innan reitsins er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu. Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati. | 3.335,0 |
| VA2 | Reyðarárgarður | Varúðarsvæði | Innan reitsins er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu. Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki háðar umhverfismati. | 784,2 |

## 8.7 Vatnsból VB og vatnsvernd VG og VF

### Almennir skilmálar

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

Um vatnsból og vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerða. Brunnsvæði skulu vera girt af og friðuð fyrir óviðkomandi umferð. Grannsvæði og Fjarsvæði falla undir takmarkanir á landnotkun.

Heimilt er að vera með hús fyrir nýtingu vatnsveitu, ásamt lögnum og vegum, þar sem þeirra kann að vera þörf. Stærð bygginga getur verið allt að 20 $m^2$.

Stofnkerfi vatnsveitu er sýnt á skipulagsuppdrætti en lega er ekki bindandi og nýlagnir og breytingar eru heimilaðar ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

Skv. reglugerð um neysluvatn skal brunnsvæði vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli. Tryggt sé nægilegt magn af heilnæmu og góðu neysluvatni fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.

**Verndarákvæði brunnsvæða** skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 eru þessi: Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

**Verndarákvæði grannsvæða**, skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, eru þessi: Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

**Verndarákvæði fjarsvæða** eru þessi skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999: Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

## Sérskilmálar vatnsból

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| VB1 | Uppsprettugil, vatnsból Húsavíkur | Brunnsvæði vatnsbóls Húsavíkur er í Uppsprettugili um 500 m vestan við Botnsvatni. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 2,1 |
| VB2 | Brunnsvæði vatnsbóls Kópaskers | Vatnsból Kópaskers er við Katastaðafjall, í upptakalindum Klapparóss. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 11,9 |
| VB3 | Þorvaldsstaðaá | | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 16,9 |
| VB4 | Bakkárlindir | | Útvíkkað vatnstökusvæði sem hefur þjónað skotfélagi Húsavíkur með skilgreindu brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 7,4 |
| VB201 | Reyðarárlindir | Vatnstökusvæði. | Vatnstökusvæði fyrir starfsemi á iðnaðarsvæði á Bakka. | 0,8 |
| VB202 | Skarðaháls | | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 1 |
| VB203 | Brunnsvæði vatnsbóls Raufarhafnar | Vatnsból Raufarhafnar er í Síkistjörn í landi Hóls, sunnan Raufarhafnarflugvallar. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 0,5 |
| VB204 | Skarðaborg | Vatnsból sem veitir vatni til hverfisins í Hrísateigi. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 0,2 |
| VB205 | Auðbjargarstaða-brekka | Vatnsból vesturhluta Kelduhverfis, nefnd Bjarnarbuna. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 1,1 |
| VB206 | Áshöfði | Vatnsból austasta hluta Kelduhverfis, þ.m.t. Ás og Ásbyrgis. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. Ekki liggur fyrir afmörkun grann- og fjarsvæðis. | 0,8 |
| VB207 | Smjörhólsveita | | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 0,5 |
| VB208 | Hljóðaklettar | | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 0,8 |
| VB209 | Reyðarárlindir | Vatnstökusvæði iðnaðarvatns. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 0,1 |
| VB210 | Reyðarárlindir | Vatnstökusvæði iðnaðarvatns. | Vatnsból. Sjá ákvæði reglugerðar. | 0,1 |

## Sérskilmálar grannsvæði

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| VG1 | Grannsvæði vatnsbóla við Húsavík | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 3304,6 |
| VG2 | Grannsvæði vatnsbóls Kópaskers | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 164,9 |
| VG3 | Grannsvæði vatnsbóls Raufarhafnar | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 707,2 |
| VG4 | Reyðarárbotnar | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 51 |

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| VG5 | Auðbjargarstaðabrekka | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 827,7 |
| VG6 | Áshöfði | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 409,8 |
| VG7 | Smjörhólsveita | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 1119,4 |
| VG8 | Hljóðaklettar | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 303,4 |
| VG9 | Skarðaborg | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 100,6 |
| VG10 | Skógar | Grannsvæði. | Grannsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 78,5 |

### Sérskilmálar fjarsvæði

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| VF1 | Fjarsvæði vatnsbóls Húsavíkur | Sameiginlegt svæði fyrir vatnsból Húsavíkur og Bakka. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 4831,7 |
| VF2 | Fjarsvæði vatnsbóls Kópaskers | Fjarsvæði. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 1767,6 |
| VF3 | Fjarsvæði vatnsbóls Raufarhafnar | Fjarsvæði. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 1124,3 |
| VF4 | Reykjahverfi | Fjarsvæði. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 13928,4 |
| VF5 | Auðbjargarstaðabrekka | Fjarsvæði. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 800 |
| VF6 | Áshöfði | Fjarsvæði. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 8165,3 |
| VF7 | Smjörhólsveita | Fjarsvæði. | Fjarsvæði vatnsbóls. Sjá ákvæði reglugerðar. | 18971,4 |

## 8.8 Vatnsvernd á strandsvæðum við ár, vötn og sjó VS

### Almennir skilmálar

Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.

**Sérskilmálar**

| MERKING | HEITI | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNAR-STÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|
| VS1 | Verndarsvæði vegna verndunar Mývatns og Laxár | Friðlýst svæði með lögum um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004. Í lögum nr. 97/2004 kemur eftirfarandi fram um meginverndarmarkmið svæðisins og hvernig þau setja skorður við landnotkun og framkvæmdir.<br>Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.<br>Ráðherra setur í reglugerð, að fenginni umsögn [Náttúruverndarstofnunar] og viðkomandi sveitarstjórna, nánari ákvæði um varnir gegn hvers konar mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár, þar á meðal á grunnvatnskerfi. Skal þar m.a. kveðið á um kröfur til mengunarvarna atvinnufyrirtækja á svæðinu. | 15.643,5 |

## 8.9 Önnur náttúruvernd ÖN

Önnur náttúruvernd er ekki ákveðin í aðalskipulagi og upplýsingar geta breyst á gildistíma aðalskipulagsins án þess að aðalskipulag sé uppfært.

**Almennir skilmálar**

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

**Sérskilmálar**

| MERKING | HEITI | LÝSING | SÉRTÆK SKIPULAGSÁKVÆÐI | VIÐMIÐUNARSTÆRÐ (HA) |
|---|---|---|---|---|
| ÖN1 | Gjástykki | Friðlýst fyrir orkuvinnslu með auglýsingu árið 2020. | Um svæðið gilda friðlýsingarákvæði sbr. auglýsingu, lög, reglugerð og stjórnunar- og verndaráætlun eftir því sem við á. | 1.876,2 |

# 9 NIÐURSTAÐA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM

## 9.1 Forsendur

Norðurþing ákvað að endurskoða aðalskipulag þar sem gildistími þess var langt genginn og ýmsar breytingar hafa orðið á forsendum og nýjar áskoranir komið fram. Nýtt aðalskipulag hefur gildistímann 2025-2045.

Í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins var farið yfir stefnu í öllum landnotkunarflokkum með vinnuhópi sveitarfélagsins. Endurskoðuð stefna er sett fram í greinargerð og á skipulagsuppdrætti en mat á umhverfisáhrifum stefnunnar er sett fram í umhverfismatsskýrslu sem fylgir skipulaginu. Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif af helstu breytingum sem gerðar eru frá gildandi skipulagi og þar sem líkleg umhverfisáhrif eru metin neikvæð eru settar fram mótvægisaðgerðir og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru nokkrar breytingar á efnistökum og framsetningu til samræmis við nýja lagaumgjörð og reglugerð. Um það leyti sem eldra skipulag tók gildi voru samþykkt ný skipulagslög nr.123/2010 og í kjölfarið gefin út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. Einnig eru komin ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Aðlögun stefnunnar að nýjum lögum og reglugerðum kallar á óverulega breytingu á stefnu og eru því ekki til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu. Dæmi um slíka breytingu er að tjaldsvæði voru áður opin svæði en eru nú afþreyingar- og ferðamannasvæði.

## 9.2 Nálgun og tengsl við aðrar áætlanir

Skilgreindir eru fjórir flokkar umhverfisþátta sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af breytingu á stefnu aðalskipulagsins, eða framkvæmdum sem stefnan heimilar. Í greinargerð er umfjöllun um gott samfélag, kröftugt atvinnulíf, góð grunnkerfi og umhverfi. Áhrif á þá eru metin út frá viðmiðum sem meðal annars eru sótt í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, viðmið sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiðum í annarri opinberri stefnu, lögum, reglugerðum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Almennt er stefna aðalskipulagsins í samræmi við þær stefnur, áætlanir, lög og reglugerðir sem taka þarf tillit til. Þó er ljóst að stefna um vindorkugarða gengur á svæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd og ekki er fjallað um vindorkukostina í rammaáætlun.

## 9.3 Niðurstaða matsvinnu

Metin eru heildaráhrif af stefnu aðalskipulagsins m.t.t. markmiða í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 (tafla 2). Sveitarfélagið metur að áhrif af stefnu aðalskipulagsins séu í heildina jákvæð og til þess fallin að styðja við framtíðarsýn stefnunnar sem er „**Gott samfélag**“.

Í töflu 3 er samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu sem var tekin til mats. Í töflunni sýnir grænn litur jákvæð áhrif, rauður neikvæð áhrif, hvítur óveruleg áhrif og blár óviss áhrif.

**TAFLA 2**. Mat á heildaráhrifum stefnu aðalskipulagsins á umhverfisþætti.

| MARKMIÐ LANDSSKIPULAGSSTEFNU | ÁHRIF | STEFNA Í AÐALSKIPULAGI |
|---|---|---|
| **Vernd umhverfis og náttúru** | | |
| Heilnæmi umhverfis, verndun víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Áhersla á kolefnishlutleysi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. | + | Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti. M.a. stefna um græn svæði, útivist, endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við hringrásarhagkerfið. Áhersla er á að við skipulag landnýtingar sé tekið tillit til landslags, að viðhalda víðernum og líffræðilegri fjölbreytni, nýting auðlinda sé sjálfbær. Stefna er sett um orkuskipti í samgöngum og bindingu kolefnis. |
| **Velsæld samfélags** | | |
| Almenn velsæld í samfélagi og gæði í byggðu umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Áhersla á loftslagsaðlögun og seiglu samfélaga gagnvart loftslagsbreytingum. | + | Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti. M.a. stefna um fjölbreyttar stærðir og gerðir íbúða fyrir alla, græn svæði og útivist. Áhersla er á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að auka bindingu, orkuskipti í samgöngum, fjölbreytta ferðamáta og rafhleðslustöðvar. |
| **Samkeppnishæft atvinnulíf** | | |
| Samkeppnishæfni samfélags, efling atvinnulífs, hagkvæm uppbygging innviða, sjálfbær nýting auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Áhersla á kolefnishlutleysi með meiri bindingu gróðurhúsalofttegunda. | + | Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti. M.a. stefna um nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu, fjölbreytt og öflugt atvinnulíf, öfluga innviði sem anni þörf og að nýting auðlinda sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Stuðlað er að verndun votlendis til áframhaldandi bindingar kolefnis ásamt stefnu um skógrækt sem einnig stuðlar að bindingu. |

**TAFLA 3**. Samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu aðalskipulags sem var tekin til mats.

| UMHVERFIS-ÞÁTTUR | Sam–félag | Heilsa, vellíðan öryggi | Gróður, dýralíf | Vatn, sjór, strönd | Vernd | Menningar-minjar | Land, landslag | Loftslag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skógrækt á landbúnaðar-svæðum** | | | | | | | | |
| **Stefna um skógrækt** | | | | | | | | |
| **Hnotasteinn** | | | | | | | | |
| **Reyðarárgarður** | | | | | | | | |
| **Stakar vindmyllur** | | | | | | | | |
| **Iðnaðarsvæði á Bakka** | | | | | | | | |
| **Hafnarmann-virki á Húsavík** | | | | | | | | |
| **Jarðhiti á Austursandi** | | | | | | | | |
| **Íbúðabyggð í þéttbýli** | | | | | | | | |
| **Byggð í dreifbýli** | | | | | | | | |
| **Vatnsvernd** | | | | | | | | |
| **Stækkun hverfisverndar** | | | | | | | | |
| **Smjörhólsá** | | | | | | | | |
| **Hitveitulögn til Bakka** | | | | | | | | |

Þó heildaráhrif af stefnu aðalskipulagsins séu metin jákvæð þá eru áhrifin engu að síður líka neikvæð.

Stefnan gerir ráð fyrir að forðast skuli rask á votlendi og öðrum gróðri og að stuðlað skuli að endurheimt votlendis og skógrækt til að binda kolefni. Ef þessari stefnu er fylgt eftir er dregið úr eða komið í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif á loftslag.

Áhrif af stefnu um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og skógrækt geta orðið neikvæð ef gott landbúnaðarland er tekið undir skógrækt (undir 50 ha að stærð) og eins getur skógur byrgt útsýni. Til að sporna gegn þessu þá heimilar stefnan ekki að besta ræktunarlandið sé tekið undir skógrækt og skilmálar eru um að skógrækt byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra áhugaverðra náttúrufyrirbæra.

Stefna um vindorkuver hefur neikvæð áhrif á náttúrufar, verndargildi svæða og ásýnd svæða. Sama gildir um áhrif af stökum vindmyllum og heitavatnslögn en í minni skala. Til að draga úr áhrifum er sett stefna um að gæta skuli að náttúruvernd við orkunýtingu og lágmarka umhverfisáhrif. Mannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun og leitast verði við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.

Breyting á stefnu um iðnaðarsvæði á Bakka er jákvæð fyrir umhverfið. Stefnan gerir ráð fyrir starfsemi sem byggir á hringrásarhugsun og breytt afmörkun iðnaðarsvæðisins hefur jákvæð áhrif á fuglasvæði og votlendi.

Áhrif af nauðsynlegum endurbótum á hafnarsvæði á Húsavík eru metin jákvæð og til þess fallin að bæta aðstöðu við löndun og útskipun ásamt öryggi þeirra sem þar starfa.

Það er talið nauðsynlegt að gera endurbætur á höfninni á Húsavík til að minnka sog og öldugang. Stangarbakkagarður er talinn besti kosturinn af þeim sem skoðaðir hafa verið. Því er sveitarfélagið hlynnt framkvæmdinni og telur hana hafa jákvæð áhrif. Neikvæð áhrif verða þó vegna aksturs með efni og notkunar vinnuvéla, en í aðalskipulaginu er sett fram ýmis konar stefna til að minnka loftslagsáhrif og binda kolefni.

Neikvæð áhrif af nýtingu jarðhita á Austursandi verða á landbúnaðarsvæði því að hluta til er um að ræða gott ræktunarland. Sveitarfélagið vill stuðla að nýtingu jarðhitans og atvinnustarfsemi sem nýtir hann.

Stefnan gerir ráð fyrir talsvert stærri svæðum fyrir íbúðarbyggð en þörf verður fyrir á skipulagstímanum. Ný íbúðarbyggð syðst á Húsavík dreifir úr byggðinni og eykur ferðaþörf til að sækja skóla og aðra þjónustu. Sett er stefna um forgangsröðun á uppbyggingu íbúðarbyggðar þar sem nýtt íbúðarsvæði syðst á Húsavík er aftast í röðinni.

Byggð á landbúnaðarsvæðum. Til að koma í veg fyrir að uppbygging geti haft áhrif á gott landbúnaðarland er sett stefna um að ekki sé byggt á besta ræktunarlandinu. Gróður verður fyrir raski við mannvirkjagerð og eru settir skilmálar um að taka skuli tillit til vistgerða sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd til að minnka áhrifin. Mannvirki breyta ásýnd svæða og er stefna um að byggingar í dreifbýli séu þannig staðsettar að landslag haldist sem upprunalegast. Áhrif á loftslag eru neikvæð en ætla má að fjarvinna minnki ferðaþörf og að farartækjum sem nýta umhverfisvæna orkugjafa fjölgi smám saman sem dregur úr þeim áhrifum þannig að þau verði óveruleg.

Vatnsvernd. Til að tryggja gæði neysluvatns hafa vatnsverndarsvæði verið endurskoðuð á grunni nýjustu upplýsinga sem er jákvætt. Gæta þarf að áhrifum á vatnsverndarsvæði við framkvæmdir.

Hverfisvernd. Áhrif af stækkun hverfisverndar eru metin jákvæð og til þess fallin að vernda lífríki, landslag og koma í veg fyrir röskun á svæðunum.

Virkjun í Smörhólsá framleiðir umhverfisvæna raforku en hefur þó líka neikvæð áhrif vegna rasks á gróðri, raski á hrauni og að fossar þorna upp en þeir njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

# 10 BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU

**Greinargerð**

- Breyting á skilmálum fyrir ÍÞ403 Lækjargil þannig að ekki er lengur gert ráð fyrir að aðstaða hestamanna og fjáreigenda færist í Saltvík.
- VÞ405 golfsvæði við Húsavík stækkað lítillega og bætt við skilmála heimild um uppbyggingu mannvirkja sem þjóna rekstri golfvallarins.
- Uppfærðir skilmálar fyrir VÞ3 ferðaþjónustu á Þverá í samræmi við ósk landeiganda um hótel.
- Viðbætur við almenna skilmála um landbúnaðarsvæði vegna vals á nýju skógræktarsvæðum m.t.t. búsvæða fugla o.fl. Þá stefnir sveitarfélagið á að móta leiðbeiningar tengt leyfisveitingum vegna skógræktaráforma, þar á meðal um framkvæmdaheimildir, og er þess getið í aðalskipulagsgreinargerð.
- Viðmið fyrir Reyðarárvirkjun í sérskilmálum hækkuð úr 50 MW í 50-100 MW og hæð vindmylla í hæstu stöðu úr 150 m í 180 m.
- Leiðrétting á spennustigi loftlína og viðbót við almenna skilmála um að minni breytingar á rafveitu séu heimilar án breytinga á aðalskipulagi.
- Nöfnum á háspennulínum og jarðstrengjum breytt til samræmis við kortasjá Landnets.
- Opnað fyrir not fyrir hitaveitu í sérskilmálum fyrir I9 og I10.
- Viðbætur við sérskilmála um friðlýst svæði í samræmi við hver séu meginverndarmarkmið þeirra skv. lögum og hvernig þau setji skorður við landnotkun og framkvæmdir.
- Viðbætur við sérskilmála fyrir Hnotastein og Smjörhólsá til að gæta að vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Vísað í samkomulag um minjaskráningu sem nýverið var gert.
- Viðbót við stefnu um mannvirki á lágsvæðum um að taka eigi tillit til flóða við hönnun og grundun á flóðasvæðum og leita umsagnar Vegagerðarinnar við deiliskipulag á lágsvæðum. Viðbót vegna sjávarflóða.
- Í greinargerð er sagt frá því að vilji er til þess að vinna sérstakt heildarskipulag fyrir stígakerfi þéttbýlisstaðanna á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn á fyrri hluta gildistíma aðalskipulagsins. Bætt er við þetta að skipulagið nái einnig yfir reiðleiðir.

**Greinargerð og umhverfismatsskýrsla**

- Minni leiðréttingar; heiti stofnana og fyrirtækja, vísanir í reglugerðir og lög og stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni, reglur um veghelgunarsvæði, orðalag um náttúruvá o.fl.
- Bætt er við mat á stefnu um skógrækt á gróður og dýralíf að áhrif séu ekki bara metin jákvæð og óviss, heldur líka neikvæð.

**Uppdráttur**

- Opið svæði á Bakka norðan iðnaðarsvæðis fær sér afmörkun landnotkunarreits OP406 og skilmála sem vísa til sérstöðu svæðisins.
- Afmörkun Reyðarárgarðs I8 minnkuð vegna vatnsverndar en stækkuð til vesturs. Sama breyting á varúðarsvæði.
- Raflínur yfirfarnar og bætt inn Kópaskerslínu 1 jarðstreng, tengingu við sveitarfélagsmörk Þingeyjarsveitar, frá Þeistareykjum.
- Meginstígaleiðum frá Húsavík og suð austur við Botnsvatn bætt á uppdrátt.
- Minni lagfæringar á uppdrætti um bæjarnöfn, vegi og veitur á Raufarhöfn.
- Sveitarfélagamörk yfirfarin m.v. mörk IS50v og þekjur aðlagaðar að sveitarfélagamörkum, ef þess þurfti.

- Golfvöllur á Húsavík stækkaður lítillega og þéttbýlismörkum breytt.
- Minni lagfæringar á uppdrætti um bæjarnöfn, vegi og veitur á Raufarhöfn og sveitarfélagamörk yfirfarin miðað við nýjustu útgáfu IS50.
- Breyting á afmörkun golfvallar við Húsavík ÍÞ410 og breyting á þéttbýlismörkum.
- Nyrstu sprungunni norðan við Húsavík bætt við sprungusvæði /náttúruvá NV.

**11.05.2026.** Eftir yfirferð HMS fyrir staðfestingu skipulagsins var afmörkuð landnotkun V-Vötn fyrir tjarnir/vötn innan þéttbýlismarka Húsvíkur, Raufarhafnar og Kópaskers.

# 11 VIÐAUKI – TAKMARKANIR VEGNA VINDORKU

# Aðalskipulag Norðurþings 2025 - 2045

## Takmarkanir vegna vindorku







Skýringar

Skýringarmynd I

- Óbyggð víðerni
- Friðlýst svæði
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd grannsvæði
- Samfélag þettbýli mannvirki
- Samfélag vegir línur
- Landhalli yfir 30%
- Sveitarfélagsmörk

Skýringarmynd II

- Allar takmarkanir án jaðarsvæða
- Sveitarfélagsmörk

0 5 10 20 30 km

N

EFLA

Aðalskipulag Norðurþings 2025 - 2045
Takmarkanir vegna vindorku

| | | |
|---|---|---|
| Verk:102345<br>Rýnt: IS | Blaðstærð:<br>A3 | Unnið:<br>GAL |
| Mælikvarði:<br>1:600.000 | Dags:<br>28.11.2025 | Breytt dags: |